ÓSKAR ÓLAFSSON

*Eldar nautalund með villtum sveppum*

• matur

**ALLT** Í MIÐJU BLAÐSINS



FÖSTUDAGUR

*Skyggnst inn í fataskáp Ástu Kristjáns*

FYLGIR MEÐ FRÉTTABLAÐINU Í DAG



GUNNAR BJÖRN GUÐMUNDSSON

*Leikstýrir Áramóta-skaupinu í ár*

Mjög spennandi verkefni.

FÓLK 26




# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

17. júlí 2009 — 168. tölublað — 9. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


## FÖSTUDAGUR

### Kollywood kemur



Grétar Örvarsson leiðbeinir fleiri indverskum kvikmyndagerðarmönnum á Íslandi.

FÓLK 26

### Afmæli með skessunni



Herdís Egilsdóttir rithöfundur heldur upp á 75 ára afmæli í helli. Þar verða bakaðar lummur og tröllasöngur ómar.

TÍMAMÓT 16

### SÞ gegna lykilhlutverki

„Þrátt fyrir galla sína eru Sameinuðu þjóðirnar eina stofnunin sem allur heimurinn á aðild að,“ skrifar Joseph Stiglitz.

Í DAG 14



### Frækinn sigur KR-inga

KR vann 2-0 sigur á gríska liðinu Larissa í Evrópudeild UEFA á KR-vellinum í gær.

ÍÞRÓTTIR 21

## VEÐRIÐ Í DAG




**HÆGUR** Í dag verða yfirleitt hæg- ar austlægar áttir. Skýjað suðaustan og austan til og sums staðar lítilsháttar væta syðra, annars bjart með köflum. Hiti 8-15 stig, mildast til landsins vestra.

VEÐUR 4



**ÓLÍK VIÐBRÖGÐ** Alþingismenn sýndu ólík viðbrögð við þeirri staðreynd að Ísland myndi sækja um aðild að Evrópusambandinu. Allir flokkar klofnuðu í afstöðu sinni, fyrir utan Samfylkinguna. Ósk Íslands verður tekin fyrir á fundi ESB í desember og viðræður gætu hafist í febrúar á næsta ári. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Óskað eftir stuðningi Seðlabanka Evrópu

**Óskað verður eftir stuðningi í gjaldeyrismálum frá Seðlabanka Evrópu í haust. Alþingi samþykkti í gær að fara í aðildarviðræður við Evrópusambandið.**

**ALÞINGI** Gylfi Magnússon viðskiptaráðherra segir líklegt að gengið verði til viðræðna við Seðlabanka Evrópu í haust um stuðning í gjaldeyrismálum. Þær viðræður þurfi ekki að tengjast umsóknarferlinu að Evrópusambandinu beint, en geti farið fram samhliða þeim. Gylfi segir vel þess virði að sækjast nokkuð fast eftir stuðningnum.

Alþingi samþykkti í gær að óska eftir að ganga til aðildarviðræðna við Evrópusambandið. Óskað verður eftir viðræðum á utanríkisráðherrafundi Evrópusambandsins 27. júlí. Evrópusambandið tekur síðan afstöðu til þess í desember hvort viðræður hefjist, en það verður ekki fyrr en í fyrsta lagi í febrúar.

Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra sagði niðurstöðuna vera sögulega, en hún hefði ekki komið á óvart. „Ég var nokkuð viss um niðurstöðuna þegar ég gekk til atkvæðagreiðslunnar og hún var fráleitt jafn tvísýn og sumir langlífir fjölmiðlar hafa haldið fram af óskhyggju einni saman.“

Össur segir niðurstöðuna á þingi munu styrkja íslensku samninganefndina í viðræðum sínum. Atkvæðagreiðslan sýni að málið renni ekki eins og mjöður niður kverkar þjóðarinnar og Evrópusambandið verði að taka nærfærið tillit til þeirrar stöðu sem er á Íslandi.

Ekki er enn ljóst hvernig samninganefndin verður skipuð, en í þingsályktunartillögunni er skýrt kveðið á um ríkt samráð við hagsmunaaðila. Össur segir mikilvægt að sem breiðust fylking sé að baki viðræðunefndinni. „Því öflugra sem baklandið er, því meiri líkur eru á að heildarhagsmunir Íslands nái fram að ganga.“

Fréttablaðið hefur heimildir fyrir því að í stjórnarmyndunarviðræðum í vor hafi Össur boðið vinstri grænum að leiða Evrópuviðræðurnar. Það mál sé þó enn óafgreitt. Össur staðfesti það ekki.

33 þingmenn samþykktu tillöguna í gær, 28 greiddu atkvæði gegn henni, þar af fimm þingmenn vinstri grænna og tveir sátu hjá; þær Guðfríður Lilja Grétarsdóttir og Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir. Allir flokkar klofnuðu í afstöðu sinni fyrir utan Samfylkingu, en allir þingmenn hennar samþykktu tillöguna. **- kóp, bþa /** **sjá síður 6, 8 og 10**

Rólegt á mörkuðum:

## Óbreytt gengi

**VIÐSKIPTI** Lítið gerðist á mörkuðum í gær eftir að Alþingi samþykkti að senda inn aðildarumsókn til Evrópusambandsins að sögn Jóns Bjarka Bentssonar hagfræðings í greiningardeild Íslandsbanka. Hann segir að ef markaðir væru eðlilegir ætti aðildarumsókn að styrkja gengi krónunnar. Það hafi ekki gerst í gær. Hann segir að vegna óeðlilegs ástands á gjaldeyrismarkaði sé óljóst hvað muni gerast. **-bþa**










## SPURNING DAGSINS



*Selma, getið þið ekki fengið Ólíver Twist úr Með allt á hreinu líka?*

„Nei, þessi Ólíver verður að geta gert fleira en að tvista til að gleyma.“

Selma Björnsdóttir, leikstjóri Ólívers Twist í uppsetningu Þjóðleikhússins segist ánægð með að fá Dúdda (Eggert Þorleifsson) úr myndinni Með allt á hreinu til að leika Fagin en kveður enn mikla leit standa yfir að leikara í hlutverk Ólívers. Sæmundur Pálsson lék persónuna Ólíver Twist í myndinni Með allt á hreinu.

Tugir manna fylgdu rússnesku baráttukonunni Natalíu Estemirovu til grafar og Rússlandsforseti tjáir sig:

# Sannfærður um að morðingjarnir finnist

**RÚSSLAND, AP** Rússneska baráttukonan Natalía Estemirova var borin til grafar að múslimskum sið í Grosní, höfuðborg Téténíu, daginn eftir að hún var myrt.

Bæði Dmitrí Medvedev Rússlandsforseti og Ramzan Kadyrov, forseti Téténíu, sögðust í gær sannfærðir um að morðingjar Estemirovu myndu finnast og yrðu dregnir fyrir dóm.

Medvedev sagði hana hafa verið myrta vegna rannsókna hennar á mannránum, morðum og fleiri mannréttindabrotum í Téténíu, en vísaði því á bug að Kadyrov ætti þar einhvern hlut að máli.

Estemirova hafði árum saman unnið að því að rannsaka mannréttindabrot bæði rússneskra og téténskra stjórnvalda í hinu stríðshrjáða lýðveldi Téténíu og samstarfsfólk hennar sakar bæði Kadyrov og Vladimír Pútín forsætisráðherra um að tengjast láti hennar. Hún var myrt samdægurs og skýrsla var birt þar sem settar eru fram harðar ásakanir á hendur bæði rússneskum stjórnvöldum og stjórnvöldum í Téténíu.

Irene Khan, framkvæmdastjóri mannréttindasamtakanna Amnesty International, segir morðið vera afleiðingar refsileysis sem stjórnvöld láti viðgangast. Angela Merkel, kanslari Þýskalands, áréttaði við Medvedev í München í gær að mikilvægt væri að þeir seku næðust. **- gb**



**BARÁTTUKONA SYRGÐ** Um hundrað manns komu saman fyrir utan skrifstofur mannréttindasamtakanna Memorial í Moskvu. NORDICPHOTOS/AFP

Kísilverksmiðja í Helguvík:

## Framkvæmdir hefjast í lok árs

**VIÐSKIPTI** Stefnt er að því að hefja framkvæmdir við kísilverksmiðju í Helguvík í nóvember á þessu ári. Þetta segir Magnús Garðarsson sem er framkvæmdastjóri Tomahawk Development sem stendur fyrir byggingu verksmiðjunnar. Hann segir að samkvæmt áætlun muni hönnun verksmiðjunnar ljúka um miðjan ágúst og stefnt sé að því að bjóða verkefnið út í septemberbyrjun.

Magnús segir að hann hafi hitt erlenda aðila hérlendis í vikunni sem hafi komið til landsins til að skoða aðstæður. Að hans sögn leist þeim vel á en ekki er hægt að greina frá hvaða aðila um er að ræða að svo stöddu. **- bþa**

Verð 515 verslana skoðað:

## Verðmerkingum ábótavant

**NEYTENDUR Neytendastofa kannaði í mars og apríl síðastliðnum ástand verðmerkinga í 515 sérvöruverslunum á höfuðborgarsvæðinu. Í fréttatilkynningu frá Neytendastofu segir að verðmerkingum í sýningargluggum verslana á Laugaveginum hafi verið verulega ábótavant og hafi versnað frá síðustu könnun.**

**Jafnframt segir að verðmerkingar hafi yfirleitt verið í góðu lagi inni í verslununum. Verslanir í Kringlunni og Smáralind hafa bætt mikið verðmerkingar sínar frá síðustu könnun sem gerð var í október í fyrra.** **- bþa**

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Kveikt í við Valhöll

Lögregla var kölluð út að Valhöll, hvar höfuðstöðvar Sjálfstæðisflokksins eru, í gærkvöldi. Kveikt hafði verið í runna á nokkrum stöðum. Ekki þurfti að kalla til slökkvilið og tókst að ráða niðurlögum eldsins með öðrum ráðum.

# Telja sig hlunnfarna um milljarða í Noregi

**Lögbannskröfu fyrirtækis í eigu Samherja á hendur norska skipafyrirtækinu REM var hafnað. Viðskiptin eru hnoðuð saman af slægustu lögfræðingum Noregs, segir forstjóri Samherja. Bróðir eiganda REM stendur með Samherja.**

**VIÐSKIPTI** Lögbannskröfu Olympic og Kaldbaks, sem er í eigu Samherja, á hendur norska skipafyrirtækinu REM Offshore ASA var hafnað af norskum héraðsdómi á miðvikudag. Þegar er búið að kæra úrskurðinn.

Deilurnar snúast um að tveir stærstu eigendur REM hafa gert með sér samning um að skipta á milli sín fjórtán skipum félagsins og sjóði að verðmæti 16 milljarðar íslenskra króna án samþykkis allra hluthafa. Mikið hefur verið fjallað um málið í norskum fjölmiðlum.

„Viðskiptin eru án fordæma og hnoðuð saman af slægustu lögfræðingum Noregs og eru stórsvig milli helstu lagaákvæða um jafnræði hluthafa og minnihlutavernd,“ segir Þorsteinn Már Baldvinsson, forstjóri Samherja.

REM Offshore er þjónustufyrirtæki fyrir olíuborpalla víða um heim. Tveir stærstu eigendurnir eru Solstad og Åge Remøy, sem jafnframt er stofnandi og stjórnandi REM. Solstad á um 49 prósent af félaginu og ætlar að taka út helming eigna fyrirtækisins að verðmæti yfir 60 milljarðar og borga fyrir með hlutabréfaeign sinni. Åge eignast þá um 77 prósent í fyrirtækinu.

„Þannig fer Åge yfir 40, 50 og 67 prósenta mörkin án þess að gefa öðrum möguleika á að fá út sín hlutfallslegu verðmæti með yfirtökutilboði eins og venjan er með skráð félög,“ segir Þorsteinn.

Uppskiptin fengu ekki samþykki allra hluthafa á aðalfundi heldur einungis rúmlega tveggja þriðju hluta jafnvel þótt um sé að ræða að einn hluthafi taki út um helming eigna félagsins. Kaldbakur, sem á 6,4 prósent hlut í félaginu, gerði á sínum tíma yfirtökutilboð í REM ásamt Åge Remøy. Solstad vildi hins vegar ekki selja og sat áfram með rúmlega 40 prósent hlut.

„Við höfum stutt dyggilega við Åge og vörnuðum því á sínum tíma að keppinauturinn Solstad næði að taka yfir félagið,“ segir Þorsteinn en Kaldbakur fékk í byrjun ársins tilboð um að selja sinn hlut á um 1.000 íslenskar krónur á hlut.

„En við ákváðum að selja ekki af tillitssemi við Åge en hann taldi að Solstad stæði að baki því tilboði. Hins vegar kom á daginn að Åge hafði snúið sér við og samið um uppskipti á félaginu við Solstad. Það er alveg ljóst að Åge hefur svikið Kaldbak,“ segir Þorsteinn. Stig Remøy fer fyrir Olympic, hinum lögbannsbeiðandanum, sem á um 4,3 prósent í REM Offshore. „Stig stendur algjörlega með okkur, þrátt fyrir að þeir séu bræður. Olympic og Kaldbakur hafa náð góðu samstarfi um þetta verkefni,“ segir Þorsteinn.

vidirp@frettabladid.is



**NORSKUR OLÍUBORPALLUR** REM Offshore er norskt skipafyrirtæki sem sér um að þjónusta olíuborpalla. Tveir stærstu hluthafarnir ætluðu að skipta með sér fjórtán skipum félagsins og sjóði upp á 16 milljarða íslenskra króna. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP



**ÞORSTEINN MÁR BALDVINSSON**

Gríðarlegt tap hjá Sjóvá:

## Tapið 30 milljarðar á einu ári

**VIÐSKIPTI Sjóvá tapaði ríflega 30 milljörðum króna á síðasta ári, að því er fram kemur í fréttatilkynningu frá skilanefnd Glitnis. Fjárfestingar í fasteignatengdum verkefnum eru sagðar hafa reynst félaginu erfiðar, en sjálf vátryggingastarfsemin sé traust.**

**Heildareignir Sjóvár voru rúmir 97 milljarðar króna, en af þeim voru um 75 milljarðar bundnir í fjárfestingaverkefnum. Skuldirnar námu hins vegar 113 milljörðum króna, en aðeins 23,5 milljarðar af því voru tilkomnir vegna vátryggingastarfsemi. Tilkynnt var á dögunum að ríkissjóður hefði keypt 73 prósenta hlut í fyrirtækinu á 11,6 milljarða króna. Meðal verkefna Sjóvár má nefna byggingu lúxusíbúða í Macau, en á því töpuðust tæpir 5 milljarðar.** **- kóp**

Ákvörðun stýrivaxta:

## Hækkun stýrivaxta hugsanleg

**EFNAHAGSMÁL** Ákvörðun um að halda stýrivöxtum óbreyttum við síðasta vaxtaákvörðunardag var samhljóða meðal nefndarmanna peningastefnunefndar. Þetta kemur fram í greinargerð nefndarinnar sem birt var í gær. Í nefndinni var rætt hvort halda bæri stýrivöxtum óbreyttum eða hækka þá lítils háttar.

Í greinargerðinni segir að sumir nefndarmenn hafi talið þörf á nokkru peningalegu aðhaldi til að viðhalda verðgildi krónunnar. Þeir höfðu áhyggjur af því að aukin verðbólga kynni að grafa undan tiltrú manna á peningastefnunni og krónunni. Í greinargerð peningastefnunefndarinnar segir jafnframt að stýrivextir mættu ekki lækka of mikið meðan á hjöðnun verðbólgu stæði. **- bþa**




Umhverfisáhrif vegna fyrirhugaðra borana við Gjástykki eru talin óveruleg:

# Ekki virkjað nema annað bregðist

**NÁTTÚRA** Landsvirkjun hyggst bora þrjár rannsóknarborholur við Gjástykki í Þingeyjarsveit. Umhverfisáhrif vegna framkvæmdanna eru talin óveruleg, samkvæmt frummatsskýrslu Mannvits verkfræðistofu.

Umhverfisáhrif sem talin eru upp í skýrslunni eru helst þau að áhrif á nútímahraun, sem verndað er samkvæmt lögum, verða nokkuð neikvæð. Hins vegar er talið að skaðinn sé afturkræfur. Einnig er talið að sjónræn áhrif gufustróks vegna borananna verði nokkuð neikvæð. Áhrif á gróður og lífríki eru talin óveruleg.

Borunin er liður í samstarfi Landsvirkjunar og Þeistareykja ehf. um rannsóknir og könnun á virkjunarmöguleikum háhitasvæða á Norðausturlandi. Ekki verður virkjað í Gjástykki nema hin svæðin, Krafla, Þeistareykir og Bjarnarflag, gefi ekki nægjanlega orku fyrir starfsemi og atvinnuuppbyggingu á svæðinu.

Ef rannsóknarboranir leiða í ljós að borholur verði ekki nýttar sem vinnsluholur verður gengið frá svæðinu. Við frágang yrðu ummerki fjarlægð og svæðið fært í fyrra horf eins og mögulegt er, samkvæmt skýrslunni.

Skýrslan liggur nú til kynningar á skrifstofu Þingeyjarsveitar, í Þjóðarbókhlöðunni og hjá Skipulagsstofnun. Allir geta kynnt sér hana og lagt fram athugasemdir. Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast eigi síðar en 28. ágúst til Skipulagsstofnunar. **- vsp**



**ÞEISTAREYKIR** Ekki á að virkja í Gjástykki nema annað bregðist. Ef borholur verða ekki nýttar sem vinnsluholur verður gengið frá eins og að var komið. FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

# 0% vextir

VEIÐIHORNIÐ

## Við tökum stjórnina í okkar hendur og fellum vextina niður strax!

Við bjóðum viðskiptavinum okkar nú að skipta greiðslum í 4 til 6 mánuði vaxtalaust á greiðslukort.
3% lántökugjald og seðilgjald kortafyrirtækja bætist við greiðslu.



**Savage 16FXP3**
Ryðfrítt hlaup og plastskefti.
3-9 x 40 Simmons sjónauki. Ásettur og grófstilltur í verksmiðju.
Savage Accutrigger. Hlaupvíddir 223 REM, 243 WIN og 308 WIN.
**Verð 159.900 eða aðeins 27.450 á mánuði í 6 mánuði vaxtalaust.**



**Howa Varminter Supreme**
Howa 1500 Barrel Action.
Blámað þungt hlaup. Brúnt límtrésskefti.
**Verð 142.900 eða aðeins 24.531 á mánuði í 6 mánuði vaxtalaust**



**Ruger Hawkeye Sporter**
Matt ryðfrítt hlaup og brúnt límtrésskefti.
Tvímælalaust einn sá fallegasti.
Hlaupvíddir 223 REM, 243 WIN og 308 WIN.
**Verð 189.900 eða aðeins 32.600 á mánuði í 6 mánuði vaxtalaust.**



**Ruger Hawkeye Predator**
Matt ryðfrítt hlaup og grænt límtrésskefti.
Nýr riffill frá Ruger. Hlaupvídd 223 REM.
**Verð 199.900 eða aðeins 34.316 á mánuði í 6 mánuði vaxtalaust.**



**Savage 10GXP3**
Blámað hlaup og hnotuskefti.
3-9 x 40 Bushnell sjónauki.
Ásettur og grófstilltur í verksmiðju.
Savage Accutrigger.
Hlaupvíddir 223 REM, 243 WIN og 308 WIN.
**Verð 149.900 eða aðeins 25.733 á mánuði í 6 mánuði vaxtalaust.**



**Howa Axiom Predator**
Howa 1500 Barrel Action.
Frífljótandi blámað hlaup. Knoxx Axiom skefti. Nikko Stirling Nighteater sjónauki 3-10 x 40. Side Parallax, Duplex kross, Flip-up linsuhlífar. Leupold festingar.
Hlaupvíddir 223 REM, 243 WIN og 308 WIN.
**Verð 212.900 eða aðeins 36.548 á mánuði í 6 mánuði vaxtalaust.**



**Steyr Mannlicher Classic**
Glæsilegur Austurrískur riffill.
Blámað hlaup og valin hnota í skefti.
Hlaupvíddir 223 REM, 243 WIN 6,5x55 SE og 308 WIN.
**Verð 329.900 eða aðeins 56.633 á mánuði í 6 mánuði vaxtalaust.**



**Infac byssuskápur fyrir 7 byssur**
Mest keypti byssuskápurinn í Veiðihorninu í mörg ár.
Traustur og öruggur skápur sem rúmar 7 byssur.
Læsanlegt hólf fyrir skotfæri eða verðmæti.
**Verð 69.900 eða aðeins 11.999 á mánuði í 6 mánuði vaxtalaust.**



**Howa Axiom**
Howa 1500 Barrel Action.
Frífljótandi blámað hlaup.
Knoxx Axiom skefti. Nikko Stirling Nighteater sjónauki 3-10 x 40.
Side Parallax, Duplex kross, Flip-up linsuhlífar.
Leupold festingar.Hlaupvíddir 223 REM, 243 WIN og 308 WIN.
**Verð 194.900 eða aðeins 33.458 á mánuði í 6 mánuði vaxtalaust.**



**Howa Varminter Supreme Stainless.**
Howa 1500 Barrel Action. Ryðfrítt þungt hlaup.
Pepper grátt límtrésskefti.
Hlaupvíddir 223 REM, 243 WIN og 308 WIN.
**Verð 164.900 eða aðeins 28.307 á mánuði í 6 mánuði vaxtalaust**



**Steyr Mannlicher ProHunter**
Glæsilegur Austurrískur riffill.
Blámað hlaup og vandað plastskefti.
Hlaupvíddir 223 REM, 243 WIN, 6,5x55 SE og 308 WIN.
**Verð 269.900 eða aðeins 46.333 á mánuði í 6 mánuði vaxtalaust.**



**Infac byssuskápur fyrir 14 byssur.**
Ótrúlega stór að innan miðað við hvað hann er lítill að utan. Nettur skápur sem rúmar 14 byssur. Læsanlegt innra hólf.
**Verð 79.900 eða aðeins 13.716 á mánuði í 6 mánuði vaxtalaust.**

VEIÐIHORNIÐ



**Infac byssuskápur fyrir allt að 12 byssur**
Stór og mikill skápur sem rúmar allt vopnasafnið.
Traustur og öruggur skápur með læsanlegu innra hólfi. Hægt er að breyta innréttingu skápsins með hillum sem fylgja.
**Verð 97,900 eða aðeins 16.806 á mánuði í 6 mánuði vaxtalaust.**

**Það er í Veiðihorninu Síðumúla 8 þar sem þú færð vandaða veiðibúnaðinn og vaxtalausu raðgreiðslurnar**

**Síðumúla 8 – 108 Reykjavík – sími 568 8410 - Veidihornid.is**

## GENGIÐ 16.07.2009

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 126,89 | 127,49 |
| Sterlingspund | 208,63 | 209,65 |
| Evra | 179,07 | 180,07 |
| Dönsk króna | 24,048 | 24,188 |
| Norsk króna | 19,873 | 19,991 |
| Sænsk króna | 16,301 | 16,397 |
| Japanskt jen | 1,3491 | 1,3569 |
| SDR | 197,2 | 198,38 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

231,8945

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna samþykkir nýjar refsiaðgerðir á Norður-Kóreu:

# Fimm manns í ferðabann

**NORÐUR-KÓREA, AP** Fimm einstaklingar og fimm fyrirtæki verða sett í ferðabann og eignir þeirra erlendis verða frystar, samkvæmt ákvörðun nefndar Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna um að leggja nýjar refsiaðgerðir á Norður-Kóreu.

Einnig verður bannað að útvega Norður-Kóreumönnum tvær tegundir efna, sem notuð eru við framleiðslu sprengiflauga.

Refsiaðgerðirnar eru gerðar að tillögu Bandaríkjanna. Kínverjar, sem eru helstu bandamenn Norður-Kóreu, féllust á tillöguna eins og önnur aðildarríki Öryggisráðsins.

Þetta er í fyrsta sinn sem nafngreindir einstaklingar eru settir á bannlista í tengslum við refsiaðgerðir gegn Norður-Kóreu.

Refsiaðgerðirnar eru í samræmi við ályktun Öryggisráðsins frá síðasta mánuði, sem samþykkt var í framhaldi af kjarnorkutilraunasprengingu í Norður-Kóreu í maí síðastliðnum.

Stjórnvöld í Norður-Kóreu hafa ekki gefið upp hvernig þau hyggjast bregðast við þessum refsiaðgerðum. Þau hafa þó hótað hörðum viðbrögðum hersins, „þúsundföldum viðbrögðum“ eins og þau orða það, gegn Bandaríkjunum og bandamönnum þeirra, telji þau sér ögrað. **- gb**



**LEIÐTOGI Í VETTVANGSFERÐ** Kim Jong Il skoðar verksmiðju í höfuðborginni Pjongjang. NORDICPHOTOS/AFP

338 milljónir tengdar í austri:

# Netnotendum í Kína fjölgar ört

**BEIJING, AP Netnotendur í Kína eru nú orðnir fleiri en allir Bandaríkjamenn. Í lok júní voru þeir orðnir 338 milljónir talsins, og hafði þeim þá fjölgað um 13,4 prósent á milli ára. Bandaríkjamenn eru rétt tæplega 307 milljónir.**

**Í Kína búa ríflega 1,3 milljarðar manna. Netnotkun þar hefur aukist hröðum skrefum síðustu ár, þrátt fyrir viðleitni stjórnvalda til að hindra aðgang að efni sem talið er klámfengið eða grafa undan tiltrú á yfirvöld landsins.**

**Enn hafa þó ekki nema 25,5 prósent Kínverja aðgang að veraldarvefnum.** **- sh**

Spenna vex í Hondúras:

# Stuðningsmenn Zelaya vopnast

**HONDÚRAS, AP** Stuðningsmenn Manuels Zelaya, hins brottrekna forseta Hondúras, eru sagðir vera að viða að sér vopnum og búa sig undir átök.



**MANUEL ZELAYA**

Stjórnin fyrirskipaði útgöngubann á ný, aðeins degi eftir að það var fellt úr gildi.

Zelaya sagði á miðvikudag að íbúar landsins ættu allan rétt til að hefja uppreisn gegn stjórninni. Hann hótaði einnig að hætta þátttöku í viðræðum við andstæðinga sína ef lausn fyndist ekki fljótlega.

Zelaya er enn staðráðinn í að endurheimta embætti sitt. **- gb**

## ATHUGASEMD

Benedikt Sigurðsson, aðstoðarmaður Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar, formanns Framsóknarflokksins, vill að fram komi, vegna fréttar í gær, að rangt sé að Sigmundur hafi gert samkomulag um lok ESB-umræðna á miðvikudag. Viðhorf hans til slíks samkomulags hafi því eðlilega ekki breyst.

## LEIÐRÉTTING

Þau mistök urðu í blaði gærdagsins að á blaðsíðu 34 var sagt að umsækjandi um stöðu Þjóðleikhússtjóra, sá er dró umsókn sína til baka, hefði verið Stefán Jónsson leikstjóri. Þetta er úr lausu lofti gripið og eru Stefán og lesendur beðnir velvirðingar á mistökunum.

Þau leiðu mistök urðu í fimmtudagsblaðinu 16. júlí að verslunin Ungfrú Pattý eða Miss Patty's á Hverfisgötu 103 var rangnefnd Litla dúfan og beðist er velvirðingar á því.



**VIÐGERÐ Í MONGÓLÍU** Hjól Viggós þurfti aðhlynningu eftir byltu á sléttum Mongólíu. MYNDIR/INGÓLFUR KOLBEINSSON OG VIGGÓ MÁR JENSE

# Heim frá Asíu á mótorhjóli

**Viggó Már Jensen og Ingólfur Kolbeinsson eru á endaspretti meira en þriggja mánaða ferðalags á vélhjólum frá Taílandi til Íslands. Algjör lúxus að þurfa ekki lengur að sofa með Viggó í herbergi, segir Ingólfur.**

**FERÐALÖG** „Þetta er algjör lúxus. Í fyrsta skipti í meira en þrjá mánuði þurfum við ekki að sofa í sama herbergi,“ segir Ingólfur Kolbeinsson sem ásamt Viggó Má Jensen er nú í Frakklandi og á endaspretti mótorhjólaferðar frá Taílandi til Íslands.

Ingólfur, sem verið hefur á Nýja-Sjálandi við nám í vélaverkfræði síðustu þrjú árin, kveðst hafa viljað nota tækifærið fyrst hann var kominn hálfa leið yfir hnöttinn og nota heimferðina til að sjá staði sem hann þekkti lítt til áður. Úr varð ferð á mótorhjólum frá Taílandi til Reykjavíkur. Hann fékk æskuvin sinn Viggó með í för og lögðu þeir í hann í byrjun apríl. Á leiðinni hafa þeir safnað áheitum fyrir Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna.

„Þetta hefur í stórum dráttum gengið vel fyrir utan að við fengum ekki að fara um Kína og lentum í vandræðum með vegabréfsáritun til Rússlands,“ segir Ingólfur.



**ÁFRAM VEGINN** Aurbleytan í Mongólíu tafði för ferðalanganna..

„Stundum áttum við í basli við að komast í samband við umheiminn, meðal annars vegna þess að við týndum tvisvar farsímum og þá var fólkið heima stundum smeykt um okkur,“ segir Ingólfur.

Stóran hluta leiðarinnar gistu félagarnir í tjaldi en annars staðar gátu þeir keypt gistingu. Af allri ferðinni segir Ingólfur Mongólíu hafa komið mest á óvart.

„Mongólía var hápunkturinn.



**MEÐ SKÓLABÖRNUM** Ingólfur með fulltrúum ungu kynslóðarinnar í Laos.

Hirðingjarnir þar eru sjálfbærustu menn sem ég hef séð á minni lífsleið. Þeir búa til allan sinn mat án þess að nota traktora, áburð eða annað sem vestrænir bændur nota. Þeir eru þó farnir að nýta sér tæknina og eru með sjónvörp, GSM-síma og gervihnattadisk og þetta knýja þeir með sólarraflöðum. Þetta fólk var mjög skemmtilegt og sátt við sitt hlutskipti,“ segir Ingólfur Kolbeinsson. **gar@frettabladid.is**



**VIÐ UPPHAF FERÐAR** Langferðin hófst í Bangkok í Taílandi í byrjun apríl.




## VEÐURSPÁ



**Sigurður Þ. Ragnarsson** Veðurfræðingur

**HELGIN**

Það verður hægviðrasamt og þurrt að mestu um helgina. Helst er að sjá fáeina dropa sunnanlands í dag og fyrri part laugardags annars verður þurrt. Það verður nokkuð hlýtt á vesturhelmingi landsins en mun svalara á austurhelmingnum. Skýjað verður með köflum en mér sýnist að sólin verði einna duglegust að skína á Vestfjörðum.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 33° |
| Amsterdam | 21° |
| Basel | 23° |
| Berlín | 32° |
| Billund | 24° |
| Eindhoven | 23° |
| Frankfurt | 24° |
| Friedrichshafen | 31° |
| Gautaborg | 24° |
| Kaupmannahöfn | 25° |
| Las Palmas | 27° |
| London | 25° |
| New York | 31° |
| Orlando | 34° |
| Osló | 21° |
| París | 21° |
| Róm | 34° |
| Stokkhólmur | 25° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.


999
1.799
Ostahnífar og ostaskeri
3 saman í setti
2908628
BÚSÁHALDA
SPRENGJA!
3.999
5.999
Matarstell fyrir 4
Matar- og kaffistell,
20 hlutir
2009241
1.699
2.499
Vatnskanna, gler
1,4 ltr og 6 glös
2000903
599
999
Diskar, postulín
2 stk/pk, hvítir
2009173
999
2.999
Vínglös, 4stk/pk
kokteil, kampavín,
koníak
3.999
7.599
Eldhúsvog
Digital, á vegg
2200845
1.799
2.799
Ostadiskur,gler
30 cm með 3 ostahnífum
2908624
2.999
4.999
Moppusett
2202121
999
1.499
Vínáhöld
5stk/pk, stál
2000097
HÚSASMIÐJAN
x
blómaval
Frábær saman

## ÍSLAND SÆKIR UM AÐILD AÐ EVRÓPUSAMBANDINU

Margrét Tryggvadóttir þingkona Borgarahreyfingar:

# Breytingatillagan til bóta



„Ég sat hjá vegna þess að mér þótti breytingatillagan heldur til bóta og því vildi ég ekki kjósa gegn henni þótt ég styddi ekki þingsályktunartillöguna," segir Margrét Tryggvadóttir þingkona Borgarahreyfingarinnar.

Athygli vakti á þingi í gær að Margrét sat hjá við atkvæðagreiðslu um breytingatillögu utanríkisnefndar um þingsályktunartillögu ríkisstjórnarinnar. Kaus hún hins vegar gegn tillögunni í heild og var eini þingmaðurinn sem kaus ekki eins í þessum kosningum.

En hver er skoðun þín á aðildarviðræðum? „Ég er enginn sérstakur Evrópusinni en er ekkert á móti ESB. Í venjulegu árferði hefði ég viljað fara beint í aðildarviðræður en það er óásættanlegt að sækja um ESB með þetta lík, Icesave, í farteskinu." - vsp

# Framkvæmdastjórn ESB fagnar umsókn

**Jose Manuel Barroso framkvæmdarstjóri ESB fagnar aðildarumsókn Íslands og segir hana styrkja Evrópuhugsjónina. Norðmenn fylgdust náið með atkvæðagreiðslunni og óttast að aðild Íslands að ESB gengisfelli EES-samninginn.**

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins fagnar ákvörðun Alþingis um að sækja um aðild að Evrópusambandinu. Í yfirlýsingu segir Jose Manuel Barroso, forseti framkvæmdastjórnarinnar, að ákvörðunin sé til marks um kraft Evrópuverkefnisins og sýni þá von sem Evrópa sé tákn fyrir. Ísland sé Evrópuþjóð með djúpar lýðræðisrætur og nú sé ríkisstjórnarinnar að sækja um aðild.

Norðmenn óttast að verði aðildarumsókn Íslendinga að Evrópusambandinu samþykkt sé EES-samningurinn í hættu. Norskir Evrópusinnar vonast til að umsókn Íslendinga styðji málstað þeirra heima fyrir.

Grete Berget, formaður hreyfingar Evrópusinna Eurobevegelsen, sagðist, í samtali við Aftenposten í gær, fagna ákvörðun Alþingis. „Ég er ánægð fyrir Íslands hönd. Þetta er sögulegt. Norsku flokkarnir þurfa nú að ræða alvarlega sín á milli hvort þetta þýði að EES-samningurinn sé fallinn og skilgreina hagsmuni Noregs."

Heming Olaussen, leiðtogi samtaka Evrópuandstæðinga Nei til EU, telur að samþykktin geti haft áhrif á á EES-samninginn, en óttast þau ekki. Hann segir Noreg og Evrópusambandið vilja hafa hagstæða samninga áfram, þrátt fyrir að Ísland hyrfi úr EES-samstarfinu. „Mögulega þarf að breyta EES-samningnum, en það er ekki vandamál. Sjálfur er ég ekki mjög hrifinn af samningnum."

kolbeinn@frettabladid.is



**FAGNAR** Jose Manuel Barroso fagnar samþykkt Alþingis um að sækja um aðild að Evrópusambandinu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Þrjár breytingatillögur minnihlutans um aðildarumsóknina voru felldar í gær:

# Tvöfalda leiðin naumlega felld

Tillaga Bjarna Benediktssonar og Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur, formanns og varaformanns Sjálfstæðisflokksins, um að efna skuli til tvöfaldrar þjóðaratkvæðagreiðslu um aðild að Evrópusambandinu var felld með naumindum, 32 gegn 30 atkvæðum, á Alþingi í gær. Birkir Jón Jónsson, varaformaður Framsóknarflokksins, var sá eini sem sat hjá við atkvæðagreiðsluna.

Allir þingmenn Sjálfstæðisflokksins kusu með tillögunni, þrír þingmenn Borgarahreyfingar, fimm þingmenn Framsóknarflokksins og fimm þingmenn vinstri grænna. Þrír þingmenn stjórnarandstöðunnar, Þráinn Bertelsson, Guðmundur Steingrímsson og Siv Friðleifsdóttir kusu gegn tillögunni.



**FORMAÐUR SJÁLFSTÆÐISFLOKKSINS** Tillaga Bjarna Benediktssonar og Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur var felld.

Breytingartillaga Vigdísar Hauksdóttur, þingkonu Framsóknarflokksins, var einnig felld. Fól hún í sér að sett yrði í ályktun ríkisstjórnarinnar að fullveldi og óskorað forræði Íslendinga yfir auðlindum þjóðarinnar væri grundvallaratriði í viðræðunum. Var hún felld með 34 atkvæðum gegn 15.

Þá var þriðja breytingartillagan, sem einnig var flutt af Þorgerði og Bjarna, um að þjóðaratkvæðagreiðsla yrði bindandi, einnig felld með 37 atkvæðum gegn 26. - vsp


FERÐAHANDBÓKIN ÞÍN




Farið með svarið í ferðalagið




AUKAKRÓNUR




410 4000 | landsbankinn.is

AUKAKRÓNUR

36 bíóferðir á ári fyrir Aukakrónur

Þú getur farið í **Laugarásbíó, Háskólabíó, Regnbogann, Smárabíó eða Borgarbíó á Akureyri** á 10 daga fresti fyrir Aukakrónurnar sem safnast þegar þú notar A-kortið þitt – eða fengið þér eitthvað annað sem þig langar í hjá samstarfsaðilum Aukakróna.*

Sæktu um A-kort á **www.aukakronur.is**

* M.v. 150 þúsund kr. innlenda verslun á mánuði, þ.a. 1/3 hjá samstarfsaðilum. Sjá nánar á www.aukakronur.is.

**A-kortin**
Kreditkort sem safna Aukakrónum fyrir þig

Landsbankinn

ENNEMM / SÍA / NM38416 NBI hf. (Landsbankinn),

# Verslaðu ódýrt!

SPARAÐU



42% afsláttur

GRÍSA MÍNÚTUSTEIK
**985** kr/kg
~~1.698~~ kr/kg

KJÖTSEL
GRILL LAMBALÆRISSNEIÐAR
**1.889** kr/kg
~~2.698~~ kr/kg

30% afsláttur



BAYONNESKINKA ÚR BÓG
**779** kr/kg
~~1.198~~ kr/kg



35% afsláttur

KJÖTSEL
GRILL LAMBAKÓTILETTUR
**1.959** kr/kg
~~2.798~~ kr/kg



30% afsláttur




KJÚKLINGABRINGUR, 900g
**1.198** kr/pk.

KJÚKLINGALUNDIR, 700g
**998** kr/pk.




TEX-MEX KJÚKLINGAVÆNGIR
**269** kr/kg
~~449~~ kr/kg



40% afsláttur

KJÖTSEL
GRILL HAMBORGARAR, 10x90g
**989** kr/pk.
~~1.498~~ kr/pk.



30% afsláttur

ÓDÝRT

Birt með fyrirvara um prentvillur.

CALIFORNIU RÚSÍNUR
**298** kr/pk.
~~339~~ kr/pk.




BÖKUNARKARTÖFLUR Í LAUSU
**79** kr/kg
~~158~~ kr/kg



50% afsláttur




www.markhonnun.is

TILBOÐIN GILDA 16. - 19. JÚLÍ EÐA MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

## ÍSLAND SÆKIR UM AÐILD AÐ EVRÓPUSAMBANDINU







# ESB-umsókn samþykkt með fimm atkvæða meirihluta

**Tillaga um aðildarumsókn að ESB var samþykkt með 33 atkvæðum gegn 28 í gær. Þingkona Sjálfstæðisflokks kaus með tillögunni sem og þrír framsóknarmenn. Fimm þingmenn VG kusu gegn tillögunni.**

Þingsályktunartillaga ríkisstjórnarinnar um að gengið yrði til aðildarviðræðna við Evrópusambandið var samþykkt með 33 atkvæðum gegn 28 á Alþingi í gær. Tveir sátu hjá við atkvæðagreiðsluna, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, varaformaður Sjálfstæðisflokksins, og Guðfríður Lilja Grétarsdóttir, þingkona vinstri grænna.

Ríkisstjórninni verður því falið að leggja inn umsókn um aðild Íslands að ESB. Að loknum þeim viðræðum verður haldin þjóðaratkvæðagreiðsla. Sú atkvæðagreiðsla er þó ekki bindandi.

Ragnheiður Ríkharðsdóttir, þingkona Sjálfstæðisflokksins, kaus með tillögu ríkisstjórnarinnar. Sagðist hún hins vegar ekki styðja þessa ríkisstjórn en vildi fylgja sannfæringu sinni. Aðrir sjálfstæðismenn, fyrir utan Þorgerði, kusu gegn tillögunni.

Þrír þingmenn Framsóknarflokksins, Guðmundur Steingrímsson, Siv Friðleifsdóttir og Birkir Jón Jónsson, varaformaður Framsóknarflokksins, kusu með tillögu því þeir töldu að tillagan væri í samræmi við stefnu Framsóknar. Aðrir kusu á móti.

Allir þingmenn Samfylkingar greiddu tillögunni atkvæði sitt en fimm þingmenn samstarfsflokksins VG kusu gegn tillögunni, þau Atli Gíslason, Ásmundur Einar Daðason, Lilja Rafney Magnúsdóttir, Þuríður Backman og Jón Bjarnason, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra. Guðfríður Lilja, sem sat hjá við atkvæðagreiðsluna, kaus hins vegar með þingsályktunartillögu Sjálfstæðisflokksins um tvöfalda þjóðaratkvæðagreiðslu.

Þrír þingmenn Borgarahreyfingarinnar kusu gegn tillögu ríkisstjórnarinnar, Þór Saari, Margrét Tryggvadóttir og Birgitta Jónsdóttir. Athygli vakti að Margrét sat hjá við atkvæðagreiðslu um breytingatillögur frá utanríkisnefnd Alþingis en kaus síðan gegn þingsályktunartillögunni í heild. Þráinn Bertelsson, fjórði þingmaður Borgarahreyfingarinnar, kaus með tillögu ríkisstjórnarinnar.

vidirp@frettabladid.is

## ÞJÓÐARATKVÆÐI EKKI BINDANDI

Tillögu Sjálfstæðismanna um að þjóðaratkvæðagreiðsla um ESB-samninginn yrði bindandi var hafnað í gær. Þjóðaratkvæðagreiðslan verður því ráðgefandi. En hver er munurinn á bindandi og ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu?

„Í reynd skiptir ekki meginmáli hvort þjóðaratkvæðagreiðslan er bindandi eða ráðgefandi. Allir flokkar virðast ganga út frá því að þjóðaratkvæðagreiðslan muni ráða úrslitum,“ segir Ragnhildur Helgadóttir, prófessor í stjórnskipunarrétti við HR.

Áður en samningurinn er endanlega samþykktur þarf að breyta stjórnarskrá, að sögn Ragnhildar. Til þess að það megi gera þarf að halda alþingiskosningar. Því er ómögulegt að staðfesta aðildarsamninginn án þess að kosningar fari fram, að sögn Ragnhildar. Ef aðildarviðræður myndu dragast um nokkur ár væri því hægt að breyta stjórnarskránni samhliða næstu alþingiskosningum. „Ekki þarf að rjúfa þing til að fara í sjálfa þjóðaratkvæðagreiðsluna“, segir Ragnhildur.

Gro Harlem Brundtland, fyrrverandi forsætisráðherra Noregs, var mikill stuðningsmaður þess að aðildarsamningur Noregs yrði samþykktur á sínum tíma. Hins vegar var honum hafnað í þjóðaratkvæðagreiðslu og Gro sætti sig við það en sú atkvæðagreiðsla var ráðgefandi.

## ORÐRÉTT AF ÞINGI

*„Ég styð ekki þessa ríkisstjórn og mun aldrei styðja hana. En ég stend við mína skoðun.“*
**Ragnheiður Ríkharðsdóttir**
**Sjálfstæðisflokki**

*„Í huga mér hljóma laglínur: Segðu ekki nei, segðu kannski, kannski, kannski.“*
**Guðmundur Steingrímsson**
**Framsóknarflokki**

*„Við skulum vona að þessi fundur verði ekki upphafið að árinu 1262 í Íslandssögunni. […] Ég berst fyrir Ísland fram í rauðan dauðann og til síðasta blóðdropa og segi nei.“*
**Árni Johnsen**
**Sjálfstæðisflokki**

*„…eftir að hafa heyrt svipuhögg-in dynja á þingmönnum vinstri grænna undanfarna daga hérna í þinginu. Maður hefur heyrt handjárnahringlið þegar ríkisstjórnarflokkarnir hafa verið að reyna að tryggja sér framhaldslíf með því að pína nógu marga þingmenn vinstri grænna til þess að greiða atkvæði með ríkisstjórninni.“*
**Birgir Ármannsson**
**Sjálfstæðisflokki**

*„Háttvirtur þingmaður Birgir Ármannsson talaði hér um svipuhögg og flengingar. Kannski er slíkt hluti af hans reynsluheimi.“*
**Katrín Jakobsdóttir**
**Vinstri grænum**

*„Fyrsta orrustan er kannski að tapast en stríðið er eftir.“*
**Ásmundur Einar Daðason**
**Vinstri grænum**

*„Ég er búin að fá nóg. Þetta er svo mikið kjaftæði að mér er bara illt. […] Þetta er ógeðslegt.“*
**Birgitta Jónsdóttir**
**Borgarahreyfingunni**

# Gleðilegt sumar

úr kjötborði

**Lambalærissneiðar 1 fl.**
**1.545,kr./kg**
verð áður 1.798,-/kg

úr kjötborði

**Svínalundir**
**1.498,kr./kg**
verð áður 2.198,-/kg

**Hamborgarar**
2x115g m/brauði
**298,kr./pk.**
verð áður 398,-/pk.

**Ali Spareribs**
**1.064,kr./kg**
verð áður 1.418,-/kg

**SS Rauðvínslegið**
Lambalæri
**1.798,kr./kg**
verð áður 2.248,-/kg

**FK Lambalærisneiðar**
Grill
**1.897,kr./kg**
verð áður 2.476,-/kg

**Ali svínakótilettur**
Jurtakryddaðar
**1.574,kr./kg**
verð áður 2.098,-/kg

**Móa kjúklingavængir**
**285,kr./kg**
verð áður 475,-/kg

**Móa kjúklingaleggir**
**569,kr./kg**
verð áður 949,-/kg

**Myllu kanilsnúðar**
260 g
**279,kr.**

**Turmat Real**
í gönguferðina
**1.655,kr./pk.**

**Sun Lolly**
**398,kr.**

**Caj P. grillolíur**
verð frá
**284,kr.**

**Emmess Topp 5**
**1.998,kr.**

**Biotta safi**
verð frá
**348,kr.**

Kælibox fylgir með 4x2l Coca Cola

**Coca-cola 4x2l**
**860,kr.**

## Nú er sumar í Fjarðarkaupum

Fylltu út þátttökuseðil þegar þú verslar og þú gætir unnið veglega vinninga. Dregið verður úr þátttökuseðlum vikulega á Rás 2. Vinningar frá Ellingsen, Hjólasprett, ÓB, Fjörukránni og Fjarðarkaupum.

Hjóla sprettur

Ellingsen

ÓB ódýrt bensín

**Tilboð gilda til laugardagsins 18. júlí**

FK FJARÐARKAUP

Opið mánudaga - miðvikudaga frá 09:00 - 18:00, fimtudaga 09:00 - 18:30, föstudaga 09:00 - 19:00 og laugardaga 10:00 - 16:00, lokað sunnudag

## ÍSLAND SÆKIR UM AÐILD AÐ EVRÓPUSAMBANDINU

Samstarf við Seðlabanka Evrópu í gjaldeyrismálum:

# Sækja stuðninginn fast

„Ég fagna því að niðurstaða sé komin í þessu máli,“ segir Gylfi Magnússon viðskiptaráðherra. „Ég hefði greitt atkvæði með þessari tillögu ef ég hefði haft atkvæðisrétt.“ Hann segir að nú reyni á stjórnina að hafa samninginn sem hagfelldastan.

Aðspurður segir Gylfi það koma vel til greina að sækjast eftir samstarfi við Seðlabanka Evrópu í gjaldeyrismálum. Hann segir það hægt bæði á grundvelli EES-samningsins og sem lið í umsóknarferli að Evrópusambandinu. Hann segir það vel þess virði að sækjast nokkuð fast eftir því að fá stuðning í gjaldeyrismálum frá bankanum. Hann segir líklegt að gengið verði til viðræðna við Seðlabanka Evrópu næsta haust. „Þær viðræður þurfa ekki að tengjast umsóknarferlinu beint og geta farið fram samhliða þeim viðræðum.“

Aðspurður segist hann ekki ætla að spá fyrir um mikla styrkingu krónunnar í kjölfar þessa samkomulags. Gylfi getur þó ekki séð annað en að það verði metið krónunni til tekna að vera á þessari vegferð þótt það sé ekki ljóst á þessari stundu hvernig hún endar.

Hann segir nauðsynlegt að semja við Evrópusambandið um sjávarútvegsmálin. „Það er óhagfellt fyrir Íslendinga að aðlaga okkar veiðar algjörlega að stefnu ESB. Við þurfum að semja um þessi mál.“ - bþa


**GYLFI MAGNÚSON** Viðskiptaráðherra segir það koma vel til greina að sækjast eftir samstarfi við Seðlabanka Evrópu.

## HUGSANLEGT UMSÓKNARFERLI:

- **16. júlí** Samþykkt að senda inn aðildarumsókn.
- **27. júlí** Umsókn send formlega til Evrópusambandsins fyrir fund utanríkisráðherra sambandsins sem tekur umsókn Íslands til umræðu á leiðtogafundi.
- **Desember 2009** Leiðtogafundur Evrópusambandsins tekur umsóknina til umræðu.
- **Febrúar 2010** Aðildarviðræður hefjast.
- **Mitt ár 2011** Aðildarviðræðum lýkur.
- **Mitt ár 2011 til 2012** Kosningar og stjórnarskrárbreyting. Aðildarsamningur kynntur almenningi.
- **Upphaf árs 2012** Þjóðaratkvæðagreiðsla um aðildarsamninginn.
- **Frá þjóðaratkvæðagreiðslu til upphaf árs 2013** Staðfestingarferli þjóðþinga allra aðildarlandanna 27.
- **Upphaf árs 2013** Aðild Íslands að Evrópusambandinu gengur formlega í gegn.

Alþýðusamband Íslands:

# Mikilvægum áfanga náð


**GYLFI ARNBJÖRNSSON**

„Alþýðusambandið hefur talað fyrir mikilvægi þess að stíga þetta skref í allan vetur,“ segir Gylfi Arnbjörnsson forseti ASÍ. „Það þarf að láta reyna á það hvað okkur stendur til boða í samningnum. Við höfum líka lagt mikla vinnu í það í vetur að móta ýmsa skilmála og markmið í sjávarútvegs-, landbúnaðar- og byggðamálum en líka horft til menntamála, félagsmála og vinnumarkaðsmála sem við sjáum mikil sóknarfæri í. Þess vegna tel ég mikilvægt að þetta skref sé stigið og nú er mikilvægum áfangað náð í þeirri endurreisn sem er að eiga sér stað.“

Samtök iðnaðarins:

# Víðtækt samráð mikilvægt


**JÓN STEINDÓR VALDIMARSSON**

Jón Steindór Valdimarsson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins, fagnar samþykktinni.

„Samtök iðnaðarins hafa lengi haft það á stefnuskrá sinni að sækja eigi um aðild að Evrópusambandinu. Nú er þeim áfanga loksins náð og það er fagnaðarefni. Auðvitað ríður á að standa mjög vel að samningagerðinni. Það er líka mjög brýnt að stjórnvöld standi við það sem stendur í greinargerðinni, að menn ætli að hafa víðtækt samráð. Menn hafa eðlilega talað mikið um sjávarútveg og landbúnað, en það eru auðvitað líka margir aðrir hagsmunir og það verður að gæta jafnræðis.“

Samtök atvinnulífsins:

# Liður í að vinna aftur traust


**VILHJÁLMUR EGILSSON**

„Þessi niðurstaða gefur tilefni til þess að menn fari núna að vinna að því að ná eins hagstæðum samningum við Evrópusambandið og hægt er, og það eru allra hagsmunir að gera það,“ segir Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins.

Vilhjálmur segir að niðurstaðan á Alþingi í gær komi strax til með að hafa einhver áhrif. Ýmsar erlendar þjóðir hafi verið að bíða eftir að við kvæðum upp úr í málinu. „Margir hafa litið á þetta sem einn lið í okkar starfi til að endurvinna traust erlendis,“ segir Vilhjálmur. - sh

Landssamband íslenskra útvegsmanna:

# Alveg tilgangslaus för


**FRIÐRIK J. ARNGRÍMSSON**

„Það sem snýr að sjávarútvegsmálum í þingsályktunartillögunni og er sett þar fram er að mínu mati allt of veikt,“ segir Friðrik J. Arngrímsson, framkvæmdastjóri LÍÚ.

„Það er talað um meginmarkmið í samningaviðræðunum en ekki samningsskilyrði eða forsendur, ófrávíkjanlegt skilyrði sem er auðvitað yfirráð yfir auðlindinni.“

„Mér sýnist verið að gefa leikinn fyrirfram og því sé þessi för algjörlega tilgangslaus. Ég sé ekki að Sjálfstæðisflokkur, Framsókn og VG muni samþykkja samning sem felur í sér svona veik markmið varðandi sjávarútveg.“

Bændasamtök Íslands:

# Stöðnun og óvissa


**HARALDUR BENEDIKTSSON**

„Nú tekur við stöðnunar- og óvissutímabil í búskap og landbúnaði á meðan ekki er ljóst hvað kemur út úr þessu,“ segir Haraldur Benediktsson, formaður Bændasamtakanna.

„Það eru endalok þess landbúnaðar sem við þekkjum í dag sem blasa við ef verður af aðild,“ segir Haraldur, sem er ekki bjartsýnn á að tekið verði á Íslandi með silkihönskum í samningaferlinu. „Þegar þú biður um Evrópusambandið þá færðu Evrópusambandið,“ segir hann. - sh


ENNEMM / SÍA / NM38636



Vefsíða Tryggingastofnunar:

## Ábendingar um meint bótasvik

**STJÓRNSÝSLA Á vefsíðu Tryggingastofnunar, tr.is, hefur verið sett upp ábendingaform fyrir meint bótasvik úr almannatryggingakerfinu. Á forsíðu vefsíðunnar er hnappur sem leiðir til ábendingaforms sem einfalt er að fylla út. Þetta kemur fram í tilkynningu frá Tryggingastofnun.**

**Í tilkynningunni segir að tryggingasvik séu alvarlegt og vaxandi þjóðfélagslegt vandamál og það séu allra hagsmunir að koma í veg fyrir slík svik. Ekki er nauðsynlegt að gefa upp nafn, netfang eða síma tilkynnanda og farið verður með allar ábendingar sem trúnaðarmál.** - bþa

Andstæðingar Karzaí reyna að koma í veg fyrir að hann sigri í fyrstu umferð:

## Sagður linur gegn spillingu

**AFGANISTAN, AP** Andstæðingar Hamids Karzaí, forseta Afganistans, leggja nú allt kapp á að hann nái ekki hreinum meirihluta í forsetakosningunum, sem haldnar verða 20. ágúst. Takist það þarf að halda aðra umferð, þar sem tveir efstu frambjóðendurnir verða í kjöri.

Gagnrýnendur saka hann um að hafa engan veginn staðið sig í baráttu gegn spillingu í stjórnkerfinu og að stjórn hans geti af litlu státað á flestum sviðum.

Erlendir stjórnarerindrekar í Kabúl taka undir þetta og segja hann sífellt koma sér undan því að taka erfiðar ákvarðanir, sem þarf til að draga bæði úr landlægri spillingu og ofbeldinu sem ekkert lát er á.



**KOSNINGAR NÁLGAST Í KABÚL** Íbúar höfuðborgarinnar við vegg þakin myndum af frambjóðendum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Fjörutíu mótframbjóðendur, þar af tvær konur, eiga þó litla möguleika gegn honum nema þeim takist að koma í veg fyrir sigur hans í fyrstu umferð.

Erfitt er að meta líkurnar á sigri, því fáar marktækar skoðanakannanir hafa verið gerðar. Í maí var þó gerð könnun sem spáir honum 35 prósentum atkvæða, en næstur honum með sjö prósent atkvæða kæmi Abdullah Abdullah, sem er utanríkisráðherra í stjórn Karzaí.

Undanfarnar vikur hefur Karzaí þó unnið af miklu afli til að auka fylgi sitt, meðal annars með samningum við héraðsleiðtoga sem geta haft mikil áhrif á afstöðu almennings, hver í sínu héraði. - gb

Hiti í stjórnmálum á Indlandi:

## Kveikt í húsi vegna ummæla

**INDLAND** Rita Bahuguna Joshi, einn af hæstráðendum í Congress-flokknum í Indlandi, var handtekin í gær. Einnig var kveikt í húsinu hennar. Ástæðan er sú að hún hvatti til þess að uppreisnarleiðtoga yrði nauðgað svo hann gæti betur skilið sársauka nauðgunarfórnarlamba.

Joshi sagðist sjá eftir því sem hún sagði og að ummæli hennar hefðu verið tekin úr samhengi. „Ég sem kona hefði ekki átt að segja þetta. Ég biðst afsökunar," sagði hún á blaðamannafundi í gær. Hún hefur verið dæmd í 14 daga gæsluvarðhald og gæti átt yfir höfði sér 10 ára fangelsi. - vsp

Grein Íslendings í Nature:

## Skoðaði taugar ávaxtaflugna

**VÍSINDI** Nature, eitt virtasta tímarit heims á sviði vísinda, birti í vikunni grein eftir Sigríði Rut Franzdóttur, vísindamann við læknadeild Háskóla Íslands. Greinin fjallar um rannsóknir á taugaþroskun. Rannsóknirnar beindust að taugakerfi ávaxtaflugunnar, en slíkar rannsóknir hafa í gegnum tíðina varpað ljósi á grundvallarferla í öðrum lífverum.



**SIGRÍÐUR RUT FRANZDÓTTIR**

Sigríður Rut lauk doktorsnámi við háskólann í Münster 2008. Nú starfar hún við Lífvísindasetur Læknagarðs og rannsakar stofnfrumur lungna í tengslum við lungnakrabbamein. - vsp

Friðarhlaupinu lauk við Tjörnina í gær eftir 2.300 kílómetra hlaup á 15 dögum:

## Þrír heiðraðir sem kyndilberar friðar

**FRIÐUR** Friðarhlaupinu lauk við Tjörnina í Reykjavík í gær eftir að hlaupinn var hringurinn í kringum landið. Stelpur úr 3. flokki í knattspyrnu í Val hlupu með friðarkyndilinn að Tjörninni og þar tók Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, forseti borgarstjórnar, við kyndlinum

Þremur einstaklingum, Steingrími Hermannssyni, Vigdísi Finnbogadóttur og Halldóri Blöndal, var veittur sá heiður að fá alþjóðlegu verðlaunamedalíuna „Kyndilberi friðar" við athöfnina, en sá fyrsti sem hlaut medalíuna var hlauparinn Carl Lewis.

„Þetta fengu þau fyrir óeigingjarnan stuðning við hlaupið í gegnum árin en öll höfðu þau góð tengsl við Sri Chinmoy, stofnanda hlaupsins," segir Torfi Leósson, skipuleggjandi Friðarhlaupsins á Íslandi.

Friðarhlaupið er alþjóðlegt kyndilboðhlaup og tilgangur þess er að efla frið, vináttu og skilning. Friðarhlaupið var fyrst hlaupið árið 1987 og hefur Ísland verið þátttakandi frá upphafi.

„Við hlupum í 15 daga og 2.300 kílómetrar voru lagðir að baki. Um sjö þúsund sjálfboðaliðar tóku þátt og þar af um fimm þúsund börn og unglingar. Þetta hefur gengið rosalega vel og við höfum mætt velvild alls staðar að," segir Torfi. - vsp




**HLAUPIÐ BÚIÐ** Um 2.300 kílómetrar voru hlaupnir á 15 dögum í Friðarhlaupinu. Sjö þúsund sjálfboðaliðar hlupu með friðarkyndilinn, þar af fimm þúsund börn. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR





ÓDÝRT Í HAGKAUP
ÓDÝRT Í HAGKAUP
Restaurant Style
2 hamborgarar
stk x 120 gr
m/ brauði og sósu
RESTAURANT STYLE HAMBORGARAR
527 kr/pk.
Merkt verð 659.-
584 kr/kg.
Merkt verð 898.-
Kjúklingaleggir
ferskir
2.398 kr/kg.
Merkt verð 2.998.-
Kjúklingapinnar
buffalo marinering
2.999 kr/kg.
Merkt verð 3.398.-
Stór sérvalinn humar
1 kg.
1.999 kr/pk.
Merkt verð 3.498.-
Kálfasteikur
frosnar 6 x 170g steikur
Wish-Bone
frábærar salatsósur
FRÓN KEX NOKKRAR TEG.
199 kr/pk.
HVÍTLAUKS BAGUETTE
249 kr/stk.
ÓDÝRT Í HAGKAUP
ÁVÖXTUR 3 Í PAKKA
199 kr/pk.
LÍFRÆNT SPELT 2 TEG.
599 kr/stk.
PRINGLES 3 TEG.
349 kr/stk.
HNETUVÍNAR BRAUÐ 4 STK.
269 kr/pk.
ÓDÝRT Í HAGKAUP
NÚÐLUR
35 kr/stk.
ANANAS FERSKUR
249 kr/kg.
Gildir til 19. júlí á meðan birgðir endast.
24 Hagkaup
OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

# Spennandi á grillið
## á betra verði!

OPIÐ til 20 alla daga



ÓDÝRT Í HAGKAUP

**LAMBALÆRI KRYDDLEGIÐ**
**1.399** kr/kg.
Merkt verð 1.998.-



ÓDÝRT Í HAGKAUP
**623** kr/kg.
Merkt verð 959.-
**Kjúklingalæri með legg**
m/ BBQ og sólp.tóm.



ÍSLANDS GRÍS
ÓDÝRT Í HAGKAUP
**1.048** kr/kg.
Merkt verð 1.398.-
**Grísahnakkasneiðar**



ÍSLANDS NAUT
**1.499** kr/kg.
Merkt verð 1.998.-
**Nautavöðvi**
kryddleginn



ÓDÝRT Í HAGKAUP
**929** kr/kg.
Merkt verð 1.238.-
**Partý svínarif**
BBQ marineruð

Jói FEL



dijon hunangs sósa
basil & hvítlauks sósa
rósapipar sósa

*Spennandi grillsósur!*



ÓDÝRT Í HAGKAUP
A&W RÓTARBJÓR
**189** kr/stk.



ÓDÝRT Í HAGKAUP
KOLAGRILL EINNOTA
**299** kr/stk.



FUMAGALLI PARMASKINKA
**699** kr/pk.



ÓDÝRT Í HAGKAUP
EUROSHOPPER BLEIUR
**1.408** kr/pk



GRILLKOL 4,08 KG
**689** kr/pk.



ÓDÝRT Í HAGKAUP
RISA SAMLOKUBRAUÐ
**199** kr/stk.

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Bændur, útvegsmenn og alþýðan.

# Fortíðin og framtíðin

JÓN KALDAL SKRIFAR

Það er athyglisvert að velta fyrir sér viðbrögðum þriggja hagsmunasamtaka við þeirri ákvörðun að sækja skuli um aðild að Evrópusambandinu. Bændasamtökin og Landssamband íslenskra útvegsmanna harma þessa niðurstöðu Alþingis á sama tíma og Alþýðusambandið fagnar henni eindregið.

Þetta kemur á engan hátt á óvart. Afstaða þessara þriggja samtaka hefur legið fyrir um langa hríð. Það er hins vegar eitthvað sérstaklega táknrænt við að hagsmunagæslusamtök atvinnurekenda gamla Íslands, bænda og útgerðarmanna, berjist gegn framgangi máls sem er stutt af samtökum kenndum við alþýðuna.

Afstaða forystumanna Alþýðusambandsins endurspeglar auðvitað ekki viðhorf hvers og eins þeirra ríflega hundrað og átta þúsund launamanna sem eiga þar aðild. Engu að síður hljóta mjög afgerandi skilaboð að felast í því að það fólk, sem hefur valist til að gæta hagsmuna meginþorra vinnubærra Íslendinga, telji þeim best borgið innan Evrópusambandsins.

Enn þyngri lóð leggjast á þá vogarskál þegar við bætast sjónarmið fulltrúa atvinnurekenda Íslands nútímans. Þar á meðal eru Samtök verslunar og þjónustu, Samtök iðnaðarins, og Samtök ferðaþjónustunnar.

Þarna vegast sem sagt á Ísland fortíðar og Ísland framtíðar.

Í framtíðarhópnum eru þeir sem trúa því að hægt sé að halda yfirráðum yfir náttúruauðlindum í sjó og á landi, samhliða því að skapa fyrirtækjum og heimilum landsins stöðugra efnahagslegt umhverfi en hingað til, með lægra matvæla- og vöruverði og fasteignalánum á mannsæmandi kjörum, svo aðeins tvennt sé nefnt af því sem reynir hvað þyngst á fjárhag landsmanna.

Í fortíðarhópnum eru þeir sem trúa því að Ísland eigi að halda óbreyttum kúrs. Þar á meðal eru háværastir menn sem héldu því fram árum saman að sjálfstæð peningamálastefna væri undirstaða velmegunar þjóðarinnar.

Sú sjálfstæða stefna leiddi þjóðina til svo skelfilegra efnahagslegra hörmunga að hún verður mörg ár að jafna sig.

Sú sjálfstæða stefna hefur hneppt þjóðina í átthagafjötra gjaldmiðils sem er ígildi matadorpeninga utan við 200 mílurnar.

Sú sjálfstæða stefna hefur orðið til þess að fjölmargir einstaklingar hafa beinlínis verið sviptir fjárhagslegu sjálfstæði sínu þegar verðgildi fasteigna þeirra hefur brunnið upp í eldi verðtryggingar og verðbólgu.

Sú sjálfstæða stefna leiddi gjaldeyrishöft yfir landið.

Stuðningsmenn Evrópusambandsaðildar benda á leið út úr þessari ógnarstjórn peningamálastefnunnar.

Andstæðingarnir vísa ekki á neinar lausnir. Í þeirra heimsmynd er það krónan sem blífur. Sú hin sama og er ein af meginorsökunum fyrir því að heimskreppan kemur harðar niður hér en víðast annars staðar.

Heimili og fyrirtæki landsins geta ekki búið áfram við að vita aldrei hvað bíður þeirra handan við næsta horn. Dagurinn í gær gefur þeim von um betri tíð.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

**Travel John ferðaklósett leysa málið**



*Fyrirferðalítil, létt, einföld og hreinleg í notkun. Engin kemísk efni, engin þrif, aðeins tvöfaldur poki með efni sem gerir vökva að geli og eyðir lykt. Pokanum er lokað eftir noktun, einfaldara verður það varla. Pokana má nota í venjuleg ferðaklósett til að losna við að þrífa þau.*

*Travel John pokar fyrir þvag eða uppköst gelgera vökvann og eyða lykt. Verð 3 stk. í pakka kr. 960,- Klósettpokar 3 stk. í pakka kr. 990,- Travel John pokarnir fást í **Lyfju, Lyf og heilsu** og **Fjarðakaupum**.*

*Klósettstóll kr. 4.900,-. Tilboð ásamt 4 pökkum af pokum kr. 7.500,- fæst hjá Donnu, Háahvammi 16, Hafnarfirði. Póstsendum. Donna sími **555 3100** donna@donna.is. Nánari upplýsingar www.donna.is*

TravelJohn

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Best að tala skýrt

Framsóknarflokkurinn klofnaði í afstöðu sinni til aðildarumsóknar að Evrópusambandinu. Þrír þingmenn, með varaformanninn í broddi fylkingar, studdu tillöguna, hinir fylgdu formanni sínum.

Guðmundur Steingrímsson var einn þeirra sem studdi frumvarpið og lýsti því yfir að það væri í fullu samræmi við samþykkt flokksþings frá því í vetur. Gunnar Bragi Sveinsson gat hins vegar ómögulega stutt það enda bryti það í bága við samþykkt flokksþings frá því í vetur.



Þetta kennir mönnum kannski að tala skýrt í samþykktum svo enginn velkist í vafa um innihald þeirra.

### Lýrískir þingmenn

Ýmislegt var sagt á þingi í gær, pískar, handjárn og dauðir kallar komu þar við sögu. En haldi einhver að ljóðið sé dautt og þau öll leiðinleg, litlaus og ljót, ætti viðkomandi að kynna sér atkvæðaskýringu Róberts Marshall. Ljóðið lifir á þingi.



### Ómögulegt er mögulegt

Gefum Róbert orðið: „Hér er stigið skref inn í nýja framtíð, skref sem sumum finnst ómögulegt að stíga. En ómögulegt er bara orð sem notað er af fólki sem vill lifa í veröldinni eins og hún er frekar en að kanna til hins ýtrasta möguleika sína á að breyta henni. „Það er ómögulegt" er ekki staðreynd, það er skoðun. „Það er ómögulegt" er ekki yfirlýsing, það er áskorun. Ómögulegt er tímabundið ástand. Ómögulegt er mögulegt. Ómögulegt er ekkert. Ekkert er ómögulegt. Nú lýkur honum þessum lengsta vetri í íslenskri stjórnmálasögu og nýr kafli hefst í sögu Íslands, þó fyrr hefði verið, virðulegi forseti. Ég segi já."

kolbeinn@frettabladid.is

# Sameinuðu þjóðirnar gegna lykilhlutverki



JOSEPH STIGLITZ

**Í DAG** | Heimskreppan

Meðan umræðan um hina grænu sprota endurreisnarinnar dafnar í Bandaríkjunum syrtir enn í álinn annars staðar í heiminum, sérstaklega í þróunarlöndum. Í Bandaríkjunum var það bilun í fjármálakerfinu sem hratt efnahagskreppunni af stað. Í þróunarlöndunum er þessu öfugt farið: rýrnun í útflutningi, lægra verð, minni erlendar fjárfestingar og snarpur samdráttur í fjármagnsflæði hafa veikt efnahag þessara landa. Fyrir vikið þurfa nú jafnvel ríki með gott regluverkskerfi að glíma við vandamál í fjármálakerfinu.

Á ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna 23. júní um heimskreppuna og áhrif hennar á þróunarlönd var komist að sameiginlegri niðurstöðu um orsakir niðursveiflunnar og hvers vegna hún reynist þróunarlöndum svo skæð. Lögð voru drög að aðgerðum sem þarf að grípa til og stofnaður aðgerðahópur sem á að kanna mögulegar leiðir úr vandanum, með dyggri aðstoð nýstofnaðs hóps sérfræðinga.

### Skýrari greining

Þetta var merkileg niðurstaða. Með skýrari greiningu á kreppunni og mögulegum lausnum á henni, er lagðar voru fram á fundi tuttugu stærstu iðnríkja heims, sýndu Sameinuðu þjóðirnar fram á að ákvarðanatakan þarf ekki að vera í höndum sjálfskipaðs hóps sem skortir pólitískt umboð og er að miklu leyti stýrt af þeim sem bera ábyrgð á kreppunni til að byrja með. Samkomulagið sýndi fram á gildi þess að takast heildrænt á við vandann til dæmis með því að spyrja lykilspurninga, sem gæti verið óþægilegt fyrir stærri löndin að spyrja af pólitískum ástæðum, og með því að benda á áhyggjuefni sem lúta að fátækustu ríkjunum, en mæta afgangi hjá þeim ríkari.

### Bandaríkin halda sér til hlés

Fyrirfram hefði maður búist við að Bandaríkin myndu taka að sér forystuhlutverkið, upptök kreppunnar voru jú þar. Það var bandaríska fjármálaráðuneytið (þar á meðal embættismenn sem eru nú í hópi efnahagsráðgjafa Obama) sem beitti sér fyrir óbeisluðum markaðsbúskap, sem endaði með því að kreppan í Bandaríkjunum átti greiða leið um heimsbyggðina.

Þótt forysta Bandaríkjanna sé vissulega minni en maður hefði vonað og reyndar búist við í ljósi aðstæðna, var mörgum þátttakendum hreinlega létt yfir því að bandarísk stjórnvöld reyndu ekki að leggja stein í götu þess að komist væri að almennri sátt, eins og búast hefði mátt við þegar Bush-stjórnin var við lýði.

Maður hefði getað leyft sér að vona að Bandaríkin myndu bjóða háar fjárhæðir til saklausra fórnarlamba þeirrar stefnu sem þau hampa. Því var ekki fyrir að fara, Obama þurfti að grenja takmarkaða aukafjárveitingu fyrir Alþjóðagjaldeyrissjóðinn út úr Bandaríkjaþingi.

*„Bandaríkin og önnur iðnríki keyrðu alþjóðavæðinguna áfram. Kreppan sýnir hins vegar að þeim hefur ekki tekist að koma taumhaldi á alþjóðavæðinguna. Ef alþjóðavæðingin á að gagnast öllum verður að ákveða hvernig eigi að stjórna henni á lýðræðislegan hátt með hagsmuni heildarinnar að leiðarljósi. Bæði gerendur og fórnarlömb mistaka þeirra verða að eiga þar hlut að máli."*

En mörg þróunarlanda eru nýsloppin undan íþyngjandi skuldaklöfum og vilja ekki ganga í gegnum það aftur. Hin undirliggjandi skilaboð eru að þau vilja styrki, ekki lán. Iðnríkjafundurinn, sem leitaði til AGS til að sjá þróunarlöndum fyrir peningum sem þau þurftu á að halda, tók ekki nægilegt tillit til þess. Það var aftur á móti gert á ráðstefnu SÞ.

### Endurskipulag gjaldeyrisforðans

Viðkvæmasta málefnið sem rætt var á ráðstefnunni – of viðkvæmt til að vera rætt á iðnríkjafundinum – var endurbætur á gjaldeyrisforðakerfi heims. Gjaldeyrissöfnun grefur undan jafnvægi á alþjóðavísu og stuðlar að of lítilli alþjóðlegri eftirspurn, þar sem lönd færu að leggja þúsundir milljarða til hliðar í varúðarskyni ef snurða hleypur á þráðinn í alþjóðahagkerfinu. Það kemur ekki á óvart að Bandaríkin, sem hagnast mjög á að lána þróunarlöndum mikið fé á lágum vöxtum, höfðu lítinn áhuga á þessari umræðu.

En hvort sem Bandaríkjunum líkar betur eða verr er dollarinn að láta undan sem varagjaldeyrisforði heims; eina spurningin er hvort við skiptum úr núverandi kerfi yfir í annað á glæfralegan eða skipulegan hátt. Þeir sem liggja á miklum varagjaldeyrisforða vita að það er ekki skynsamlegt að halda í dollarann: enginn eða lítill hagnaður og mikil hætta á verðbólgu eða gengisfalli, sem hvort tveggja myndi rýra raunvirði forðans.

Á síðasta degi ráðstefnunnar höfðu Bandaríkin fyrirvara á því að þetta mál, sem snertir hag allrar heimsbyggðarinnar, væri svo mikið sem rætt á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Kínverjar aftur á móti ítrekuðu þá afstöðu sína að tímabært væri að skipuleggja nýtt alþjóðlegt gjaldeyrisforðakerfi. Þar sem ríkisgjaldmiðill getur aðeins orðið að varagjaldeyrisforða ef önnur ríki eru reiðubúin að nota hann sem slíkan, gæti tími dollarans verið liðinn.

### Frumkvæði SÞ

Umræðan um bankaleynd var táknræn fyrir muninn á iðnríkjafundinum og ráðstefnu SÞ, þar sem iðnríkin einblíndu á skattsvik en hjá SÞ var líka rætt um spillingu, en summ sérfræðingar halda því fram að fátæk ríki tapi meira fé vegna spillingar en sem nemur erlendri aðstoð.

Bandaríkin og önnur iðnríki keyrðu alþjóðavæðinguna áfram. Kreppan sýnir hins vegar að þeim hefur ekki tekist að koma taumhaldi á alþjóðavæðinguna. Ef alþjóðavæðingin á að gagnast öllum verður að ákveða hvernig eigi að stjórna henni á lýðræðislegan hátt með hagsmuni heildarinnar að leiðarljósi. Bæði gerendur og fórnarlömb mistaka þeirra verða að eiga þar hlut að máli.

Þrátt fyrir galla sína eru Sameinuðu þjóðirnar eina stofnunin sem allur heimurinn á aðild að. Þessi ráðstefna, líkt og önnur á undan um fjármagn fyrir þróunarlönd, sýnir að Sameinuðu þjóðirnar verða að gegna lykilhlutverki í alþjóðlegri umræðu um endurbætur fjármála- og efnahagskerfisins.

*Höfundur er Nóbelsverðlaunahafi í hagfræði og prófessor við Columbia-háskóla í Bandaríkjunum. ©Project Syndicate.*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **VIÐSKIPTARITSTJÓRI:** Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*









4ra rétta tilboð

og nýr A la Carte

· **Reykt önd** með fíkjum, valhnetum og rauðvínsgljáa ·
· **Humarsúpa** rjómalöguð með grilluðum humarhölum ·
· **Lambahryggur** með lambaskanka og rósmarínsósu ·
• EÐA •
· **Fiskur dagsins** útfærður af matreiðslumönnum Perlunnar ·
· **Skyr "Tonka crème brûlée"** með karamelluís ·

6.890 kr.

*Hægt er að panta 4ra rétta seðilinn með sérvöldu víni með hverjum rétti: 10.990 kr.*

Glas af eðalvíni

**Barolo „Ornato" 2004** | Ítalía.
**Chablis Grand Cru „Les Clos" 2005** | Frakkland

Nú hefur veitingahúsið Perlan bætt við möguleikanum að velja sér glas af **16 eðalvínum** með mat. Verð frá 1.050-3.700 kr.
*Sjá nánar á perlan.is.*

PERLAN

Veitingahúsið Perlan - *Sími* 562 0200 - *Fax* 562 0207
*Netfang* perlan@perlan.is - *Heimasíða* www.perlan.is

Hringbrot




Óskar Ólafsson hóf matreiðslunám fyrir tilviljun eftir að matreiðsluáhugi kviknaði þegar hann vann í eldhúsi sautján ára.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Kunni ekki að elda pasta

**Óskar Ólafsson hafði ekki áhuga á matargerð fyrr en hann hóf störf í eldhúsi sautján ára. Síðan hefur mikið vatn runnið til sjávar og nú er hann matreiðslumaður sem gefur lesendum Fréttablaðsins uppskrift.**

„Ég bjó til nautalund með villtum sveppum, madeira gljáa og kryddjurtamauki," segir Óskar Ólafsson, yfirmatreiðslumaður á veitingastaðnum Orange, um réttinn sem hann gerði. „Þetta er íslensk nautalund sem ég skar eftir endilöngu, brúnaði á pönnu og eldaði í plastfilmu."

Óskar segir réttinn vera á matseðli Orange en hann hafi hins vegar gert einfaldari útgáfu en þar er að finna. „Ég bjó til útgáfu sem fólk getur auðveldlega gert heima hjá sér," útskýrir Óskar sem segist hafa byrjað í matreiðslunáminu fyrir tilviljun. „Ég byrjaði að vinna í eldhúsi sem uppvaskari þegar ég var sautján ára og þar kviknaði áhuginn á matargerð."

Aðspurður segist Óskar þó ekki alltaf hafa haft áhuga á matargerð. „Ég get ekki sagt að ég hafi eldað mikið þegar ég var lítill. Ég kunni ekki einu sinni að sjóða pasta en eftir að ég byrjaði að vinna í eldhúsinu sautján ára fór ég að læra meira. Kunnáttan vex jafnt og þétt," segir Óskar sem í dag hefur lært að sjóða pasta og töluvert meira en það.

*martaf@frettabladid.is-*

## ÍSLENSKAR NAUTALUNDIR

með sveppakartöflu **FYRIR 4**

800 g nautalund

*Hreinsið nautalundirnar, skerið eftir endilöngu og brúnið á pönnu. Vefjið plastfilmu um lundirnar og bindið fyrir báða enda og eldið í vel volgu vatni, um það bil 55 gráðu heitu, í 40 til 60 mínútur.*



**Lagskipt sveppakartafla**
200 g kartöflur
100 g sveppir
100 ml rjómi
1 stk. hvítlauksrif

*Skerið sveppina mjög þunnt. Steikið vel á pönnu og bætið rjómanum og hvítlauksrifjunum við. Skrælið kartöfluna og skerið mjög þunnt. Raðið kartöflum og sveppum í eldfast mót og saltið alltaf á milli laga. Setjið smjörpappír yfir og bakið í ofni við 160 gráður í 30 til 40 mínútur.*

**Kryddjurtamauk**
150 g grænar ertur
100 g blandaðar kryddjurtir
100 ml rjómi
100 g smjör

*Setjið allt í pott nema smjörið og sjóðið í fimm mínútur, síðan er smjörinu bætt við í lokin.*

**Madeira gljái**
1 stk. laukur
1 stk. hvítlauksrif
1 grein timjan
200 ml madeira
1/2 l nautasoð / kraftur
1/2 l kjúklingasoð eða kraftur
10 g smjör

*Svitið grænmetið og bætið madeira út í og sjóðið niður. Bætið soði við og sjóðið niður um helming. Smakkið til með salti og smjöri.*


Við drögum á föstudögum í allt sumar í morgunþætti Ívars Guðmundssonar á Bylgjunni

15.000 kr. matarkarfa frá Bónus, 3 mánaða kort í World Class, 10.000 kr. bensín úttekt frá Olís, gos frá Ölgerðinni, Tempur heilsukodda frá Betra bak, frítt í Laugarásbíó í allt sumar og frítt frelsi frá Tal í allt sumar.

Sumarleikur NINGS

Sumartilboð

Djúpsteiktar rækjur með súrsætri sósu
Heimalagaðar vorrúllur með grænmeti
Kjúklingur og grænmeti með pandasósu
Stökkt svínakjöt „Thai Sesam"
ásamt hrísgrjónum og soya.

krónur 2790 fyrir tvo
krónur 1395 á mann

ATH! SUMARTILBOÐ ER EINGÖNGU AFGREITT FYRIR 2 EÐA FLEIRI




Íris Arna Geirsdóttir
Íslandsmeistari í Model fitness elskar heilsurétti Nings

SUÐURLANDSBRAUT 6, HLÍÐASMÁRA 12 OG STÓRHÖFÐA 17 • SÍMI: 588 9899

# ALLT SEM ÞIG VANTAR

**Allar smáauglýsingar vikunnar á visir.is**

Smáauglýsingasíminn er opinn alla daga kl. **8–17**

Smáauglýsingasíminn er **512 5000**
**smaar@frettabladid.is / visir.is**

Afgreiðslan er opin: alla virka daga **8–17**

## BÍLAR & FARATÆKI

Bílamarkaðurinn
Smiðjuvegi 46E
v/Reykjanesbraut.
Kópavogi, sími
567-1800
Löggild bílasala




Okkur vantar bíla á staðinn. Mikil og góð sala. Við leitum að rétta bílnum fyrir þig. Opið virka daga 10-18:30 Laugardaga 11-16. Ein elsta bílasalan. St.1974. Bílamarkaðurinn, Smiðjuvegi Kópavogi. S. 567 1800. www.bbv.is

**Bílamarkaðurinn**
**Smiðjuvegi 46E, Kópavogi**
**Sími: 567 1800**

HÖFÐABÍLAR
...þar sem bílar seljast



FORD TRANSIT 280S VAN 85 HÖ. Árg. 2004, ekinn 108 þ.km, DÍSEL, 5 gírar. Verð 1.430. þús. 100% lán 49 þús. á mán. Rnr.170068.

HÖFÐABÍLAR
...þar sem bílar seljast



BMW Z3 M ROADSTER. Árgerð 1998, ekinn 135 þ.km, 5 gírar. AC SNITCHER PÚST FJÖÐRUN VELTIBOGAR K&N SÍA Verð 1.990 þús. Rnr.127107.

**Höfðabílar**
**Fossháls 27, 110 Reykjavík**
**Sími: 577 4747**
**www.hofdabilar.is**

Motor sport
DIRT BIKE



Pit Bike 125cc Xmotos 2 litir Verð 180,000.- Tilboð 149.000.-



Dirt bike Xmotos 250cc 2 litir, stillanlegir demparar, framan og aftan upp side down verð 278,000.- Tilboð 249.000.-



Vespa Future 125cc 12" dekk 2 litir. Einstaklega falleg vespa. Verð aðeins 298,000.- með skráningu.



Aðeins nokkrar eftir !! Ótrúleg vespa Admiral 125 cc á 16" dekkjum sem gefur möguleika að keyra í möl. Ótrúlegur Kraftur. Til í 2 litum. Kassi fylgir með. Verð aðeins 358,000.- með skráningu.



Ítalskt hannaðar vespur 125cc Svartar og Hvítar verð 298,000.- áður: 335,000,.- með skráningu.



Vespur nýkomnar City Runner Ítalskt hannaðar 50cc svartar, rauðar, báar, svartar+ silfraðar breiðum 12" dekkjum þjófavörn ál plötur á gólfi. Kassi fylgir með. Verð aðeins 245,000.- með skráningu.

**Mótorsport ehf**
**Síðumúla 34, 108 Reykjavík**
**Sími: 567 1040**
**Öll viðgerðarþjónusta á staðnum**
**www.motorogsport.is**

## Til sölu




HEIMSBÍLAR



MMC Lancer, Árg.'08. Ek. 9 þ. km. Ssk. Verð kr. 3.290 þ.



HONDA ACCORD SEDAN SE. Árg.'08. Ek. 8 þ.km. Ssk. Verð kr. 2.980 þ.

**Heimsbílar**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5674000**
**http://heimsbilar.is**

SPORT X



**Tilboðsdagar á vespum**
verð aðeins frá 195.000 kr með skráningu. Full búð af frábærum og góðum Vespum sjáið fleiri tegundir á www.sportx.is / simi 897-6040

**Sport-X**
**Draupnisgötu 7, 600 Akureyri**
**Sími: 5642323 / 8976040**
**Verslun og viðgerðaþjónusta á staðnum**
**www.sportx.is**

100 bílar.is bílasala




Tabbert Puccini 550 DV 2,5, árg. 2007, 2 gler rafgeymar, Sólarsellur, 2 gaskútar, kúlugrill og fl. Stgr.Verð 3800 þús.kr. Verð með Efnarafal er 4500 þús.kr.




Hobby 720 UKFE Exclusive, árg. 2006, Ísskápur, Kalt vatn, WC, sturta, Sólarsella , Markísa, ALDE HITAKERFI, gólfhiti og fl. Verð 3600þús.kr. Sjón er sögu ríkari!!




Vegna mikillar sölu vantar okkur allar gerðir af bílum á staðinn og á skrá, sendið okkur skráningar á 100bilar@100bilar.is eða í síma 517 9999.



Valiant Vanguard 5,7. Mercury 115 ELPT-OPTIMAX direct injection, árg. 2008, eins og nýr!, Með hörðum kjöl, Notkun um 50tímar, Verð aðeins 3990þús.kr!!

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.00 og laugardaga 12-16**
**www.100bilar.is**

## Bílar til sölu



Musso diesel 2.8 '97, 290 þús. stgr. Uppl. í s. 840 0613.



**350 þús.**
1960 M.Benz 220 sb. Upptekinn fyrir 1,4 millj. Þarfnast sprautunar. Einnig gamall sturtuvagn. V 60þ. S. 697 3217.

TÓMSTUNDAHÚSIÐ




Öflugir fjarstýrðir rafmagns- og bensínbílar í úrvali. Tómstundahúsið, Nethyl 2, sími 587-0600, www.tomstundahusid.is




**TILBOÐ!**
VW TRANSPORTER DOUBLE CAB SYNCRO árg. 8/'05. Diesel 6 manna 4x4 nýsk. '10 ek. 120þ. VSK númer. Verð 1690 þús. S. 847 6400.



Til sölu MMC Karisma árg. '99, ek. 90 þ.km. sk.'10, ný tímareim. V. 450 þús. Uppl. í s. 860 3574



**Eiðslugrannur bíll á 250.000-**
Renault Clio árg. '99 ekinn 148 þ. km 5 gíra 5 dyra skoðaður 2010 vetradekk á felgum fylgja með verð aðeins 250.000- stgr. uppl. í síma 861 7600.



Kia Picanto '04, ek. 95 þ.km., 5 gíra, ný tímareim. Verð 550 þús. S. 857 2696.



Dodge Magnum RT 5.7 hemi. Leður, lúga, 22" felgur. Skoða skipti. S. 857 2696.



TILBOÐ!!! RUGL VERÐ ! Suzuki GSX-R-600, 2008 ek 2þkm. Verð 1290!! lán 950þús. 899 1888.



Renault Megane árg. '00 ssk., sk. '10. Nýtt í bremsum ofl. Góð dekk, lítur vel úr og er í góðu lagi. S. 894 1748.

Til sölu Kia Sorento árg. '06. ek. 63þ. km. Vel með farinn. Verð 2.6 mil. Skipti á ódýrari fólksbíl. Sparneytnum, ekki mjög lágum. Gjarnan ssk. Uppl. í s. 864 2945.

Hyundai Santa Fe 2003 keyrður 95,000, listaverð 1.490þ, áhv 930þ afb 30þ á mán, 4 sumardekk, 4 vetrardekk, vel með farinn. Tilboð óskast í s:896 1556.

## 250-499 þús.



Opel vectra 2000 árg. ek 147þús. 350þús. uppl.846 8353. Ný tímareim og vatnsdæla.

Volvo 960,1995 ek. 180þ. 2,5L-170 hö,línusexa.Grænn metallic Beige leður,krókur,skoðaður. S.699 1531.

## 1-2 milljónir



Suzuki V-strom 650 2008, ek.4000km. Frábært götu-og ferðahjól. Allir aukahlutir, hiti í haldföngum, handahlífar, grjótgrind, veltigrind, samlitar töskur, miðjustandari. V.1.250 þús. Ekkert áhvíl. Uppl. í síma 898 3999.

## Bílar óskast

Bílastæði óskast til leigu í bílageymslu á höfuðborgarsvæðinu. Uppl. í s. 896 9694.

**Þýskir bílar óskast til kaups!!**
**Óska eftir að kaupa gegn staðgreiðslu**
**þýska bíla árgerð 2005 og yngra**
**Mercedes Benz, Bmw, Audi og Porche**
**Hringdu núna og fáðu staðgreiðslutilboð!**
**Sverrir s 618-7001**

Óska eftir ódýrum bíl, má þarfnast lagfæringa, ekki eldri enn '98. Skoða allt. Uppl. í s. 847 6400.

Óska eftir að leigja bíl á verðbilinu 0 - 80 þús. per. mánuð. Ýmislegt kemur til greina. Uppl. í s. 846 4030.

**0-200 STAÐGREITT!!!**
Óska eftir bíl á 0-200 þús., helst skoðaðan enn má þarfnast smá lagfæringar. s. 691 9374.

Ódýr bíll óskast má þarfnast lagfæringar verð 30 til 70 þúsund. uppl í síma 8204640.

## Jeppar



Toyota Hilux 2007 3.0 sjálfsk. ekinn 57þús. verð 3,6mil. Fæst á yfirtöku láns uppl. 894 1032.



Til sölu Landcruiser 120 (VX) árg. 11.03 ek. 82þ. 35" breyttur. Gull fallegur & ójaskaður. Ásett 4.490 / tilboð Uppl. 869 1122.



Til sölu Toyota Hilux árg. '98, original TD, ek. 291 þ.km. Þarfnast smá lagfæringar. Breyttur fyrir 33". Verð í kringum 400 þús. Uppl. í s. 697 6996.



Tilboð 2,2m Nissan Patrol „44 árg. 2000, 4,2l vél, leður, topplúga, CB og VHF, filmur ofl, Uppl. 8955430



Nissan Patrol 3.0 TDI Elegance, 35" ssk., ek. 166 þ.km. Með öllu. V. 1790 þ. S. 857 2696.

EBERSPACHER, vatns- og hitablásarar 12 & 24volt, diesel og bensín, Viðgerðar og varahlutaþjónusta. Stilling sími: 520 8000.

**Góður ferðajeppi**
Nissan Patrol árg.'95. 35" breyting, góð dekk. Bíll í góðu standi. Verð 380 þús. Uppl. í s. 894 0856.

## Sendibílar



Til sölu Renault Master árgerð 2006 sendibíll keyrður 43þ. Ásett verð kr. 3.200 þús., áhvilandi 1300 þús. Skipti á móti Kango eða Caddy. Impex ehf. sími 661 3030 & 825 0544.

## Hópferðabílar



Bens rúta nýlega skoðuð 28 farþega,læsing á drifi hátt og lágt drif. Verð 600 þúsund. Upplýsingar í s. 867 3022.

## Vörubílar



Til sölu bens 814 minnaprófs vörubíll '91 ek.420 þ. m/lyftu. Ný dekk og nýsm. 6m pallur. Verð 700 þús. stgr. Uppl. 664-0595 Kjartan

Forþjöppur, varahlutir, viðgerðarþjónusta. Eigum á lager / getum útvegað flesta varahluti fyrir vörubíla og vinnuvélar. Stilling sími: 520 8000.

M. Benz 813 '79 vörubíll með tvöföldu húsi, löngum palli, sturtum, 2 tonna falco krana. Alltkram gott, hús Sæmilegt. Ekki á númerum. V. 150 þús. Uppl. sendist til Fréttablaðsins, mail smaar@frett.is eða í s. 512 5100.

# föstudagur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS 17. júlí 2009



## KÍKT INN Í FATASKÁP ÁSTU KRISTJÁNSDÓTTUR

„Ég geymi enn þá Buffalo skóna mína, án efa það ljótasta sem ég hef séð.“

### STEFNA Á HEIMS-YFIRRÁÐ

Sara María Júlíusdóttir og Bretinn Nick Knowles með nýja fatalínu

### KISULÓRU-AUGU Í TÍSKU

Heitasta sumarförðunin er svartur eyeliner í anda sjö-unda áratugarins

### DRUKKIÐ MEÐ BAKKUSI

Nýr skemmtistaður opnar á gamla Gauknum í kvöld


MYNDAVÉLAR Í ÚRVALI

Panasonic CASIO OLYMPUS Nikon




Alltaf gæði og góð kaup! 1971 - 2009

Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

SanDisk MINNISKORT ALLAR GERÐIR

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT ▶ REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Hagkaup, Borgarnesi. Samkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. Skipavík, Stykkishólmi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi. Samkaup, Ísafirði. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. Krákur, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Hagkaup, Akureyri. Heimilistæki, Akureyri. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: Samkaup, Egilsstöðum. Kauptún, Vopnafirði. Samkaup, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Martölvan, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Geisli, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Tækniráð, Grindavík. Hagkaup, Njarðvík.

# núna
✻ lífið og fólkið

helgin MÍN



## ATLI FANNAR BJARKASON, RITSTJÓRI MONITORS

Í kvöld er ég að fara á útgáfuball hjá Veðurguðunum vegna nýju plötunnar þeirra, Góðar Stundir. Á morgun fæ ég loksins frí í vinnunni og ætla að grilla og njóta sólarinnar. Svo á sunnudaginn ætla ég ekki að gera neitt nema sitja úti á svölum og slaka á.

### Sumarást



Ofurtöffarinn Krummi í Mínus er kominn með nýja kærustu en daman sú heitir Hildur og er að læra grafíska hönnun í LHÍ ásamt því að vinna á skemmtistaðnum Jacobsen. Fyrrverandi unnusta Krumma, Harpa Einarsdóttir flutti til Bandaríkjanna til að vinna sem fatahönnuður fyrir ári síðan en þau munu enn vera góðir vinir. Ástin blómstrar í bænum í sumar og þess má geta að Anna Sigga á Geli og Rúnar eigandi Nikita eru einnig farin að stinga saman nefjum og sjást æ oftar í félagsskap hvors annars.



þetta HELST

### Björk lendir í vanda

Söngdívan Björk, lenti í veseni á ónefndum bar á mánudagskvöldið en þar var fólk í annarlegu ástandi sem vildi endilega taka myndir af henni. Björk bað það vinsamlegast um að mynda sig ekki en fólkið gaf sig ekki og elti söngkonuna um barinn með myndavél í von um mynd. Það endaði því með því að Björk flúði af staðnum.

Sara María og Nick Knowles með nýja fatalínu í haust:

# VARGUR STEFNIR Á HEIMSYFIRRÁÐ

Fatahönnuðurinn Sara María Júlíudóttir og Bretinn Nick Knowles hafa komið á laggirnar nýrri fatalínu sem hefur fengið nafnið Vargur. Tvíeykið hefur háleit markmið fyrir framtíðina og stefnir á að gera Varg að alþjóðlegu hönnunarmerki með íslenskri sál. Hugmyndin er að vinna flíkurnar út frá minnum úr sögu og menningu þjóðarinnar og byggja þannig upp alþjóðlegt vörumerki með íslenskri sérstöðu.

Nick er landinu vel kunnur og hefur heimsótt það árlega frá árinu 2004 í tengslum við Airwaves-tónlistarhátíðina, en fyrirtækið sem hann starfar hjá skipuleggur Kerrang-hljómleikakvöldin sem hafa verið fastur liður á hátíðinni undanfarin ár. Hann segist strax hafa heillast af landinu og þeirri miklu orku sem hér ríkir. „Ísland er alveg einstakt land og ég held að Íslendingar átti sig ekki á því. Tungumálið, menningin og þessi óbeisluðа orka sem ríkir allt um kring er það sem við viljum reyna að fanga og gera að sérstöðu Vargs," segir Nick.

Sara María hefur mikla trú á verkefninu og segir ómetanlegt að hafa fengið Nick í lið með sér. Þegar hún er spurð hvort skynsamlegt sé að leggja út í annað eins verkefni í miðri kreppu segir hún að stundum verði fólk einfaldlega að taka áhættu. „Við ætlum að gera þetta af skynsemi og höfum búið til góða viðskiptaáætlun. Við ætlum að byggja fyrirtækið upp hægt en örugglega, án þess að koma okkur í skuldasúpu. Þetta samstarf þýðir líka að ég get alfarið einbeitt mér að hönnuninni á meðan Nick sér um viðskiptahliðina. Í Nakta apanum þurfti ég að vera allt í öllu sem þýddi að það var alltaf eitthvað sem sat á hakanum hjá mér," segir Sara María.

Nick segir að mikil áhersla verði lögð á að skapa sterka, íslenska ímynd fyrir vörumerkið og verður Sara María þar í aðalhlutverki. Vargur kemur á markaðinn í haust og verður fatnaðurinn fyrst um sinn seldur í versluninni Nakta apanum og á netinu, en þar geta viðskiptavinir lesið sér til um sögurnar sem unnið er með í hverri flík. „Við ætlum að byrja smátt en stefnum á heimsyfirráð," segir Sara kát í bragði.

- sm



**Vargur** Sara María og Nick vinna að nýrri fatalínu þar sem unnið er með íslenska arfleifð og sögu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

ÚTSALAN ER HAFIN
20–50 %
AFSLÁTTUR
AF VÖLDUM VÖRUM
DUKA
Kringlunni 4-12
Sími 533 1322 | duka@duka.is



FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

**Spenntur** Jón Pálmar, einn þriggja eigenda staðarins, mun sjálfur afgreiða á barnum um helgina.

Nýr skemmtistaður opnar annað kvöld:

# Drukkið með Bakkusi

Ölhúsið Bakkus verður opnað annað kvöld. Barinn stendur við Tryggvagötu 22, þar sem Gaukur á Stöng var áður til húsa. Staðurinn opnar klukkan 19.00 og munu Dj Lamborghini og Dj Kári halda uppi fjörinu með skífuþeytingum langt fram á nótt. Jón Pálmar Sigurðsson, einn þriggja eigenda staðarins, segist fullur tilhlökkunar fyrir kvöldinu, „Barinn er að mestu tilbúinn og allir eru spenntir fyrir opnuninni, enda er þetta búið að kosta blóð, svita og tár. Ég verð sjálfur á bak við barinn að afgreiða og við verðum með ódýrar veigar í boði fyrir gesti." Jón Pálmar segir að mikil áhersla verði lögð á að gott úrval af sérpöntuðum vodka standi gestum Bakkusar til boða. „Ég vona að sjálfsögðu að sem flestir láti sjá sig hér á morgun," segir Jón Pálmar að lokum.

- sm

✻ augnablikið



**SÖNGKONAN OG FORSETAFRÚ FRAKKLANDS** Carla Bruni Sarkozy vakti athygli fyrir smekklegan og sumarlegan Dior-kjól við hátíðarhöldin vegna bastilludagsins í París nú á þriðjudag.

föstudagur
**Útgáfufélag** 365 miðlar ehf. **Forsíðumynd** Arnþór Birkisson **Ritstjórn** Anna Margrét Björnsson **Útlitshönnun** Kristín Agnarsdóttir **Auglýsingar** Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is sími 512 5462 **Föstudagur** Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000



áður 2.490,-
nú 996,-

40%



40%

áður 490,-
nú 294,-



60%

áður 3.490,-
nú 1.396,-

40%

áður 1.290,-
nú 774,-



áður 1.490,-
nú 894,-

50%



Ilmkúlur
áður 790,-
nú 395,-

70%



Settið
áður 1.990,-
nú 597,-

70%



6 kerti saman
áður 590,-
nú 177,-

30%



áður 6.990,-
nú 4.893.-



Skart
verð frá 474,-

40%



50%



CD rekki
áður 3.990,-
nú 1.995,-


the PIER

kemur stöðugt á óvart ...

Smáratorgi 3 / 201 Kópavogi / sími: 522 7860 / / Korputorgi / 112 Reykjavík / sími: 522 7870

# tíska

* fylgist vel með



**HEITASTA PARTÍMYNDAVÉLIN** í sumar er Lomo, undarleg rússnesk uppfinning sem framkallar skemmtilega skrítnar ljósmyndir. Fæst hjá Hans Petersen.

Mun aldrei aftur ganga í Buffalo-skóm

# ÁSTA KRISTJÁNSDÓTTIR LJÓSMYNDARI

***Getur þú lýst þínum stíl?*** Ég klæði mig misjafnlega eftir því hvernig mér líður og hvernig ég lít út. Getur verið allt frá því að vera svartklædd frá toppi til táar út í litasprengjukjóla frá Nakta apanum.

***Hvað dreymir þig um að eignast í vetur?*** E-label leðurleggings sem koma í september.

***Hvað keyptir þú þér síðast?*** Japanskan fléttuklút á Bricklane.

***Uppáhaldsverslun?*** Topshop.

***Uppáhaldsfatamerki?*** E-label, Balmain, Topshop unique, Humanoid, Nakti apinn, Opening ceremony, Marc Jacobs, Aftur, Agent provocateur, Marjan Pejoski og mörg fleiri.

***Finnst þér merki á fötunum skipta máli?*** Það sem skiptir máli er sniðið, líka að flíkin sé sérstök og hafi notagildi. Það fer oft saman þegar maður kaupir góð merki en lógóið á flíkinni skiptir mig engu máli.

***Eru einhver tískuslys í fataskápnum þínum?*** Ég geymi enn þá Buffalo slönguskinnsskóna mína (tvöföld hæð), án efa það ljótasta sem ég hef séð.

***Í hvað myndir þú aldrei fara?*** Ég mun aldrei aftur ganga í Buffalo-skóm

***Hvert er skuggalegasta fatatímabilið þitt?*** Það er ´90-tímabilið.

***Hver eru uppáhaldstískutímaritin þín?*** V, Dazed, Selfservice, Ítalska Vogue, Muse, Tank, Volt

***Hverjar eru helstu tískufyrirmyndir þínar?*** Kate Moss, Chloe Sevigny og Karl Lagerfield

***Hvað finnst þér mikilvægast til þess að kona geti kallast „vel klædd"?*** Ef fólk fílar sig vel í því sem það klæðist er það vel klætt. Ef fólki líður illa í fötunum sem það klæðist þá sést það langar leiðir. *- amb*







**P**allíettukjóllinn nefnist Dynasty dress og er frá væntanlegri línu E- label.

**S**kartið er allt frá E-label.






# MASSAHURU MORIMOTO

ÁHRIFA-valdurinn

**Hrefna Rósa Sætran, matreiðslumaður og umsjónarmaður sjónvarpsþáttarins Matarklúbburinn**



Hrefna Rósa Sætran er ekki sein til svars þegar hún er beðin um að nefna sinn helsta áhrifavald í lífinu. „Það mun vera japanski kokkurinn Massahuru Morimoto,“ segir hún. „Mál er þannig með vexti að ég hef alltaf verið hrifin af asískri matargerð og þá sérstaklega þeirri japönsku, vegna þess hversu einföld og falleg hún er. Fyrst eftir að ég fór að elda fór ég að kynna mér alls kyns hefðbundna kokka og uppgötvaði síðan Massahuru Morimoto í gegnum sjónvarpsþættina Iron Chef, en hann sigraði í þriðju þáttaröðinni.“ Hrefna segist meðal annars hafa heillast af tækni þessa japanska matreiðslumeistara. „Hún er bara svo ólík því sem við þekkjum í Evrópu. Japanir verka til dæmis fisk með allt öðrum hætti en við og neyta hans með ólíkum hætti. Svo er Morimoto sushi-kokkur, sem þýðir að hann er með sex ára nám að baki.“ Hrefna hefur reynt að tileinka sér margt í speki þessa áhrifavalds, þótt hún viðurkenni fúslega að sumt sé ekki hægt að bera á borð hérlendis. „Fólk yrði bara hissa ef það fengi það á diskinn hjá sér.“



Litabombur í Kólumbíu

# Sundfatatíska í Suður-Ameríku

Í síðustu viku var tískuvika í borginni Cali í Kólumbíu þar sem áhersla var lögð á sundföt, en vorið þar syðra byrjar þegar haustið okkar fer að skella á. Hönnunarfyrirtækið Armonia sýndi afar litrík og exótísk bikini með sniðum sem minntu á áttunda áratuginn. Þessar íturvöxnu kólumbísku fyrirsætur vöktu óskipta athygli sýningargesta.

*- amb*







# útlit

✻ tælandi sumar




**STRESS GETUR ORSAKAÐ** þurrk, bólur, roða og fleiri vandræði fyrir húðina. Lotion destressante frá Chanel er nýtt krem sem róar húðina og kemur henni í fullkomið jafnvægi.

## ✻ algjört möst

**1** Gynotex tíðatappar. Þeir eru fyrirferðarlitlir og hægt er að njóta ásta með þá, þrátt fyrir viðkvæmt tímabil.



**2** Hattar. Heiðraðu minningu Michaels Jackson með því að skarta hatti svipuðum þeim sem hann gekk með.



**3** Skipulegðu verslunarmannahelgina sem fyrst ef þú ert ekki þegar búinn að því. Hún nálgast!



**4** Dragðu fram sjöttu Harry Potter bókina og lestu hana áður en þú skellir þér á myndina í bíó.




**5** Útvegaðu þér flotta lopapeysu fyrir ferðalagið. Það allra heitasta í útilegutískunni.



Kisulóruútlit í sumar

# Eyeliner sjöunda áratugarins í tísku

Það sem er heitt núna er svartur eyeliner.“ segir Írís Björk Krishna Bergsdóttir, förðunarfræðingur hjá Make Up Store. „Þá er mótuð þykk lína með smá krók í endann sem gefur dálítið kisulóruútlit. Eyeliner-línan er vel mótuð og einnig er settur augnblýantur inn í vatnslínuna. Gylltir og brúnir litir eru líka mjög vinsælir núna til að ná fram þessu náttúrulega milda útliti. Einnig er mjög gaman að mixa þá með þessum skæru litum.“ Að sögn Írisar eru litir á vörum í sumar margs konar, en þeir sem eru mest áberandi eru mildir bleikir litir. „Fallegt er að tóna kinnalitinn við varalitinn og hafa hann bleiktóna ef varir eru bleikar,“ útskýrir hún.

Það er ákveðin tækni að setja blautan eyeliner á augun. Eyeliner-inn hjá Make Up Store er þurr og í svokölluðu kökuformi og hann þarf að bleyta upp með vatni. „Gott er að hræra vel í honum þannig að liturinn verði þykkur. Það auðveldar ásetningu og eykur endingu. Best er að nota stífan bursta til að dúppa örlitlum lit milli augnháranna til að þétta þau. Fyrir óvana er auðvelt að gera augnháralínu með því að nota flatan eyeliner-bursta og stimpla niður litnum með burstanum til að ná fram fallegri jafnri línu. Einnig er hægt að nota mjóan eyeliner-bursta til draga eða teikna fallega línu fyrir þá sem treysta sér. Mixing Liquid er vökvi sem hægt er að nota í staðinn fyrir vatn og gerir það að verkum að eyeliner-inn verður vatnsheldur og endist lengi. Það er líka hægt að fá gel-eyliner sem kemur eins út en þarf ekki að bleyta upp.“ Íris Björk leggur mikla áherslu á ljómandi og frísklega húð á þessum árstíma. „Það er alltaf flott að vera með wonder powder á sumrin, steinefnapúður sem gefur smá ljóma og næringu. Einnig er hægt að nota bronspennann til að blanda út í meikið til að fá fallegan ljóma, það kemur líka vel út að nota hann til að lýsa upp kinnbeinin.“

*- amb*

**Förðun:** Íris Björg Krishna Bergsdóttir
**Hár:** Alexandra Sif Nikulásdóttir
**Módel:** Soffía Tinna Gunnhildardóttir



Íris Björg Krishna Bergsdóttir Make up módel sumarförðun




# FRÉTTABLAÐIÐ ÞITT Á NETINU

EINFALT, ÞÆGILEGT OG ALLTAF TIL TAKS



FRÉTTABLAÐIÐ FRÍTT

FRÉTTABLAÐIÐ ÞITT Á VISIR.IS



Emma Watson MYND/GETTYIMAGES

# Kvenleg Emma watson

Þó að hún sé best þekkt fyrir hlutverk sitt sem Hermione Granger í Harry Potter-myndunum, lét Emma Watson Gryffindor-bindið og restina af Hogwarts-skólabúningnum fjúka þegar hún mætti á frumsýningu nýjustu Harry Potter-myndarinnar í London í seinustu viku. Í staðinn mætti hún í kvenlegum og þó nokkuð flegnum síðum kjól, hönnuðum af Ossie Clark og með gylltan Fil de Camelia-hring frá Chanel. Emma hefur vakið töluverða athygli fyrir smekklegan klæðnað og var nýverið ráðin sem hið nýja andlit Burberry. Þá hafa myndir af Emmu birst í ófáum tímaritum síðustu mánuði og mun hún prýða forsíðu Teen Vogue í ágúst.
*- hds*

# ´80-fílingur hjá Dorothy Perkins

Mittismjóir kjólar, kvenlegar kápur, þröngar gallabuxur og blöðrupils koma skemmtilega saman í nýrri fatalínu frá Dorothy Perkins. Níundi áratugurinn í bland við nútímalegri strauma eru helsti áhrifavaldurinn og sést það augljóslega á jökkunum sem eru ýmist víðir strákajakkar, með axlapúðum, eða djúpu V-hálsmáli sem var mjög vinsælt hér áður fyrr. Alls konar munstur eru sjáanleg í línunni en mikið er um dýramunstur, snákaskinn, blúndur, gull og glimmer. Aukahlutirnir skipta miklu máli en mikið er af litríkum og fallegum beltum, klútum, litlum handtöskum og sokkabuxum í skærum litum. Gott úrval er einnig af ökklaskóm með háum hælum sem eru til í mörgum útgáfum og eru í stíl við fötin.
*- hds*



**Töff og stelpulegt** Leður, litir og skemmtilegir fylgihlutir frá Dorothy Perkins





# Brjóstsykurslitir frá Opi

Nýja naglalakklínan frá Opi er einstaklega sumarleg og heillandi þetta árið. Hún nefnist South Beach eins og heitasta hverfi Miami þar sem stjörnurnar eru öllum stundum. Litatónarnir minna á sumar og sól og jafnvel hlýjan sjó og kóralrif og eru í appelsínugulum, fjólubláum, bleikum og rauðum tónum. Fullkomið á sæta fætur og neglur í sumar. *- amb*




TILBOÐ
Ný sending, sama verð
2 DUX 1001/Original 90x200cm
Xtandard yfirdýna 180x200cm
Ascot höfuðgafl og rykfaldur




Aðeins
kr. 420.000
3 litir: Beige, brúnt og svart
Takmarkað magn

DUXIANA®
ADVANCED TECHNOLOGY IN SLEEPING
Ármúla 10 | sími: 5689950 | www.duxiana.com



# FRÁBÆR FÖSTUDAGUR

**Þrúður Vilhjálmsdóttir leikkona**



**1. Ég vakna og fæ mér góðan morgunmat og kaffibolla með syninum.**



**2. Ég væri rosalega ánægð með að komast í ræktina úti á Nesi. Mér líður alltaf svo vel á eftir.**



**3. Hitti vinkonur mína á Grænum kosti eftir ræktina og fæ mér súpu.**

**4. Kíki í Mál og menningu og læt eftir mér að kaupa nokkrar bækur, sem er með því skemmtilegra sem ég geri.**




**5. Ég enda svo á ferð upp í bústað í Borgarfirði þar sem ég grilla ásamt syni mínum.**




© Inter IKEA Systems B.V. 2009




ÚTSALA

ÚTSALAN Í FULLUM GANGI!

Opið alla daga 11-19 | Veitingastaður opinn 9:30-18:30 | www.IKEA.is

9. júlí - 1. ágúst

IKEA



www.orlagalinan.is
Örlaga línan
Miðlar, spámiðlar, draumráðningar.
Opið öll kvöld í síma
595 2001 & 908 1800

## Rafvirkjun

Raflagnir
Dyrasímar
Set upp ný dyrasímakerfi og geri við eldri. Endurnýja raflagnir í eldra húsnæði ásamt viðgerðum og nýlögnum.
Fljót og góð þjónusta
Sími 893 1733
Jón Jónsson
Löggiltur rafverktaki
www.raflagnir.is

## Trésmíði

**smidaland.is**
Nýsmíði, viðhald, gluggar, sólpallar, skálar, þakviðgerðir. Allt milli himins og jarðar. S. 772 0040.

## Önnur þjónusta

GSG
VEGMERKING
➡ Bílastæðamálun
➡ Vélsópun
➡ Malbiksviðgerðir
s. 588 4000 www.bilastaedi.is

# KEYPT & SELT

## Til sölu

**Second Hand verslunin Marilyn Monroe opnar miðvikudaginn 1. júlí !**
**Opið frá kl. 13 - 17.30 alla daga. Úrval af notuðum og nýjum herra- og dömufatnaði á góðu verði. Skór, töskur, slæður ofl. Marylin Monroe, Starmýri 2. (gengið inn frá Álftamýri) s. 866 9747.**



Mjög gott Hobby hjólhýsi á lóð á Laugarvatni. frábær staðsetning, góður pallur. Verð 1.5 m. 660 8211.

20 feta gámur til sölu. Verð 90 þús. Er á höfuðborgarsvæðinu. Uppl. í s. 695 9870.

**Bolalager!!**
C.a 1500 stk af 200 gramma gæðabolum Verð 450.000 100 % bómull. Svartir,Baige,gulir og Army green. Uppl. í síma 847 6400.

## Óskast keypt

**Kaupi gull ! Ég Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi af fólki. Og veiti ég góð ráð. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns.**
**Upplýsingar á demantar. is í s. 699 8000 eða komið í Pósthússtræti 13, Verið velkomin**

**Staðgreiðum gull, demanta og úr.**
**Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumalltgull.is**
**Upplýsingar í síma 661 7000.**

Óska eftir að kaupa CD, DVD diska, PS2 leiki og vínyl hljómplötur. Uppl. í s. 698 8629.

## Heimilistæki

Bang & Olufsen Beolab 8000 sjónvarpsstæða með öllu og beosound 9000 hljómflutningstæki. Allt í einum pakka. Söluv.4,7. Verð 2,5. Uppl. í s. 860 1957.

## Hljóðfæri




**Dúndurtilboð!**
Kassagítarar: 1/4 stærð kr 10.900.- pakkinn með poka, strengjasett og stilliflautu. 1/2 stærð kr. 7.900.- Full stærð kr 12.900.- 3/4 kr. 10.900.- 4/4 kr. 12.900.- Rafmagnsgítarpakkar frá kr. 34.900 Hljómborð frá kr. 8.900 Trommusett kr. 69.900 með öllu. Gítarinn Stórhöfða 27. S. 552 2125 www.gitarinn.is

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## Tölvur

**Er tölvan biluð?**
Kem í heimahús og leysi málið. Kvöld og helgarþjónusta. Áralöng reynsla, 100% ánægja. Magnús 695 2095.

## Vélar og verkfæri

Óska eftir sambyggðri vél, sög, hefill og fræsari. Eða stakar vélar gegn stgr. S. 867 4940.

## Til bygginga

**Óska eftir að kaupa vinnupalla og steypumót gegn staðgreiðslu**
**Frá Layher, Plettac, Hunnebeck eða Rux. Steypumót, frá Peri, Doka eða Hünnebeck. Óska einnig eftir byggingarkrana, t.d. Liebherr, Demag, Grove eða Faun.**
**Hringdu núna, Sverrir s. 693-6445**



**Harðviður til húsabygginga.**
**Sjá nánar á www.vidur.is**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

Timbur til sölu. Sperruefni 40x230mm. kr. 550 meterinn. Lengd 4,3 m, 4,9 m, 5,5 m og 6,1m. S. 857 2158.

Krossviður, timbur, mótaborð, kambstál, gips og fl. uppl. í s: 840-7273 og ulfurinn.is

## Verslun

Stærri limur betri limur
Loksins er komin á markað vara sem gefur þér varanlega stækkun bæði í lengd og þykkt.
Kannaðu málið á bathmate.is
bathmate.is

amor
Egg í miklu úrvali frá kr. 790.-
Tilboð á DVD
Frábært úrval af nýjum titlum.
WET
Full búð af nýjum vörum
• INTIMO •
Örugglega besta rakgelið!
Tökum að okkur heimakynningar.
ATH !
VSK af þegar pantað er á netinu !
Skúlagata 40a s. 562 2433
Dalvegur 16a s. 562 2445
www.amor.is



ÚTSALA! BARNAFÖT 3 FLÍKUR, 5000KR. Emilía Bláu húsin Faxafeni clamal.is.

TANTRA
ERÓTÍSK VERSLUN
Vasaljósa múffurnar komnar aftur með eða án titrara. Besta verðið í bænum!
„SELJUM LATEX FRÍA SMOKKA"
Opið mán-fös 12-20
Laugardaga 12-18 & í Hlíðasmára á sunnud. 12-18
FÁKAFEN 11
HLÍÐASMÁRI 13
s. 588 6969 & 587 6969
WWW.TANTRA.IS

## Ýmislegt

Risabílskúrsala laugard. 18. júlí kl 10-15 í Hábæ 35, Árbæ. Uppl í s:772-2258 Nýtt/Notað

# HEILSA

## Heilsuvörur

Árangur með Herbalife í 29 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

Betri lífsstíll aukin orka með Herbalife. Reynsla í heilsuráðgjöf. Kaupauki/prufur. www.rkb.heilsuskyrsla.is Rannveig iðjuþjálfi/einkaþj. s. 862 5920.

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd

Nudd nudd nudd heilnudd. Tilboð í dag. Uppl. í s. 616 6469.

**Nýtt Nýtt! Nudd - Japanska baðið. Krepputilboð!**
3500.-kr Nudd, 2000.-kr skrúbb og heitur pottur, detox 3500.- kr. Matur 1000.- kr. Ayurveda nudd, sogskálanudd og Tíbet nudd. Opið frá kl. 12.00 alla daga nema sunnudaga. Vaida er komin. Ekkert sex nudd ! S. 823 8280.

**Nudd**
Bíð upp á slökunar og gott heilnudd. Rólegt og gott umhverfi í 101. Sími 896 0082.

**Tantric Massage of Sacred touch**
For men, women and couples. Tel 698 8301 www.tantra-temple.com

Glæsilegt heilnudd. Langar þig í nudd hringdu í s. 662 0841.

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Námskeið

**SIGLINGANÁMSKEIÐ**
Skemmtilegt námskeið fyrir börn og fullorðna. Nánari uppl. s: 895 1551 www.brokey.is

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Fyrir ferðamenn



**Alvöru kælibox fyrir ALVÖRU ferðalanga**
Við eigum líka alvöru frysti og kælikubba! Tilboðsverð á 65lítra kistlinum! 18.675,- m vsk - afgreitt hvar sem er á landinu - Einangrunargildi og ending í sérflokki Pöntunarsími 460 5000

## Fyrir veiðimenn

Alltaf til silungsmaðkar til sölu. S. 899 8561, Gummi.

**Sjóbleikja**
Til sölu veiðileyfi í Fellsá, Kollafirði, Strandabyggð. Upplýsingar veitir Barbara Ósk í síma: 451 3343 og GSM 663 4628.

Laxamaðkar til sölu. uppl. í S. 892 0240.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**Leiguliðar ehf Fossaleyni 16**
**Skrifstofa Leiguliða auglýsir lausar íbúðir, leiguverð frá kr 58.000. Reykjavík, Selfoss, Þorlákshöfn, Akranes, Hafnarfjörður. Gæludýr leyfð. Sjá www.leigulidar.is eða 517 3440.**

**www.leiguherbergi.is Gistiheimili / Langtímaleiga / Guesthouse long term rent.**
**Herb. til leigu. Eldh. baðh. internet, 10 sjónvarpsst., þvottah. Verð frá 35 þús. Dalshraun HFJ og frá 45 þús. Funahöfða RVK. Long term rent. Kitchen, bathroom, 10SAT TV, laundry room. Price from 35.000 ISK. Dalshraun HFJ & 45.000 ISK. Funahöfða RVK.**
**Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

Studio 101 30fm til leigu. Fráb. úts. yfir höfn. 70 þús., laus, nýstands. 896 9694.

Til leigu 64fm 2herb. íbúð, mikið endurnýjuð laus um miðjan ág. Leiga 105þ. á mán. hiti, raf, húss. innif. 868 9944.

Mjög rúmgóð 4. herb íbúð á 4. hæð í miðbæ Kópavogs. 130 þús pr. mán. m. hita og hússjóði. Engin vísitala. Uppþvottavél og þvottavél. Laus strax. Uppl. í síma 665 1702

16 fm. Kjallaraherb. með aðgang að snyrt. til leigu við kleppsveg. Uppl í s. 553 5663.

**Kaupmannahöfn**
Glæsileg 4 herb íbúð á efstu hæð (Lyfta) 15 amagerbrogade, í göngufæri við bæinn. Ísl. eigandi. S: 863 4456, niceice@simnet.is

**101 Rvk**
2ja herb. 52 fm. íbúð í Parhúsi til leigu á 88 þús. Ísskápur og þvottavél geta fylgt. S. 770 7654.

4 herb íbúð í 113 laus 1. ágúst. Sér inngangur, gæludýr leyfð. S. 860 9491.

## Húsnæði óskast

2 landsbyggðarstelpur óska eftir 3ja herb. íbúð helst nálægt HÍ frá 1. sept. Reyklausar, reglusamar og skilvísar. 772 4047 eða hannahj@hi.is.

Óskum eftir að leigja 3 herb. íbúð á sv. 101. Erum reyklausar og reglusamar. Skilvísum greiðslum heitið. S. 697 3246.

Ungur reglusamur kk. óskar eftir húsi til leigu. Get borgað 1 mán. fyrirfram. Greiðugeta ca. 100 þús. Rvk og nágrenni. Uppl. í s. 857 4279.

2-3 herb íbúð óskast til langtímaleigu frá 1 sept í 104-105-202. 60-80þ. mán. góð fyrirframgr. reglusemi og góð umgengni. uppl. í síma 821 5888.

Hjón með 2 ung börn og gæfan hund sem geltir aldrei óska eftir 3-6 herb. húsnæði á höfuðborgarsvæðinu strax, í langtímaleigu. Sérinngangur skilyrði. Öruggar greiðslur+trygging. Uppl. í s. 866 0771.

Háskólanema vantar stúdíó/stórt herbergi m.eld.aðst. fyrir veturinn í 107/101/105. Reyklaus og reglusamur 8691839 birgiss@hotmail.com

## Sumarbústaðir



Til sölu lítið sumarhús. Nýbyggt. Verð 800 þús. Uppl. í s. 840 0613.

Sumarhús til leigu við Laugavatn. Uppl. í s. 840 6260.

## Atvinnuhúsnæði

**Bolholt 4 til leigu**
**170fm verslunarhúsnæði á 1.hæð. Leigutilboð óskast. Laust strax. Einnig 220fm skrifstofuhúsnæði á 2.hæð, hægt að skipta í minni pláss. Húsnæðin eru í góðu ástandi - Góð gólfefnni - Er á milli Kauphallarhússins og Laugvegs 180. Hagstæð leiga/ Tilboð S. 893 8166 og 553 8166 og 581 3757.**

Til leigu 105-210 fm. atvinnuhúsnæði í Hafnarfirði. Lofthæð 4.20m Uppl. í s.892 9260.

Get haft til leigu 30-60 fm iðnaðarpláss. 20 mín. sunnan Hafnafjarðar. Uppl. í s. 894 0431.

Gott, 320 fm. iðnaðarhúsnæði til leigu á Smiðjuvegi. Nánari uppl. í 896 0551.

## Geymsluhúsnæði



Til sölu gámur. Til sölu 20 feta gámur með klósetti og rafmagnstöflu. Verð 400 þús. Uppl. í síma 897-2365

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán.Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Góð verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað.S: 564-6500

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 2074.

## Bílskúr

Til leigu 30 m2 mjög góður bílskúr í miðbæ Kópavogs kr. 35 þúsund pr. mán. m. hita. Uppl. sími 665 1702.

## Gisting

Íbúð eða herbergi til leigu á Akureyri í júlí. Verð 4000 per. mann per. nótt. Upplýsingar í síma 695 7045 & 570 7045.

Vikugisting í glæsilegum hótelíbúðum í Hafnarfirði. Allur húsbúnaður, nettenging, sjónvarp, eldunar- og þvottaaðstaða, 2- 6 í íbúð, verð: 45-90 þús. á viku. Uppl. í síma 899 7004.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Vaktstjóri á Pizza Hut**
Um er að ræða framtíðarstarf. Starfið felst í: Stjórnun vakta, þjónustu og mannastjórnun í samráði við veitingastjóra. Allir vaktstjórar Pizza Hut fá alþjóðlega stjórnendaþjálfun. Hæfniskröfur: Þjónustulund, samviskusemi, reglusemi, hæfni í mannlegum samskiptum. Lágmarks aldur er 25 ár. Áhugasamir sendi inn umsókn á www.pizzahut.is . Nánari upplýsingar veitir Leó veitingastjóri í síma 533-2002 eða 865-9691

Einn heilsudrykkur á dag... ...Náttúruleg og heilbrigð leið til aukinnar orku og betri einbeitingar !
Góðir tekjumöguleikar fyrir öfluga dreifingaraðila
Jen Fe full life one kom á markað í USA í des 2008 og kom svo til landsins í mars 2009.
Enn er öll evrópa eftir.
JEN FE
er byltingakenndur heilsu- og orkudrykkur.
Nánari upplýsingar á blog.jenfe.is/heilsuorka
Hafið samband á heilsuorka@visir.is eða í síma 894 9686

Fjörukráin í Hafnarfirði óskar eftir matreiðslumanni með reynslu til starfa, upplýsingar veittar á staðnum eða í síma 893 6435.

**STÖRF.IS**
Leitaðu á meðal rúmlega 400 atvinnuauglýsinga. Leitin hefst hjá okkur.

Óska eftir tilboði í uppslátt á veggjum í bílskúr. Óska einnig eftir þakjárni, sperruefni 2"9"x 6, tjörupappa, krossvið 12mm og bílskúrshurð 4x3m. Uppl í síma 8979234 Sigurður

## Atvinna óskast

**Sjálfstæður smiður getur bætt við sig verkefnum. Uppl. í s. 770 0970.**

Óska eftir atvinnu við ræstingar á stór Reykjavíkursvæðinu. Hef starfað á Íslandi síðastliðin fjögur ár við ræstingar á hóteli, vil fá mikla vinnu get hafið störf í Ágúst. Upplýsingar eru gefnar í síma 892-7755

# TILKYNNINGAR

## Tilkynningar

**TÖLVU STOLIÐ**
Mac powerbook G4 var stolið í garðabæ á sunnudaginn. Ef þið hafið upplýsingar hringið í síma: 824 3698.

## Einkamál

SÍMAÞJÓNUSTUR
Stefnumót
905-2000 (símatorg)
535-9920 (kreditkort)
535-9923 (frítt, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
Spjall
904-5454 (símatorg, karlar)
535-9940 (kreditkort, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
Gay spjall
535-9988 (kreditkort)
Sögur
905-2002 (símatorg)
535-9930 (kreditkort)
Spjalldömur
908-6000 (símatorg)
535-9999 (kreditkort)

**Símaþjónusta Spjalldömur**
**S. 908 6666 & 908 2000. Opið þegar þér hentar**

Kvk 60+ vill komast í kynni við KK 65-75. Gaman að ferðast innanl. og utanl. Reglus. og reykl. Svör sendist til FBL merkt Sól.

Kona óskar eftir að kynnast reglusömum manni með ferðalög og vináttu í huga. Upplýsingar um viðkomandi óskast sendar í afgreiðslu Fréttablaðsins fyrir 22. júlí. Merkt „Kynning 2009“

### Sólarupptaka!
Hún lagðist út á svalir, sveitt í sól og blíðu (með leikfang!) og lágróma hljóðritaði hún þessa frábærlega djörfu upptöku. Þú heyrir uppt. hjá Sögum Rauða Torgsins í s. 905-2002 og 535-9930, upptl. nr. 8167.

### Dömurnar á Rauða Torgi
Þær eru síbreytilegur hópur yndislegra kvenna sem finnst gaman að heitum samtölum og djörfum símaleikjum. Hver verður vinkona þín í kvöld? Símar 908-6000 og 535-9999.

### Spennandi kona
með ákaflega fallega og mjúka rödd vill kynnast karlmanni með ljúfa stund í huga. Augl. hennar er á Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 og 535-9920, augl.nr. 8309.

### Mjög opinská
auglýsing ungrar konu. En hvers leitar hún? Þú heyrir augl. hjá Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 og 535-9920, augl.nr. 8104.

### 43 ára karlmaður
algjör skvísa, vill kynnast karlmanni. Augl. hans er á Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 og 535-9920, augl.nr. 8758.

## Dansleikir


Hamraborg 11
200 Kópavogur
Café Catalina
S: 554-2166

Í kvöld spilar hljómsveitin
**Vanir menn**

*Catalina*
Allir velkomnir
Snyrtilegur klæðnaður áskilin
Hádegismatur alla virka daga
Sérréttaseðill – Smáréttaseðill
Allar veitingar á vægu verði.
Hamborgaratilboð !
Útleigusalur
Boltatilboð

Boltinn í beinni!



vísir.is
"...ég sá það á vísi"



ALLT MATUR

Leitið upplýsinga hjá sölufulltrúum;
Jóna María 512 5473
Hugi 512 5447


## Tilkynning

**IN THE GRAND COURT OF THE CAYMAN ISLANDS**
**FINANCIAL SERVICES DIVISION**

**CAUSE NO: 245 OF 2009**

**IN THE MATTER OF SECTION 94 OF THE COMPANIES LAW (2007 REVISION)**
**AND IN THE MATTER OF AWAIR LIMITED**

**TAKE NOTICE** that a Petition for an order that **AWAIR LIMITED** whose registered office is situated at PO Box 309, Ugland House, South Church Street, George Town, Grand Cayman, KY1-1104, Cayman Islands (the "Company") be put into liquidation and wound up in accordance with the provisions of the Companies Law has been presented to the Grand Court of the Cayman Islands.

The Petition was presented by **GE Capital Equipment Finance Ltd.**, of Trinity Square 23/59 Staines Road, Hounslow Middlesex TW3 3HF, United Kingdom. Copies of the Petition and supporting affidavits may be obtained free of charge from the Petitioner's attorneys:

Appleby
Clifton House
75 Fort Street
PO Box 190
Grand Cayman KY1-1104
Cayman Islands
Telephone: (345) 949 4900
Fax: (345) 949 4901.

AND FURTHER TAKE NOTICE that the hearing of the Petition will take place on 31 July 2009 at the Law Courts, George Town, Grand Cayman at 10.00am and that any creditor or shareholder of the Company may be heard on the Petition provided that he has given three (3) days notice to the petitioner's attorneys.

Skipulags stofnun

### Mat á umhverfisáhrifum
**- Ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu framkvæmda**

**Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að eftirtalin framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum. nr. 106/2000 m.s.br.**

Stækkun olíubirgðastöðvar Olíudreifingar ehf. á Litla-Sandi, Hvalfjarðarsveit.

Ákvörðunin liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, 150 Reykjavík. Hana er einnig að finna á heimasíðu Skipulagsstofnunar: **www.skipulag.is**.

Ákvörðun Skipulagsstofnunar má kæra til umhverfisráðherra og er kærufrestur til **17. ágúst 2009.**

**Skipulagsstofnun**

## Fasteignir

101 REYKJAVÍK FASTEIGNASALA

**OPIÐ HÚS FÖSTUDAGINN 17 JÚLÍ MILLI KL : 12:00-22:00**
**Eyjatún 9 – við Meðalfellsvatn.**




Mjög fallegt mikið endurnýjað heilsárshús með stórri verönd á þrjá vegu. Húsið skiptist í : forstofu, gang, stofu, sólstofu, eldhús, 2 herbergi, svefnloft auk geymslu. Í bústaðnum er rafmagn og kalt vatn, nýr hitakútur. Lóðin er ca: 2500 fm leigulóð. Mjög vel staðsett eign á þessum vinsæla stað'

**Stefán 895-8299 tekur vel á móti ykkur í dag milli kl : 12:00-22:00**

## Útboð

# Útboð

**Dagvist fatlaðra og skrifstofuaðstaða Fjölnis í Egilshöll.**
**Innanhúss frágangur.**

Rekstrarfélagið Fossaleyni 1 óskar eftir tilboðum í á aðstöðu fyrir Dagvist fatlaðra og skrifstofuaðstöðu Fjölnis í Egilshöll.

Lauslegt yfirlit yfir verkið.

Um er að ræða að endurinnrétta 600 m2 húsnæði í suðurhluta (Suðurhúsi) Egilshallar við Fossaleyni 1 í Grafarvogi. Til skamms tíma hefur verið rekið þar gistiheimilið Atley. Áformað er að innrétta 450 m2 fyrir Dagvist fatlaðra á vegum Reykjavíkurborgar og 160 m2 fyrir skrifstofuaðstöðu fyrir Ungmennafélagið Fjölni.

Í framkvæmdum er gert ráð fyrir lágmarksbreytingum á núverandi húsnæði og fyrirkomulagi.

Í megin dráttum munu hluti veggja verða fjarlægðir og fáir nýjir gerðir. Lofta- og gólfefni munu halda sér og verða viðgerð eftir þörfum. Salerni og vatnslögnum verður breytt lítillega sem og rafmagni. Nýjar innréttingar verða aðallega í eldhúsi.

Útboðsgögn verða afhent í anddyrir Egilshallar kl.14 föstudaginn 17.júlí en annars á skrifstofu ALARK arkitekta að Dalvegi 18, Kópavogi.

Til að verktaki geti betur gert sér grein fyrir umfangi verks verður kynningafundur á staðnum mánudaginn 20.júlí kl.13.00 við inngang Egilshallar.

**Óskað er eftir að verktaki taki að sér fyrir fasta upphæð að fullklára verkið fyrir 21. ágúst 2009.**

**Nánari upplýsingar gefur :**
Jakob Líndal arkitekt , netfang: jakob@alark.is, sími: 664-8801


512 5050
Auglýsingasími

– Mest lesið



# Hjálpaðu umhverfinu með Blaðberanum

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 8-17.



Blaðberinn... ...góðar fréttir fyrir umhverfið



*Okkar ástkæra móðir, tengdamóðir og amma,*

**Fanney G. Hannesdóttir**

Neðstaleiti 4, Reykjavík,

lést á líknardeild Landakotsspítala þann 14. júlí síðastliðinn.
Jarðarförin auglýst síðar.

**Bára Brynjólfsdóttir**
**Brynjólfur G. Brynjólfsson** **Emma Eyþórsdóttir**
**Sólveig Hlín Brynjólfsdóttir.**



*Elskulegur sambýlismaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Hjálmar Indriði Guðmundsson**

bóndi og bifreiðastjóri, Korná, Skagafirði,

lést að heimili sínu að morgni sunnudagsins 12. júlí.
Útförin fer fram frá Goðdalakirkju miðvikudaginn 22. júlí kl. 14.00.

**Birna Hjördís Jóhannesdóttir**
**Sólborg Rósa Hjálmarsdóttir** **Þórmundur Skúlason**
**Jóhannes Hjálmarsson** **Ólöf Þórhallsdóttir**
**Guðmundur Hjálmarsson** **María Bergþórsdóttir**
**Monika Björk Hjálmarsdóttir** **Högni Elfar Gylfason**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Ástkær móðir mín, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Katrín Ragnarsdóttir**

dvalarheimilinu Grund
áður Hjaltabakka 20, Reykjavík,

lést mánudaginn 13. júlí á dvalarheimilinu Grund.
Jarðsungið verður frá Fossvogskirkju þriðjudaginn 21. júlí kl. 13.00.

**Svava Guðmundsdóttir** **Friðrik Bridde**
**Anna M. Bridde** **Elvar M. Birgisson**
**Katrín D. Bridde**
**og langömmubörn.**



*Okkar ástkæra*

**Anna Jónsdóttir**

Laufhóli, Skagafirði, er látin.

Útförin fer fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir.

**Steingrímur Vilhjálmsson**
**Gunnlaugur Steingrímsson** **Svala Jónsdóttir**
**Símon R. Steingrímsson** **Sigrún Höskuldsdóttir**
**Vilhjálmur Steingrímsson** **Ásdís Garðarsdóttir**
**Halldór S. Steingrímsson** **María Steingrímsdóttir**
**Kristín S. Steingrímsdóttir** **Sigurður Sv. Ingólfsson**
**Sigurður Steingrímsson** **Kristjana Friðriksdóttir**
**Sigurlaug G. Steingrímsdóttir** **Eyjólfur Árnason**
**Anna H. Steingrímsdóttir** **Hafþór Hermannsson**
**Auður Steingrímsdóttir** **Guðmundur Sveinsson**
**Eysteinn Steingrímsson** **Aldís Axelsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Móðir okkar,*

**Þorbjörg Eggertsdóttir**

frá Neðri-Dal,

lést 15. júlí á Dvalarheimilinu Kirkjuhvoli, Hvolsvelli.

**Ingvar Ingólfsson** **Helga Fjóla Guðnadóttir**
**Lilja Ingólfsdóttir** **Viggó Pálsson**
**Þórhallur Guðjónsson**
**Tryggvi Ingólfsson** **Elísabet Andrésdóttir**
**Ásta Gréta Björnsdóttir** **Kjell Arne Alvestad**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

**DAVID HASSELHOFF**
**ER 57 ÁRA Í DAG.**

*„Það eru mörg deyjandi börn í heiminum sem eiga þá hinstu ósk að fá að hitta mig.“*

***David Hasselhoff er bandarískur leikari sem frægastur er fyrir hlutverk sitt sem Mitch Buchannon í sjónvarpsþáttunum Baywatch sem á heimsmet í áhorfi. David var einnig þekktur tónlistarmaður í Þýskalandi og Austurríki á 8. og 9. áratugnum. Nú er hann dómari í þáttunum America's got talent.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 17. JÚLÍ 1762

## *Katrín mikla til valda*



Katrín önnur keisaraynja, eða Katrín mikla, tók opinberlega við völdum í Rússlandi þennan dag eftir að eiginmaður hennar Pétur þriðji var myrtur í tilraun til valdaráns. Katrín, sem hét Sophie Friederike Auguste áður en hún gekk í rússnesku rétttrúnaðarkirkjuna, fæddist í Stetten í Prússlandi 2. maí 1729. Hún giftist Pétri árið 1745, þá16 ára og eignaðist með honum tvö börn. Rússneska heimsveldið dafnaði undir hennar stjórn. Katrín stórbætti stjórnsýsluna og vann ötullega að því að gera Rússland nútímalegra og styrkti rússneskt listalíf. Hún þótti fær í utanríkismálum og kom Rússlandi í fremstu röð Evrópuríkja. Katrín átti marga elskhuga sem vakti mikið hneyksli.

**HERDÍS EGILSDÓTTIR:** HELDUR UPP Á 75 ÁRA AFMÆLIÐ Í HELLI Á MORGUN

# Mér hefur aldrei liðið betur

Herdís Egilsdóttir rithöfundur er ung í anda þó hún eigi 75 ára afmæli á morgun og það er létt yfir henni þegar hún lýsir væntanlegum veisluhöldum sem fram fara í helli við smábátahöfnina í Reykjanesbæ. Þar situr einmitt skessa sem gerð er eftir sögum Herdísar um Siggu og skessuna í fjallinu. „Þó ég búist við að flestallir sem ég þekki séu í laxi eða sumarbústað þá ætlar skessan hvorki að veiða né vera í bústað, nema sínum, svo ég ákvað að vera hjá henni, hvað sem á gengur.“

Herdís kveðst áður hafa haldið upp á afmæli eins vel og hún gat og ekki sé á döfinni að gera það á sama hátt aftur. „Þegar ég sagði dótturdóttur minni að ég ætlaði vera í hellinum núna sagði hún: „Þú verður þá að baka lummur.“ Lummubakstur er nefnilega einkenni gestamóttöku hjá skessunni í öllum bókunum mínum. Því verða bara heimagerðar lummur af fjölbreyttri gerð í afmælinu og eitthvað að drekka fyrir börn og fullorðna,“ Hún segist ekki hafa hugmynd um hvort einhverjir mæti. „Ég bauð engum en allir eru velkomnir. Hellirinn er bara opinn og lummurnar koma heitar af pönnunum beint ofan í þá sem vilja þiggja á milli 3 og 5.“ segir hún.

Allt verður í stíl því Herdís kveðst ætla að hafa drynjandi tröllasöng í bakgrunni. Það er tónlist af plötunni Gegnum holt og hæðir sem kom út á níunda áratugnum með textum hennar úr samnefndri sögu og leikriti. „Þetta er eins og tekið upp úr handraðanum heima hjá mér. Ég er öll í tröllunum,“ segir þessi fínlega kona hlæjandi. En hvernig skyldi henni líða með árin 75?

„Ég skal segja þér, og ég er ekkert að skrökva, að mér hefur aldrei liðið betur. Með tímanum hef ég orðið mátulega kærulaus og ekki eins viðkvæm fyrir sjálfri mér og áður. Ég var svo mikið strá þegar ég yngri. Ég á svo mörg áhugamál og bara leik mér að þeim. Ég er að skrifa og ég er að sauma úr roði og hanna töskur og alls konar dótarí. Það er eiginlega of langt upp að telja. En uppáhaldstækin mín heima eru ekki hrærivélin og ryksugan heldur tölvan, saumavélin og píanóið.“

gun@frettabladid.is



**VINKONURNAR** Herdís hefur skrifað sextán bækur um skessuna í fjallinu og hér eru þær saman. Skessan er fimm metra há og sver eftir því, ruggar í stól, hrýtur og deplar augunum. „Hún er sko draumur,“ segir Herdís. MYND/HALLDÓRA BJÖRNSDÓTTIR



*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur vináttu, samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegs eiginmanns, föður, tengdaföður, afa, langafa og langalangafa,*

**Árna Jóhannesar Hallgrímssonar**

Breiðuvík 6, 112 Reykjavík.

Sérstakar þakkir til starfsfólks á deildum 13E, 13G og 14E á Landspítalanum við Hringbraut, Heimahlynningar LSH og Heimahjúkrunar fyrir umönnun í veikindum hans.

**Ásdís Ásgeirsdóttir**
**Ása Árnadóttir** **Sigurdór Friðjónsson**
**Kristjana Vilborg Árnadóttir** **Hannes Björn Friðsteinsson**
**Guðrún Árnadóttir** **Ásgeir Óskarsson**
**Ásgeir Þór Árnason** **Karlotta Jóna Finnsdóttir**
**Hallgrímur Árnason**
**Sigurður Árnason** **Kari Anne Østby**
**Dagný Árnadóttir** **Hafsteinn Hróbjartur Hafsteinsson**
**barnabörn, barnabarnabörn, barnabarnabarnabörn.**



# 105 ára afmæli

## Margrét Hannesdóttir

Margrét Hannesdóttir, Langholtsvegi 15, Reykjavík, varð 105 ára miðvikudaginn 15. júlí 2009. Af því tilefni býður hún fjölskyldu sinni og vinum til afmælisfagnaðar að Grand Hótel Reykjavík laugardaginn 18. júlí kl. 15.00.

Margrét fæddist að Núpsstað í V-Skaftafellssýslu 15. júlí 1904, elst 10 systkina, 5 eru látin. Auk Margrétar eru nú á lífi Filippus, fæddur 2. desember 1909 og verður hann því 100 ára á þessu ári, hann býr á Núpsstað, Jón, fæddur 14. nóvember 1913, hann býr í Svíþjóð, Jóna Aðalheiður, fædd 30. mars 1923 og Ágústa Þorbjörg, fædd 4. ágúst 1930, þær búa á höfuðborgarsvæðinu.

Foreldrar hennar voru Hannes Jónsson, f: 1880, d: 1968, Landpóstur á Núpsstað og Þóranna Þórarinsdóttir, f: 1886, d: 1972. Margrét giftist 1930 Samúel Kristjánssyni, f: 1899, d: 1965 og eignuðust þau 5 börn, þau eru Hanna Þóranna, f: 22.03.1932, Jón Valur, f: 21.08.1933, Elsa, f: 23.11.1935, Auður Helga, f: 20.12.1941, hún er látin og Margrét f: 11.03.1944, alls eru afkomendur Margrétar Hannesdóttur 56 að tölu.

# BT

**BT berst við vextina**

**BT LÉTTVEXTIR 7,7%**
Raðgreiðslur
á kreditkort
til allt að 24 mánaða.
Allar vörur
á Léttvöxtum í BT!

## Verbatim Margmiðlunarspilari

**500 GB með nettengi**

**Ótrúlega skemmtilegur margmiðlunarspilari frá Verbatim. Spilar beint af 500GB innbyggðum disk eða frá tölvum tengdu heimanetinu.**

500GB harður diskur
Nettengi 10/100
1080i stuðningur við FullHD
Digital audio 5.1
Hægt er að læsa möppum með lykilorði
Fjarstýring fylgir
Spilar eftirtaldar skráargerðir:
MPEG 1,2,3 (MPG, MPEG, AVI, M2V, DAT, VOB) / XviD,MP3, WMA, OGG Vorbis,JPG

**29.999**
34.999

BT léttvextir 7,7%

BT LÁN
Verð frá:
**1.537**
24 mánaða





## Acer Aspire 5516

**15,6" WXGA CrystalBrite skjár**

BT léttvextir 7,7%

**79.999**

BT LÁN
Verð frá:
**3.683**
24 mánaða

AMD Athlon örgjörvi, 1,6 GHz
2GB DDR2 667MHz vinnsluminni stækkanlegt í 4GB
160 GB SATA 5400RPM harður diskur
15,6" WXGA CrystalBrite skjár með 1366x768 upplausn
128MB ATI Xpress 1200 skjástýring
54Mbps þráðlaust 802.11 b/g net
Windows VISTA Home Basic
6-Cell LI-ion rafhlaða með allt að 2,5 tíma endingu

**FÁRÁNLEGT VERÐ**



## Olympus E-450

**14-42MM OG 40-150MM LINSUR FYLGJA**

**20.000 kr afsláttur**

10 Megapixel Live MOS sensor
2.7" HyperCrystal II LCD
Supersonic Wave Filter for dust protection
28 forritaðar stillingar
Innbyggt flass
3.5 rammar á sekúndu - allt að 8 myndir á RAW
ISO 100 to 1600
Tekur bæði CompactFlash og xD-Picture Card

BT léttvextir 7,7%

**99.999**
119.999

BT LÁN
Verð frá:
**4.542**
24 mánaða



## Samsung 32" LCD

**Háskerpu sjónvarpsmóttakari**

BT léttvextir 7,7%

SALE32B455C4W
Háskerpu sjónvarpsmóttakari
DNIe+ stafræn myndleiðrétting
Upplausn: 1366 x 768
Skjáform: 16:9 (breiðtjald)
Svartími: 8 millisekúndur
Contrast: High Contrast
Birta: 500 cd/m2
Sjónsvið: 178°/178°
Mynd í mynd (1 tuner)
HDMI x 3, Component, SCART x 2

**139.999**
149.999

BT LÁN
Verð frá:
**6.258**
24 mánaða





Fylgir með
2.499

© smartmedia

| BT Skeifan | | BT Smáralind | | BT Akureyri | |
|---|---|---|---|---|---|
| Alla daga | 11⁰⁰ – 22⁰⁰ | Mánudaga-Föstudaga | 11⁰⁰ - 19⁰⁰ | Alla virka daga | 11⁰⁰ - 18⁰⁰ |
| | | Laugardaga | 11⁰⁰ - 18⁰⁰ | Laugardaga | 11⁰⁰ - 17⁰⁰ |
| | | Sunnudaga | 13⁰⁰ - 18⁰⁰ | | |

**S. 550-4444**


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
PARTÝ VÆNGIR
50% AFSLÁTTUR
HOLTA ELDAÐIR BUFFALO-KJÚKLINGAVÆNGIR
MERKT VERÐ 690 KR./KG 50% AFSLÁTTUR . 345 kr./kg.
Holta
Bringur
40% AFSLÁTTUR
HOLTA FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
MERKT VERÐ 2798 KR./KG 40% AFSLÁTTUR . 1679 kr./kg.
FERSKUR HE
K.S LAMBALÆRI OG LAMBAHRYGGUR
FRYSTIVARA 1359 kr./kg.
FERS
MERKT VERÐ 99
K.S FROSIÐ LAMBALÆRI
1078 kr./kg.
898
BÓNUS KRYDDLEGNAR GRÍSALÆRISSNEIÐAR 898 kr./kg.
ÍSLANDS NAUT
1598
ÍSLANDSNAUT GRILL NAUTAKÓTILETTUR
MERKT VERÐ 1998KR./KG. 20% AFSLÁTTUR 1598 kr./kg.
FRISSI FRÍSKI
FRISSI FRÍ
Ali Grísakjöt
GRÍSASNITSEL
898
ALI GRÍSASNITSEL 898 kr./kg.
Ali Grísakjöt
GRÍSAGÚLLAS
898
ALI GRÍSAGÚLLAS 898 kr./kg.
ENGANGS-GRILL
259
EIN-NOTA GRILL 259 kr.
TILBOÐ
398
TILBOÐSBORGARAR
4 stk m/brauð 398 kr.
BÓNUS BÝÐUR BETUR
VISA
AFGREIÐSLUTÍMI: FÖSTUDAGUR 10:00 TIL 19:30.


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
20 ára
BÓNUS
1989 - 2009
Nýtt...
Ali
FERSKUR
KJÚKLINGUR
40%
AFSLÁTTUR
ALI FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
MERKT VERÐ 2998 KR./KG. 40% AFSLÁTTUR 1798 kr./kg.
Holta
Bringur
PIRI-PIRI KRYDD
40%
AFSLÁTTUR
HOLTA PERSKAR KJÚKLINGABRINGUR PIRI-PIRI
MERKT VERÐ 2664 KR./KG. 40% AFSLÁTTUR 1598 kr./kg.
EILL ALI KJÚKLINGUR
40%
AFSLÁTTUR
SKUR HEILL ALI KJÚLINGUR
8 KR./KG. 40% AFSLÁTTUR 599 kr./kg.
159
MYLLU SAMLOKUBRAUÐ
770g 159 kr.
298
MYLLU VÍNARTERTA
298 kr.stk.
298
BÓNUS XL KLEINUR
6 STK. 298 kr.
98
PYLSUBRAUÐ 5 STK 98 kr.
198
BÓNUS KLEINUHRINGIR 2 STK 198 kr.
SÚKKULAÐI OG KARAMELLU
CONSUL
FIRST QUALITY BANANAS
198
CONSUL BANANAR 1. FLOKKUR 198 kr.
ÍSLANDS GRÍS
ÍSLANDSGRÍS BACON
1898 KR/KG. 40% AFSLÁTTUR
1139 kr./kg.
FRISSI FRÍSKI
69
SKI 3 STK. 250 ml 69 kr.
MEÐALBRENNT
Guld Kaffe
GRANDOS
Café
GOLD
359
GRANDOS INSTANTA
KAFFI 100g 359 kr.
298
DANSKT GULLKAFFI
500g 298 kr.
Egils
APPELSÍN
89
89 kr. 1/2 ltr.
PEPSI
PEPSI MAX
69
69 kr. 1/2 ltr.
Egils
APPELSÍN
BÓNUS BÝÐUR BETUR
VISA
AFGREIÐSLUTÍMI: FÖSTUDAGUR 10:00 TIL 19:30.

# Íslandsmótið í Hafnabolta
28.júlí - 6.ágúst



Upplýsingar og skráning á www.hafnabolti.com og í síma 820-0825




NOKKUR ORÐ
Kolbrún Björt Sigfúsdóttir

# Er bókin alltaf betri en kvikmyndin?

Það er óþolandi þegar fólk fer í bíó og kemur svo út muldrandi orðin, mér fannst nú bókin betri. Kvikmyndir og bækur eiga fátt sameiginlegt annað en það að þar er sögð ákveðin saga. Ég er þeirrar skoðunar að hver leikstjóri eigi rétt á að rífa textann í sig, breyta, bæta, stroka út og snúa við að vild. Ef hann er góður birtist áhorfandanum ný sýn á verk sem hann hélt að hann þekkti.



Að því sögðu þá gerði ég nákvæmlega þessa skissu sjálf á miðvikudagskvöldið þegar ég sá Harry Potter og Blendingsprinsinn. Það er reyndar í fyrsta skipti með þennan myndaflokk. Yfirleitt er ég stórhrifin af bæði frammistöðu leikaranna og sjónrænum útfærslum á þessum flókna heimi galdranna. Hvort tveggja er til fyrirmyndar nú sem endranær. Handritið er hins vegar ekkert til að hrópa húrra fyrir. Með öðrum orðum: bókin var betri.

Það jafnast einfaldlega ekkert á við upplifun lesandans af góðri bók. Ímyndunaraflið teiknar upp myndir sérhannaðar fyrir hvern og einn, byggðar á orðum höfundar, sem sá líklega eitthvað allt annað fyrir sér. Með öðrum orðum er lesandinn leikstjórinn og hann öskrar „Cut!“ þegar hann vill og lokar bókinni. Kvikmyndir geta því ekki samræmst upplifun lesandans, nema fyrir tilviljun.

Af hverju mætum við þá í bíó og krefjumst þess að sjá það sem ímyndunaraflið teiknaði upp fyrir okkur prívat og persónulega? Af því að það er einfaldara en að lesa og tekur miklu styttri tíma? Förum við til að láta koma okkur á óvart? Eða förum við til að staðfesta það fyrir sjálfum okkur að bókin sé víst betri? Það er að segja okkar útgáfa af henni.


# Gorenje þvottavél



45 l
Carbo tech
33 cm
5,5 kg

A Orkunýtni
A Þvottahæfni

1200 snúninga þvottavél
WA50125
Einföld og hljóðlát þvottavél með íslenskum leiðarvísi.
Verð 98.500

PIPAR • SÍA • 90265

RÖNNING
Reykjavík • Skútuvogi 1 • Sími 562 4011
Reyðarfjörður • Nesbraut 9 • Sími 470 2020
Akureyri • Draupnisgata 2 • Sími 460 0800


## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman








HOLTAGÖRÐUM • GLÆSIBÆ • KRINGLUNNI • SMÁRALIND • SÍMI 545 1500
ÚTILÍF

## > Arnar og Bjarki skrifa undir hjá Val í dag

Valsmenn voru ekki lengi að setja sig í samband við tvíburabræðurna Arnar og Bjarka Gunnlaugssyni eftir að þeir hættu sem spilandi þjálfarar Skagamanna á miðvikudag. Samkvæmt áreiðanlegum heimildum munu þeir bræður ganga frá samningum við Valsmenn í dag og leika því á Hlíðarenda út tímabilið. Valur er sem stendur í sjötta sæti Pepsi-deildarinnar, fjórtán stigum frá toppliði FH. Arnar og Bjarki eru 36 ára gamlir og hafa leikið með ÍA, KR og FH hér á landi. Ekki náðist í þá bræður í gær þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir.



sport
sport@frettabladid.is

**HANNES ÞÓR HALLDÓRSSON:** SEGIR FRAMARA ÞYRSTA Í AÐ KOMAST ÁFRAM Í EVRÓPUKEPPNINNI

# *Líktumst landsliðinu undir stjórn Guðjóns*



Framarar náðu glæsilegum úrslitum í Tékklandi í gær þegar þeir mættu Sigma Olomouc í fyrri leik liðanna í Evrópudeild UEFA. Leikurinn endaði með jafntefli 1-1 þar sem Jón Guðni Fjóluson kom Fram yfir með skalla í fyrri hálfleik. Varnarleikurinn var í hávegum hafður hjá Safamýrarpiltum eftir það en heimamenn náðu þó að jafna á 89. mínútu.

„Eftir að hafa jafnað okkur á þessu marki í lokin erum við í skýjunum með þessi úrslit," sagði Hannes Þór Halldórsson, markvörður Fram, eftir leikinn. „Við komum okkur eiginlega sjálfum á óvart með þessari frábæru frammistöðu. Menn voru að tala um að við hefðum verið eins og íslenska landsliðið undir stjórn Guðjóns Þórðarsonar, skitum inn einu marki og pökkuðum svo í vörn og héldum þessu."

Hannes var virkilega ánægður með varnarleik Framara í þessum leik. „Tékkarnir voru með boltann á okkar vallarhelmingi í nánast 90 mínútur en fá samt varla færi. Þeir reyndu einhver skot utan af velli en við náðum að henda okkur fyrir þau öll, nema þetta skot þarna í lokin," sagði Hannes.

„Margir í vörninni voru að spila sinn besta leik á ferlinum. Ég verð að hrósa Jóni Guðna sérstaklega, hann var maður leiksins og skoraði náttúrulega þetta ásamt því að spila óaðfinnanlega. Það var ótrúlega gaman að spila þennan leik og aðstæðurnar voru frábærar."

Seinni leikur liðanna verður í næstu viku á Laugardalsvelli. „Við þurfum að spila eins leik þar. Ég er ekki að sjá okkur spila einhvern sambabolta gegn þessu liði. Við þurfum að vera skynsamir og komumst áfram á 0-0 jafntefli úr þeim leik. Við gerum okkur alveg grein fyrir því að það er enn langt í land með að klára þetta," sagði Hannes.

„Það er hrikalega gaman að taka þátt í þessari Evrópukeppni. Það lyftir sumrinu upp á annað plan og okkur þyrstir í meira. Í þriðju umferðinni koma stórlið inn í þetta og við ætlum að komast þangað og fá eitthvað stórlið á klakann," sagði Hannes Þór Halldórsson.



**ÓLAFUR HAUKUR** Er mjög spenntur fyrir Haugalund í Noregi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Handboltadeild Vals:

## Býr sig undir markmannsleit

**HANDBOLTI** Norska félagið Haugaland á í viðræðum við Val um kaup á markverðinum Ólafi Hauki Gíslasyni. Stefán Karlsson í stjórn Vals sagði við Fréttablaðið að viðræður væru að þokast í rétta átt og allar líkur á að Ólafur myndi fara til Noregs en Haugaland varð um miðja norsku úrvalsdeildina á síðasta tímabili.

„Já, það er ekkert leyndarmál að ég er mjög spenntur fyrir þessu og vonast til að þetta gangi eftir," sagði Ólafur við Fréttablaðið.

Það lítur því út fyrir að Valsmenn missi báða markverði sína en Pálmar Pétursson fór í FH í maí. Stefán segir að á Hlíðarenda séu menn farnir að skima eftir nýjum markverði, einhver nöfn séu komin á blað en engar viðræður hafi átt sér stað. **- egm**

# Frækinn sigur KR-inga

**Bikarmeistarar KR unnu 2-0 sigur gegn gríska félaginu Larissa í Evrópudeild UEFA á KR-velli í gær. Skipulagður varnarleikur, barátta og góð liðsheild skóp sigurinn fyrir Vesturbæinga sem fara út með gott veganesti fyrir seinni leikinn.**

**FÓTBOLTI** „Ég held að megi segja að þetta hafi verið frækinn sigur," sagði Logi Ólafsson, þjálfari KR, sposkur í viðtali við Fréttablaðið í leikslok í gær.

„Þetta var virkilega vel útfærður leikur af okkar hálfu þar sem menn voru að standa sig gríðarlega vel varnarlega og ef þú ætlar að ná einhverjum árangri í svona keppni þá verður maður að gera það. Grikkirnir fengu nánast engin færi í leiknum fyrir utan nokkur skot af löngu færi og ég er gríðarlega ánægður með strákana. Þetta var sigur liðsheildarinnar. Ekki bara þeirra ellefu sem byrjuðu heldur allra þeirra sem standa á bak við KR," sagði Logi glaður í bragði.

Leikurinn fór rólega af stað en gestirnir í Larissa voru meira með boltann framan af leik. KR-ingar voru skipulagðir varnarlega, börðust vel og gáfu ekki mörg færi á sér en náðu illa að koma boltanum í spil. Þegar líða tók á hálfleikinn óx KR-ingum ásmegin og þeir voru frískari en gestirnir, en sem fyrr létu markfærin standa á sér.

Það dró heldur betur til tíðinda á 55. mínútu þegar Gunnar Örn Jónsson átti góðan sprett upp hægri kantinn og sendi fyrir markið á Baldur Sigurðsson sem afgreiddi boltann í netið af stuttu færi. Frábært mark hjá KR-ingum sem voru með fín tök á leiknum og forystan því verðskulduð.



**STERKUR SIGUR** Guðmundur Benediktsson í baráttu um boltann. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Eftir markið geisluðu KR-ingar af sjálfstrausti og baráttugleði og spiluðu eins þeir sem valdið höfðu og Grikkirnir áttu engin svör. Þegar stundarfjórðungur lifði leiks voru KR-ingar nálægt því að bæta við marki en Björgólfur Takefusa missti þá af fyrirgjöf. Björgólfur var aftur á ferðinni á 82. mínútu þegar hann slapp einn inn fyrir vörn Grikkja en skot hans fór talsvert framhjá. Allt er þegar þrennt er og í uppbótartíma brást Björgólfi ekki bogalistin þegar hann innsiglaði frækinn 2-0 sigur KR með skoti af stuttu færi eftir sendingu Bjarna Guðjónssonar.

Sigur KR-inga var verðskuldaður og þeir uppskáru eins og þeir sáðu gegn sterkum andstæðingi eftir gríðarlega baráttu og vinnusemi frá fyrsta flauti.

**omar@frettabladid.is**



**Á SKOTSKÓNUM** Hólmfríður Magnúsdóttir kom Ísland yfir. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Íslenska kvennalandsliðið:

## Lagði ensku stelpurnar

**FÓTBOLTI** Íslenska kvennalandsliðið vann í gær glæsilegan sigur á því enska í æfingaleik sem fram fór í Colchester á Englandi. Ísland vann 2-0 með mörkum frá Hólmfríði Magnúsdóttur og Margréti Láru Viðarsdóttur í sitthvorum hálfleiknum. Margrét með sitt fyrsta landsliðsmark á árinu.

„Við erum virkilega ánægð með þennan leik. Liðið var mjög vel skipulagt og varðist vel. England var meira með boltann, við gáfum þeim eftir ákveðið svæði og sóttum svo hratt á þær. Það er frábært að vinna 2-0 og ég held að Ísland hafi aldrei unnið England áður," sagði Sigurður Ragnar Eyjólfsson, landsliðsþjálfari, eftir leik.

Íslenska liðið leikur á sunnudag annan æfingaleik gegn Danmörku. **- egm**









SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| HARRY POTTER 6 tryggðu þér miða í tíma! | kl. 1 - 2D - 4 - 5D - 7 - 8D - 10:10 - 11:10D | 10 |
| HARRY POTTER 6 | kl. 2 - 5 - 8 - 11:10 örfá sæti laus | VIP |
| BRUNO | kl. 2 - 4 - 6 - 8 - 8:30 - 10:10 - 10:30 - 12:10 | 14 |
| THE HANGOVER | kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 - 8 - 10:20 | 12 |
| TRANSFORMERS 2 | kl. 2 - 5 | 10 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| HARRY POTTER 6 | kl. 2D - 5D - 8D - 10D - 11:10D | 10 |
| BRUNO | kl. 6D - 8D - 10:10 - 12 | 14 |
| ÍSÖLD 3 m/ísl. tali | kl. 2(3D) - 4(3D) | L |
| THE HANGOVER | kl. 2 - 4 - 6 - 8 | 12 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| HARRY POTTER 6 | kl. 5 - 8 - 11 | 7 |
| TRANSFORMERS 2 | kl. 5 | 12 |
| BRUNO | kl. 8 - 10 | 14 |

SparBíó
KR. 550 Á SÝNINGAR MERKTAR APPELSÍNUGULU OG KR. 850 Á 3D MYNDIR

KYNNTU ÞÉR SÝNINGARTÍMA Á SELFOSSI OG Í KEFLAVÍK Á WWW.SAMBIO.IS

NÝTT Í BÍÓ!













SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| BALLS OUT | kl. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10 | 12 |
| THE HURT LOCKER | kl. 8 - 10.45 | 16 |
| ICE AGE 3 3D ENSKT TAL ÁN TEXTA | kl. 8 - 10.10 D | L |
| ÍSÖLD 3 3D ÍSLENSKT TAL | kl. 3.30 - 5.45 D | L |
| ICE AGE 3 ENSKT TAL M/ÍSL. TEXTA | kl. 3.30 - 5.45 | L |
| ÍSÖLD 3 ÍSLENSKT TAL | kl. 3.30 - 5.45 | L |
| TRANSFORMERS 2 | kl. 8 - 11 | 10 |
| TRANSFORMERS 2 LÚXUS | kl. 5 - 8 - 11 | 10 |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| B13 - ULTIMATUM | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 16 |
| MY SISTERS KEEPER | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| ÍSÖLD 3 ÍSLENSKT TAL | kl. 5.50 - 8 | L |
| YEAR ONE | kl. 10.10 | 7 |
| GHOSTS OF A GIRLFRIEND PAST | kl. 5.45 - 8 | 7 |
| ANGELS & DEMONS | kl. 10.15 | 14 |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| ÍSÖLD 3 ÍSLENSKT TAL | kl. 6 | L |
| ICE AGE 3 ENSKT TAL M/ÍSL. TEXTA | kl. 6 - 8 | L |
| MY SISTERS KEEPER | kl. 8 - 10 | 12 |
| TYSON | kl. 10 | |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 750 kr. ÓDÝRT Í BÍÓ!

| | | |
|---|---|---|
| BALLS OUT | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 12 |
| THE HURT LOCKER | kl. 8 - 10.35 | 16 |
| ÍSÖLD 3 ÍSLENSKT TAL | kl. 5.50 | L |
| ICE AGE 3 ENSKT TAL M/ÍSL. TEXTA | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | L |
| GHOSTS OF A GIRLFRIEND PAST | kl. 8 - 10.15 | 7 |
| YEAR ONE | kl. 5.45 | 7 |




LAUGARÁS BÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| HARRY POTTER - POWER | kl. 2, 4, 7 og 10 | 10 |
| MY SISTER´S KEEPER | kl. 8 og 10.15 | 12 |
| ÍSÖLD 3 - 3D - Íslenskt tal | kl. 5 | L |
| ÍSÖLD 3 - Íslenskt tal | kl. 2 og 4 | L |
| TRANSFORMERS 2 | kl. 7 og 10 | 10 |
| GULLBRÁ | kl. 2 | L |


# Lukas vildi Amiinu

Hljómsveitin Amiina heldur áfram að vekja athygli utan landsteinanna. Sænski leikstjórinn Lukas Moodysson, sem til dæmis er þekktur fyrir myndirnar Lilja 4ever og Tilsammans, fór á stúfana við stelpurnar og fékk að nota tvö lög af plötunni Kurr í nýjustu mynd sína Mammoth. Þá hafa tónlistarmenn á borð við Danny Elfman sýnt áhuga á samstarfi við stelpurnar.

Myndin er sú fyrsta á ensku frá Moodysson og er sýnd víða um heim um þessar mundir. Aðalleikarar eru Gael Garcia Bernal og Michelle Williams. Meðal annarra tónlistarmanna sem eiga lög í myndinni eru Ladytron og Cat Power. Myndin var tilnefnd til Gullbjarnarins í Berlín 2009.



**VINSÆLAR** Amiina með Magnúsi Tryggvasyni Elíassen og Kippa Kanínus sem komu að smáskífunni Re minore með þeim.

# Flutti út frá Westwick

**Ed Westwick og Chace Crawford, sem þekktastir eru fyrir leik sinn í þáttunum Gossip Girl, hafa verið herbergisfélagar frá því að tökur á þáttunum hófust. Nú hefur Chace aftur á móti flutt út úr íbúðinni sem þeir deildu í Chelsea-hverfinu í New York og í sína eigin sem er í fjármálahverfi borgarinnar. Ástæðan fyrir flutningunum ku vera sú að Chace þoldi ekki lengur óþrifnaðinn sem fylgdi Ed.**

# Fjölbreytt og fjölmenn hátíð

Aldrei hafa fleiri flytjendur boðað komu sína á Reykholtshátíð sem hefst. 22. júlí. Yfir sjötíu flytjendur frá fjórum löndum koma fram.

Fyrst á svið er karlakammerkórinn UniCum Laude frá Ungverjalandi. Á fyrri tónleikum hans einbeitir hann sér að kirkjutónlist en á fimmtudeginum bjóða kórmenn upp á madrígala, gospel og dægurlög eftir menn á borð við Bítlana og Freddy Mercury. UniCum Laude hefur komið fram í um sjötíu löndum en þetta er fyrsta heimsókn hans til Íslands.

Á föstudeginum beinist sviðsljósið að Auði Gunnarsdóttur sópran. Steinunn Birna Ragnarsdóttir píanóleikari sér um undirleik.

St. Christopher, ein eftirsóttasta strengjasveit Evrópu frá Vilníus í Litháen heimsækir hátíðina að nýju, en hún lék á Reykholtshátíð 2007. Donatas Katkus er hljómsveitarstjóri. Á sunnudeginum klukkan fjögur bætist Steinunn Birna í hópinn og flytja þau saman píanókvintett eftir Shostakovítsj. Þá tekur hljómsveitin verk eftir Elgar og Nielsen.

Hátíðinni lýkur á sunnudagskvöld með stórtónleikum Fóstbræðra eins og þeirra er von og vísa. St. Christopher veitir þeim stuðning og Auður Gunnarsdóttir syngur einsöng. Það má því búast við stórfenglegum endi á hátíðinni í ár. Tónleikarnir hefjast klukkan átta. Forsala aðgöngumiða er á miði.is. - kbs



**SYNGJANDI SJARMATRÖLL** UniCum Laude opnar Reykholtshátíðina í ár.







## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

### Föstudagur 17. júlí 2009

**→ Bæjarhátíðir**



Fjölskylduhátíðin **Kátir dagar** í Langanesbyggð og nágrenni verður haldin 16.-19. júlí. Nánari upplýsingar og dagskrá á www.langanesbyggd.is

Fjölskyldu- og Skeljahátíð verður haldin í Hrísey 17.-19. júlí. Nánari upplýsingar og dagskrá á **www.hrisey.net.**

**→ Tónleikar**

**12.00** **Claudia Kunz**, óperusöngkona og Ulrich Eisenlohr, píanóleikari flytja þýska og franska ljóðasöngva eftir Haydn, Brahms og Mahler í Ketilhúsinu við Kaupvangsstræti á Akureyri.

**19.30** Orgelleikarinn Magdalena Hasibeder ásamt Ingeborg Gattringer (alt) og Karin Jedinger (flauta) flytja verk eftir Bach, Homilius, Bruckner o.fl. í **Langholtskirkju við Sólheima**. Aðgangur er ókeypis.

**20.00** **The Jörgen Jörgensen** travelling show flytur kammertónlist eftir Rossini, Haydn, Boccherini o.fl., í Oddsstofu í Skálholtsbúðum. Þessi viðburður er hluti af tónlistardagskrá sem stendur yfir í Skálholti í sumar. Aðgangur er ókeypis.

**21.00** **Ljótu hálfvitarnir** verða í Valaskjálf við Skógarlönd á Egilsstöðum.

**21.00** **Ingó og Veðurguðirnir** halda útgáfutónleika á skemmtistaðnum Spot við Bæjarlind 6 í Kópavogi.

**22.00** Jagúar spilar á Græna Hattinum við Hafnarstræti 96 á Akureyri. **Húsið verður opnað kl. 21.**

**22.00** Hljómsveitin **HEK** spilar í kjallaranum á Kaffi Rót við Hafnarstræti 17.

**22.00** KK og Maggi Eiríks verða með tónleika á **Borg í Grímsnesi.**

**22.00** **Trúbarixu-tónleikar** verða á Sódómu Reykjavík við Tryggvagötu. Fram koma Elín Ey, Adda, Heiða Dóra, María Magnúsdóttir og Uni.



**23.00** **Familjen** verða á NASA við Austurvöll. Einnig koma fram Jungle Fiction og Pedro Pilatus. Húsið verður opnað kl. 23.

**→ Sýningar**



Í Þjóðminjasafni Íslands við Suðurgötu hefur verið opnuð sýningin „Alrún“ þar sem sýndir eru skartgripir sem Jón Bjarni Baldursson hefur hannað og bera **rúnaletur.** Opið alla daga kl. 10-17.

Edda Guðmundsdóttir sýnir yfir **20** olíumálverk í Menningarsal Hrafnistu við Hraunvang í Hafnarfirði. Opið alla daga.

Í Skotinu á **Ljósmyndasafni Reykjavíkur** við Tryggvagötu stendur yfir sýningin „Náttúruleg Fegurð“ þar sem sýnd eru verk eftir Stefán Stein. Opið alla virka daga kl. 12-19 og um helgar kl. 13-17 .

Í Listasafni Árnesinga við **Austurmörk** í Hveragerði, hefur verið opnuð sýning á verkum Gerðar Helgadóttur og Nínu Tryggvadóttur. Opið alla daga kl. 12-18 og **aðgangur er ókeypis.**

Elsa Björg Magnúsdóttir og Soffía Gísladóttir hafa opnað sýninguna **„Ljósmyndir í lit“** á Thorvaldsen Bar við Austurstræti. Opið alla daga kl. 11.00 - 01.00.

Í **i8** gallery við Klapparstíg standa yfir sýningar á verkum **Anthony McCall og Finnboga Péturssonar**. Opið þri-föst. kl. 11-17 og laugardaga kl. 13-17.

**→ Leikrit**



**18.00** Leikhópurinn Kraðak sýnir verkið **„Let's talk local - Reykjavík“** á Restaurant Reykjavík við Vesturgötu 2. Þar er rakin saga Reykjavíkur frá landnámi til dagsins í dag. Sýningin fer fram á ensku og verður sýnd alla daga kl. 18.

**→ Brúðuleikhús**

**10.00 og 14.00** Brúðubíllinn verður með tvær sýningar á leikritinu **„Hvað borðar krókódíllinn í morgunmat.“** Sú fyrri verður í Keflavík í Skrúðgarðinum kl. 10, sú seinni við gamla gæsluvöllinn við Ljósheima í Reykjavík. Aðgangur er ókeypis. **Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is.**













## > Steve-O

„Það sársaukafyllsta sem ég veit er að svara spurningum blaðamanna.“

***Ofurhuginn Steve-O læknar skræfur og lúða í nýjum þætti sem Skjár einn sýnir í kvöld kl. 22.40.***



# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ** SARA MCMAHON VELTIR FYRIR SÉR SJÓNVARPSBYLTINGUNNI

## *Hámark letinnar fyrir framan sjónvarpið*



Þegar ég var barn áttum við fallegt viðarklætt sjónvarp og því fylgdi að sjálfsögðu engin fjarstýring. Í hvert sinn sem við vildum skipta um stöð (fjölskyldurnar í fjölbýlishúsinu sem ég bjó í höfðu sett saman í púkk og splæst í gervihnattardisk, við höfðum því aðgang að nokkrum erlendum sjónvarpsstöðvum) þurftum við að standa upp, ganga nokkur skref að sjónvarpstækinu, skipta um stöð og loks snúa litlum hnappi fram og til baka þar til okkur fannst myndin sæmilega skýr. Ég man ekki til þess að mér hafi þótt þetta vera vandamál þegar ég var yngri, þetta var bara hluti af því að horfa á sjónvarp. Svo liðu árin, tækin urðu stærri, myndin varð skýrari og öllum sjónvarpstækjum fylgdi fjarstýring og textavarp og mannskepnan hætti að nenna að standa upp til að skipta um stöð. Þegar ég fluttist til Kaupmannahafnar áskotnaðist mér gamalt sjónvarp, ekki ólíkt þessu sem hafði verið á heimilinu þegar ég var barn. Ég deildi íbúð með tveimur öðrum stúlkum og við vorum ósköp þakklátar fyrir þennan sjónvarpsgarm til að byrja með. En nokkrum dögum seinna var það orðið að þrætuefni hver skyldi standa upp og skipta um sjónvarpsstöð; ekki ég af því ég gerði það svo oft í gær! Letin var svo mikil að oft píndumst við í gegnum þætti sem okkur þóttu pungleiðinlegir bara vegna þess að við gátum ekki komið okkur saman um hver ætti að skipta um stöð; ég hafði verið síðust til að standa upp til að hækka! Að lokum settumst við niður og föndruðum langt prik úr kústskafti og trjágreinum, nógu langt til þess að geta potað í sjónvarpið og þannig skipt um stöð án þess að standa upp af sófanum. Þarna sátum við þrjár fullfrískar, ungar stúlkur í sófanum með heimatilbúið prik til að pota í sjónvarpstækið okkar og það rann upp fyrir okkur að þarna var hámarki letinnar var náð. En prikið fór ekki neitt þrátt fyrir það.

## FÖSTUDAGUR



▶ **19.35** Popppunktur — SJÓNVARPIÐ



▶ **20.10** Total Wipeout — STÖÐ 2



▶ **20.10** Greatest American Dog — SKJÁREINN



▶ **21.40** The Loop — STÖÐ 2 EXTRA



▶ **22.00** Volcano — STÖÐ 2 BÍÓ

## SJÓNVARPIÐ

**08.00 Opna breska meistaramótið í golfi** (2:5) Bein útsending frá 137. Opna breska meistaramótinu í golfi sem fram fer á Turnberry-vellinum í Skotlandi dagana 16.-19. júlí.

**18.20 Táknmálsfréttir**

▶ **18.30 Snillingarnir**

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veðurfréttir**

**19.35 Popppunktur** Dr. Gunni og Felix Bergsson stjórna spurningakeppni hljómsveita. Að þessu sinni takast á FM Belfast og Jeff Who?

**20.35 Skipt um hlutverk** (Double Switch) Bandarísk sjónvarpsmynd frá 1993. Ungum rokkara leiðist hvernig umboðsmaðurinn hans ráðskast með hann til að græða sem mest á honum. Stráksi fær því tvífara sinn til að hafa við sig hlutverkaskipti. Leikstjóri er David Greenwalt og meðal leikenda eru George Newbern og Elisabeth Shue.

**22.10 Harold og Kumar** (Harold and Kumar) Bandarísk bíómynd frá 2004. Leikstjóri er Danny Leiner og meðal leikenda eru John Cho og Kal Penn. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna. (e)

**23.40 Gullmót í frjálsum íþróttum** Upptaka frá gullmóti sem fram fór í París fyrr um kvöldið.

**01.40 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## 2 BÍÓ

**08.00 Nancy Drew**

**10.00 She's the One**

**12.00 Blades of Glory**

**14.00 Employee of the Month**

**16.00 Nancy Drew**

**18.00 She's the One** Rómantísk gamanmynd með Cameron Diaz, Jennifer Aniston og Edward Burns í aðalhlutverkum.

**20.00 Blades of Glory** Gamanmynd með Will Ferrell og Jon Heder í aðalhlutverkum.

**22.00 Volcano** Stórslysamynd sem gerist í stórborginni Los Angeles. Undir borginni kraumar mikill hraunmassi sem er við það að brjótast fram og eldgos er yfirvofandi. Aðalhlutverk: Tommy Lee Jones, Anne Heche og Gaby Hoffman

**00.00 Bachelor Party**

**02.00 From Dusk Till Dawn 2.**

**04.00 Volcano**

**06.00 Fool's Gold**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Flintstone krakkarnir, Litla risaeðlan, Gulla og grænjaxlarnir og Nornafélagið.

**08.15 Oprah**

**08.55 Í fínu formi**

**09.10 Bold and the Beautiful**

**09.30 Doctors** (5:26)

**10.00 Doctors** (6:26)

**10.30 Jamie At Home** (2:13)

**11.00 Hæðin** (7:9)

**11.50 Gossip Girl** (7:25)

**12.35 Nágrannar**

**13.00 Hollyoaks** (235:260)

**13.25 Wings of Love** (104:120)

**14.10 Wings of Love** (105:120)

**14.55 Wings of Love** (106:120)

**15.55 Barnatími Stöðvar 2** Saddle Club, Camp Lazlo og Nornafélagið.

**17.08 Bold and the Beautiful**

**17.33 Nágrannar**

**17.58 Friends** (8:24)

**18.23 Veður**

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

▶ **18.47 Íþróttir**

**18.54 Ísland í dag**

**19.11 Veður**

**19.20 The Simpsons** (4:22)

**19.45 Two and a Half Men** (8:19)

**20.10 Total Wipeout** (8:9) Hér er á ferð ómenguð skemmtun, gamall og góður buslugangur með nýju tvisti sem ekki nokkur maður getur staðist.

**21.05 Stelpurnar** (8:20) Stöð 2 endursýnir nú valda þætti af Stelpunum sem tvisvar sinnum í röð hefur verið valinn besti leikni þátturinn á Edduverðlaunahátíðinni.

**21.30 The Birdcage** Armand Goldman rekur næturklúbb fyrir klæðskiptinga ásamt kærasta sínum, Albert. Einn góðan veðurdag tilkynnir Val, sonur Armands, honum um trúlofun sína og Barböru Keely sem er dóttir öldungadeildarþingmanns. Fjölskylda þingmannsins er væntanleg í heimsókn til að kynnast Val og foreldrum hans sem hún heldur að séu grískir diplómatar.

**23.25 Out of Reach**

**00.55 Cursed**

**02.30 North Country**

**04.35 Total Wipeout** (8:9)

**05.30 The Simpsons** (4:22)

**05.55 Fréttir og Ísland í dag**

## 2 SPORT *besta sætið*

**18.00 PGA Tour 2009 - Hápunktar** Sýnt frá hápunktunum á PGA mótaröðinni í golfi.

**18.55 Inside the PGA Tour 2009** Skyggnst á bakvið tjöldin í PGA mótaröðinni og árið skoðað í bak og fyrir.

**19.20 Gillette World Sport 2009** Fjölbreyttur íþróttaþáttur þar sem farið er yfir það helsta sem er að gerast í íþróttunum úti í heimi og skyggnst á bak við tjöldin.

**19.50 Kraftasport 2009** Sýnt frá Arnold Classic mótinu. Mótið er eitt það stærsta sinnar tegundar í Bandaríkjunum en þangað mæta til leiks margir af fremstu líkamsræktarköppum heims.

**20.20 Orlando - LA Lakers** Útsending frá leik í úrslitarimmunni í NBA.

**22.05 Poker After Dark** Margir af snjöllustu pókerspilurum heims mæta til leiks í Texas Holdem. Doyle Bronson, Chris Moneymaker, Daniel Negreanu, Gus Hansen, Chris „Jesus“ Ferguson, Johnny Chan og fleiri magnaðir spilarar sýna áhorfendum hvernig atvinnumenn spila póker.

**22.50 Poker After Dark**

▶ **23.35 Stripes** Magnaðir bardagar í þessari frábæru seríu. Allir fremstu bardagamenn heims mæta til leiks og keppa um titilinn The Ultimate Fighting Champion.

## 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**19.00 Arsenal - Tottenham** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**20.40 West Ham - Everton** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**22.20 Premier League World 2008/09** Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum.

**22.50 Season Highlights 2002/2003** Allar leiktíðir Úrvalsdeildarinnar gerðar upp í hröðum og skemmtilegum þætti.

**23.45 Football Rivalries: Arsenal v Tottenham** Magnaðir þættir þar sem rígur helstu stórvelda Evrópu er skoðaður innan vallar sem utan. Í þessum þætti verður fjallað um ríg Arsenal og Tottenham ásamt því að kíkt verður til Króatíu og Zagreb skoðuð.

## SKJÁREINN

**06.00 Óstöðvandi tónlist**

**08.00 Rachael Ray** (e)

**08.45 Óstöðvandi tónlist**

**18.30 Rachael Ray**

**19.15 Monitor** (4:8) (e)

**19.45 America's Funniest Home Videos** (1:48) Bráðskemmtilegur fjölskylduþáttur þar sem sýnd eru fyndin myndbrot sem venjulegar fjölskyldur hafa fest á filmu.

**20.10 Greatest American Dog** (6:10) Bráðskemmtileg bandarísk raunveruleikasería þar sem hundar eru í aðalhlutverki. Eftir víðtæka leit um Bandaríkin þver og endilöng hafa tólf hundar og eigendur þeirra verið valdir til að taka þátt í skemmtilegri keppni.

**21.00 Battlestar Galactica** (14:20) Framtíðarþáttaröð þar sem fylgst með klassískri baráttu góðs og ills.

▶ **21.50 Painkiller Jane** (22:22) Þáttaröð um ódrepandi hörkukvendi. Jane Vasko er lögreglukona sem boðið er starf með leynilegri sérsveit sem berst við hættulegt fólk með yfirnáttúrlega hæfileika.

**22.40 Dr. Steve-O** (2:7) Ærslafull þáttaröð þar sem Steve-O ferðast um með glæsilegri hjúkku og skelfir skræfurnar úr skelinni sinni með því að láta viðkomandi taka þátt í bráðfyndnum áhættuatriðum.

**23.10 The Dudesons** (2:8) Þáttaröð með fjórum finnskum ofurhugum sem framkvæma ótúlega hluti.

**23.40 World Cup of Pool 2008** (8:31) Bestu pool-spilarar heims sýna snilldartaka í heimsbikarkeppninni í pool.

**00.30 CSI. New York** (14:21) (e)

**01.20 The Dead Zone** (5:13) (e)

**02.10 Home James** (2:10) (e)

**02.40 Penn & Teller. Bullshit** (e)

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Í umsjón Ingva Hrafns Jónssonar. Ingvi Hrafn ræðir það sem er efst á baugi í stjórnmálum ásamt Jóni Kristni Snæhólm og Halli Hallssyni.

**21.00 Mér finnst** þáttur í umsjón Katrínar Bessadóttur, Haddar Vilhjálmsdóttur og Vigdísar Másdóttur. Farið er vítt og breitt um samfélagið.

**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.






Allt til rafhitunar

Olíufylltir rafmagnsofnar

OSO HOTWATER

Norskir hitakútar

10 ára ábyrgð

• Úr ryðfríu stáli
• Fyrir sumarhús og heimili
• Yfir 30 ára reynsla hérlendis

WÖSAB

Brenna ekki rykagnir.
Auðveld uppsetning á vegg.
250 - 400 - 750 - 800 - 1000 - 1600 - 2000 wött.

Einar Farestveit & Co.hf.
Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 BÍÓ KL. 20.00

**Blades of Glory**



Drepfyndin og svellköld gamanmynd með vinsælustu grínistum heims, Will Ferrell og Jon Heder úr Napoleon Dynamite. Þeir leika framúrskarandi listdansara á skautum og erkifjendur hina mestu sem dæmdir eru í lífstíðarbann og sviptir Ólympíuverðlaununum eftir að rígur þeirra fer endanlega úr böndunum. Báðir þrá að snúa aftur á ísinn en eina leiðin til þess er að þeir snúi á kerfið og skrái sig til keppni í paradansi.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

**Harold og Kumar**

**Sjónvarpið kl. 22.10**

Bandarísk gamanmynd frá 2004. Harold og Kumar verða svangir þegar þeir sjá sjónvarpsauglýsingu frá hamborgarastaðnum Hvíta kastalanum og ákveða að leita hann uppi. Á vegi þeirra verða meðal annars þvottabjörn, rasisti í löggubúningi og graðnagli.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.38** Morgunfrúin
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**07.03** Morgunfrúin - heldur áfram
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.11** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Óskastundin
**09.45** Morgunleikfimi
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Sagnaslóð
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Á sumarvegi
**14.03** Meistarar í Moskvu
**15.03** Útvarpssagan: Ljósið í vatninu
**15.25** Án ábyrgðar
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Djassveisla í 20 ár
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.16** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir
**19.00** Á sumarvegi
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Óvissuferð - allir velkomnir
**21.10** Húslestrar á Listahátíð 2009
**22.07** Veðurfregnir
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Litla flugan
**23.00** Kvöldgestir
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## 2 EXTRA

**16.45 Hollyoaks** (234:260)
**17.15 Hollyoaks** (235:260)
**17.40 The Sopranos** (21:26) Fjölskyldumaðurinn og mafíuforinginn Tony Soprano hefur átt mikilli velgengni að fagna í starfi og á góða fjölskyldu. Þrátt fyrir það er hann þjáður á sálinni og á stöðugt í vandræðum með að finna jafnvægi milli vinnu og einkalífs.
**18.25 Big Day** (7:13) Ný gamanþáttaröð sem fjallar á stórskemmtilegan hátt um hinar mörgu spaugilegur hliðar á undirbúningnum fyrir brúðkaupsdaginn.
**18.45 Hollyoaks** (234:260)
**19.15 Hollyoaks** (235:260)
**19.40 The Sopranos** (21:26)
**20.25 Big Day** (7:13)
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.20 Ísland í dag**
▶ **21.40 The Loop** (2:10) Gamanþættir um Sam sem er yngsti stjórnandinn hjá stóru flugfélagi. Það hljómar kannski spennandi en líf hans verður oft ansi óviðráðanlegt þar sem yfirmaður hans er brjálæðingur sem gerir óeðlilegar kröfur til hans í vinnunni.
**22.05 The Mentalist** (22:23) Patrick Jane er sjálfstætt starfandi ráðgjafi rannsóknarlögreglunnar í Kaliforníu. Hann á glæsilegan feril að baki við að leysa flókin glæpamál með því að nota hárbeitta athyglisgáfu sína.
**22.50 Eleventh Hour** (1:18) Dr. Jacob Hood eðlisfræðingur, aðstoðar FBI við rannsóknir sakamála sem krefjast vísindalegrar úrlausnar eða eru jafnvel talin af yfirnáttúrulegum toga.
**23.35 The Loop** (2:10)
**00.00 Fréttir Stöðvar 2**
**00.40 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**10.35** Absolutely Fabulous **11.05** Only Fools and Horses **11.35** Absolutely Fabulous **12.05** My Family **12.35** Blackadder Goes Forth **13.05** Only Fools and Horses **13.35** Absolutely Fabulous **14.05** My Family **14.35** My Family **15.05** My Family **15.35** Blackadder Goes Forth **16.05** Only Fools and Horses **16.35** Any Dream Will Do **18.00** My Family **18.30** Blackadder Goes Forth **19.00** Saxondale **19.30** Little Britain **20.00** Only Fools and Horses **20.30** Absolutely Fabulous **21.00** Saxondale **21.30** Little Britain **22.00** Any Dream Will Do **23.25** Saxondale **23.55** Little Britain

## DR 1

**10.35** En Kongelig Familie **11.30** Kender du typen? **12.00** Det lille hus på prærien **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** Flight 29 savnes! **13.20** Bror Fjot **13.30** SommerSummarum **13.35** Svampebob Firkant **13.55** SommerSummarum **15.05** Trolddomsæsken **15.30** Sigurds Bjornetime **16.00** Supernabo **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Disney Sjov **18.00** aHA! **19.00** TV Avisen **19.30** SommerVejret **19.40** Aftentour 2009 **20.00** Desperate Measures **21.35** Ungdomsredaktionen præsenterer. Roskilde Festival **22.05** Columbo

## NRK 1

**10.30** Norge rundt jukeboks **11.30** Sport Jukeboks **12.30** Svisj gull jukeboks **13.20** Solino **15.20** Litt som deg **15.50** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Ugleskogen **16.10** Mamma Mirabelle viser film **16.20** Tofferud **16.33** Herr Hikke **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Lollipop **17.55** Friidrett **20.00** Taggart **21.10** Kveldsnytt **21.25** Tudors **22.20** Vær hilset, Leonard Cohen **23.35** Country jukeboks m/chat

## SVT 1

**10.00** Rapport **10.05** Namnam med Noman **10.35** Vildmark fiske **11.05** 100 procent bonde **11.35** Mitt i naturen **12.30** 1800-talet ut-och-in **13.10** Gomorron Sverige **14.00** Rapport **14.05** Simning **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Strömsö **16.55** Guld och gröna skogar **17.25** Anslagstavlan **17.30** Rapport **17.50** Regionala nyheter **18.00** Pistvakt **18.30** Sjukan **19.00** Jägarna **20.55** Fritt fall **21.25** Fåfängans marknad **23.40** Sändningar från SVT24




**LÖGIN VIÐ VINNUNA**



*„Á Grand Hóteli gerði ég lagalista sem innihélt allt frá Billie Holiday, Simon og Garfunkel, Bítlunum, Bob Dylan og Miles Davis til Postal Service, Portishead og Placebo. Og svo auðvitað Sigur Rós og Björk.“*

Guðjón Heiðar Valgarðsson, fyrrverandi móttökuritari með meiru.

# Gunnar Björn næsti leikstjóri Skaupsins

„Það er ekkert frágengið okkar á milli. Við erum að ræða samningsatriði og skoða ýmsa fleti. En mér finnst hann spennandi og áhugaverður kostur,“ segir Þórhallur Gunnarsson, dagskrárstjóri Ríkissjónvarpsins.

Þórhallur hefur átt í viðræðum við Gunnar Björn Guðmundsson leikstjóra um að taka að sér hið mikla verkefni sem er að stýra sjálfu Áramótaskaupinu. Enginn ætti að velkjast í vafa um að því starfi fylgir gríðarleg pressa. „Já, það er mikil áskorun. Níutíu og fimm prósent þjóðarinnar að horfa á verk eftir mann! En gaman að fá ungt og ferskt blóð í þetta. Gunnar hefur allt með sér. Ferskur andblær. Hann er bráðefnilegur leikstjóri og hefur sýnt góð vinnubrögð í öllu sem hann hefur gert. Til dæmis Astrópíu,“ segir Þórhallur. Síðast leikstýrði Silja Hauksdóttir Skaupinu, þar áður Ragnar Bragason og þá Reynir Lyngdal. Þórhallur lýsir yfir ánægju með vinnubrögð þeirra hvers um sig. „En mér finnst Skaupið vera þess eðlis að sem flestir eigi að fá að spreyta sig á því.“

„Það eru allavega viðræður í gangi. Þetta er mjög spennandi. Eitt af mest spennandi verkefnum sem í boði eru, krefjandi og mikil pressa, en ég er til ef af verður,“ segir Gunnar Björn. En vill lítið tjá sig um málið á þessu stigi. Vill ekki einu sinni upplýsa hvort áhorfendur megi búast við Hafnarfjarðarbröndurum í næsta Skaupi en Gunnar er Hafnfirðingur. Þaðan er dobía af góðum grínleikurum: Laddi, Siggi Sigurjóns, Magnús „bolla“ Ólafsson, Steinn Ármann, Stefán Karl og Björk Jakobs … Aðspurður hvort þessi megi ekki örugglega búast við hlutverkum í Skaupinu segir Gunnar hlæjandi: „No comment“. **- jbg**



**GUNNAR BJÖRN** Harðneitar að tjá sig um það hvort ekki sé öruggt að Siggi Sigurjóns, Laddi, Steinn Ármann og fleiri frægir sveitungar hans fái hlutverk í Skaupinu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | 10 | | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT**
**2.** íþrótt, **6.** frá, **8.** efni, **9.** farvegur, **11.** kringum, **12.** laust bit, **14.** enn lengur, **16.** tveir eins, **17.** iðka, **18.** eyrir, **20.** pfn., **21.** könnun.

**LÓÐRÉTT**
**1.** óhljóð, **3.** pot, **4.** peningar, **5.** fát, **7.** fáskiptinn, **10.** gras, **13.** útsæði, **15.** kvið, **16.** missir, **19.** holskrúfa.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** golf, **6.** af, **8.** tau, **9.** rás, **11.** um, **12.** glefs, **14.** áfram, **16.** tt, **17.** æfa, **18.** aur, **20.** ég, **21.** próf.

**LÓÐRÉTT: 1.** garg, **3.** ot, **4.** lausafé, **5.** fum, **7.** fálátur, **10.** sef, **13.** fræ, **15.** maga, **16.** tap, **19.** ró.

Takk fyrir vatnið
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

**ÞRÁINN HALLDÓR HALLDÓRSSON:** KOMST INN Í NORSKAN HERSKÓLA

# Líkt og í Full Metal Jacket

Þráinn Halldór Halldórsson er nýkominn heim úr inntökuprófum í Norska herskólanum. Hann líkir reynslunni við Full Metal Jacket. Hann hefur nám við herskólann 5. ágúst. 4500 sóttu um en í ár komust 711 inn í skólann.

Þráinn, sem er 21 árs, á ár eftir í hagfræði við Háskóla Íslands og starfar hjá Landsbankanum. Þá hefur hann unnið við Alþjóðlega kvikmyndahátíð og kvikmyndir.is. Þráinn segir áhugann hafa kviknað í herþjálfun hjá Heilsuakademíunni og seinna í Boot Camp. „Einn kunningi minn fór í inntökuprófin til að sjá hvernig þetta væri. Þá sá maður að þetta var raunhæfur möguleiki.“ Þráinn sendi inn umsókn í apríl með hjálp norska sendiráðsins og utanríkisráðuneytisins. Hann var í kjölfarið tekinn inn í tvö ár.

„Fyrsta hálfa árið fer í að læra hvernig á að meðhöndla vopnin og allt það sem viðkemur því að vera hermaður. Ég verð þarna í Norður-Noregi í talsverðum kulda. Eftir jól fer ég í aðeins meira bóklegt nám.“ Að því loknu vinnur hann hjá hernum í ár. „Ég loka ekki á áframhaldandi feril hjá þeim, en ég byrja á þessu allavega.“

Inntökuprófin tóku þrjár vikur og reyndu talsvert á. „Fyrsta vikan einkennist af líkamlegum prófum, viðtölum og læknisskoðunum. Þú vaknar klukkan hálf sex á morgnana og þrífur herbergið þitt. Eftir klukkutíma athuga þeir hvort það er nógu vel þrifið og hvort þú sért búinn að raka þig nógu vel. Síðan færðu korter til að smyrja þér morgunmat og hádegismat. Þá er farið af stað í æfingar, allt frá marseringum yfir í það hvernig á að meðhöndla beinbrot úti í skógi. Þú veist aldrei hvað er að fara að gerast næst.“

Aðra vikuna eru þeir svo sendir út í skóg að leysa ýmis verkefni. „Það er óhætt að segja að það er nokkuð mikið líkamlegt og andlegt álag þar. Af þessum sjö nóttum sem ég var þarna voru fjórar þar sem maður svaf ekkert, hinar svaf maður í mesta lagi tvo klukkutíma.“ Þriðja vikan er svo svipuð þeirri fyrstu, en gengið er frá öllum búnaði. Er þetta eins og í bíó? „Já, þú ert sendur í liðhlaup og látinn klifra yfir veggi og allt. Þrautirnar í Full Metal Jacket eru svipaðar þessu.“

Þráinn á hvorki börn né konu. „Það er voða lítið sem heldur mér hér.“ En hvað segir fjölskyldan? „Föður mínum finnst þetta mjög spennandi en mamma er kannski ekki alveg jafn sátt. En jú, ég mæti mjög miklum stuðningi.“

**kbs@frettabladid.is**



**ÚR HAGFRÆÐI Í HERINN** Þráinn lagði ýmislegt á sig til að komast í norskan herskóla. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**FRÉTTIR AF FÓLKI**



Mónitor kom út í gær og meðal helstu frétta tímaritsins er að **Ragnhildur Steinunn** Kastljósdrottning sé nú að vinna að gerð heimildarmyndar um kynskiptinginn Völu Grand. Er það RÚV sem stendur að myndinni en svo virðist sem Þórhalli Gunnarssyni dagskrárstjóra sé rammasta alvara með að leggja höfuðáherslu á heimildarmyndir í vetrardagskránni. En hvað þetta tiltekna verkefni varðar bregður svo við að Þórhallur vill ekki tjá sig um það einu orði.



**Ásgeir Þór Davíðsson** – Geiri á Goldfinger - kom nýverið á fót veitingastaðnum Steak'n Play á Grensásvegi en hefur nú auglýst veitingastaðinn til sölu. Ekki er aðeins um reksturinn að ræða heldur húseignina einnig. Sá sem sér um rekstur staðarins nú er Kristján Jósteinsson.

Fréttablaðið greindi frá því í gær að hinn frábæri leikari Eggert Þorleifsson mun fara með hlutverk hins litríka Fagins í væntanlegri sýningu Þjóðleikhússins. Eggert mun ekki einn hafa komið til greina þegar menn voru að velta því fyrir sér hver ætti að fara með þetta þakkláta hlutverk. Þannig segir sagan að **Stefáni Karli** hafi boðist gull og grænir skógar ef hann tæki hlutverkið að sér - en þetta hlutverk hefur verið efst á óskalista hins fyndna Hafnfirðings – en hann kom því ekki við. Þá mun Þröstur Leó hafa komið til greina en hann er fastráðinn við Borgarleikhúsið og þá má geta þess að Ólafur Egilsson (og Tinnu Þjóðleikhússtjóra) hreppti Grímuna fyrir þetta hlutverk þegar LA setti það upp fyrir þremur árum. **- jbg**



FISKBÚÐIN HAFBERG
Gnoðarvogi 44, s. 588 8686.

VILLTUR LAX
GLÆNÝ LÚÐA, SKÖTUSELUR
ÚRVAL FISKRÉTTA Á GRILLIÐ
Veljum íslenskt
opið mán-fös 10-18:15 og lau 11-14:00

# Kollywood horfir til Íslands

„Þetta er allt í skoðun en þeir hafa sýnt því áhuga að koma aftur,“ segir Grétar Örvarsson tónlistarmaður. Grétar var fararstjóri kvikmyndatökuliðs frá Kollywood sem tók upp tónlistaratriði fyrir kvikmyndir hér á landi fyrr í sumar. Tveir leikaranna sem komu hingað til lands, Suriya og Nayanthara, eru sannkallaðar stórstjörnur á Indlandi. Kvikmyndatökuliðið var ánægt með móttökurnar og fleiri landar þeirra hyggjast fylgja í kjölfarið.

„Þetta eru tvær grúppur sem eru áhugasamar um að koma í ágúst. Þetta gekk það vel síðast að það yrði bara gaman,“ segir Grétar en segir að ekkert sé frágengið ennþá. Kollywood-liðið sem er að íhuga Íslandsför hyggst einnig taka upp tónlistaratriði fyrir kvikmyndir, en slík atriði þykja ómissandi í þessum menningarheimi.



**TEKIÐ UPP Á ÍSLANDI** Stór nöfn í Kollywood voru við tökur á Jökulsárlóni fyrr í sumar.

Grétar er meira en til í að leiðbeina Indverjunum aftur um tökustaði á Íslandi. „Þetta var mjög skemmtilegt og lærdómsríkt. Indverjarnir eru harðduglegir, þeir vinna næstum allan sólarhringinn og gera allt mjög hratt. Einhver myndi kannski segja að þeir væru ekki eins skipulagðir og við eða Þjóðverjar …,“ segir Grétar í léttum tón. Hann segir að við Íslendingar gætum lært eitt og annað af indversku kvikmyndagerðarmönnunum: „Þeir eru passasamir með peningana sína. Þeir vilja bara borga rétt verð og helst alltaf fá afslátt. Ég held að við gætum lært mikið af því.“ **- hdm**





# 33 MILLJÓNIR Í EINU HÖGGI

Lottópotturinn er fimmfaldur og stefnir beinustu leið í **33 milljónir**.
Leyfðu þér smá Lottó!

Lottó

FARÐU Á NÆSTA SÖLUSTAÐ EÐA Á WWW.LOTTO.IS OG FÁÐU ÞÉR MIÐA

Fiton/SÍA FI030081

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja
**Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**










**BAKÞANKAR**
Brynhildar Björnsdóttur


## *Þó líði hár og öld*

Það er nokkuð ljóst að mannskepnan er að þróast hægt og rólega frá alhæri, það er að vera hærð frá toppi til táar nema kannski í lófum, á iljum og í andliti, yfir í það að vera alveg sköllótt. Eins og stendur erum við komin langleiðina í átt til hárleysis. Og af því að við þurfum alltaf að greina það sem er að koma fyrir okkur reynum við að vera á undan eða koma okkar eigin hugmyndum yfir á þessa þróun.

**Í DAG** má vera með hár á höfuðleðrinu og í kringum augun. Konur, og nú í seinni tíð karlar líka, ganga í gegnum gríðarlega sársaukafullar aðgerðir til að fjarlægja óvelkomið hár, sem er allt hitt hárið á líkamanum, og halda hinu hárinu, sem ekki bara má heldur á helst að vera, í réttum skorðum.

**KARLMÖNNUM** leyfist að safna hári í andliti og ber raunar skylda til þess að minnsta kosti einu sinni á ævinni að láta á andlitshárvöxt reyna. Fyrir þrjátíu árum þótti loðin bringa mikið karlmennskutákn en í dag reyna karlmenn að leyna hárvexti yfir hjartanu sem mest þeir mega og beita bæði rakvél og vaxi til að losna við þessa óæskilegu loðnu.

**KONUR** mega ekki vera með skegg. Á höfðinu eiga þær að vera mikið hærðar, ýmist stutt- eða síð-, og hárið á ýmist að vera liðað eða slétt og í einhverjum afbrigðum af svokölluðum náttúrulit. Hárið á augnlokunum á helst að vera þétt og mikið. Nokkuð fyrir ofan augun eiga að vera tvær mjóar hárrendur, helst ekki samvaxnar. Hár annars staðar á líkama kvenna er ekki æskilegt en þótti til prýði fyrir nokkrum áratugum.

**AFKOMENDUR** okkar verða allir hárlausir. Í hinu stóra samhengi hlutanna skiptir hárvaxtarstig dagsins í dag ekki neinu. Berlínarmúrinn, sem hafði gríðarleg áhrif á okkar samtíma, stóð ekki nema þrjátíu ár. Og sást aldrei frá tunglinu. Nú er sumar, fólk fæðist og deyr, verður ástfangið og fær freknur. Það sem við erum að ganga í gegnum núna hér á Íslandi á ekki eftir að taka margar blaðsíður í sögubókum framtíðarinnar. Það gerir okkur öll glaðari ef við hættum að hugsa um það í smástund.



## GÓÐAN DAG!

**Í dag er föstudagurinn 17. júlí 2009, 198. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 3.47 | 13.34 | 23.18 |
| Akureyri | 3.08 | 13.20 | 23.30 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


